Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Markúsar Ívarssonar, og er stofnaður af vinum hans með frjálsum samskotum, samkvæmt stofnskjali.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 20000.00 og skal ávaxta sjóðinn á þann hátt, sem stjórn hans telur fulltryggilegan.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja myndlistarmenn með kaupum á málverkum, sem afhendast síðan málverkasafni ríkisins, í sérstaka deild, er beri nafn Markúsar

9 Ívarssonar. Stjórn sjóðsins gengur að öðru leyti frá samningum við þessa ríkis-
9. febr. stofnun, um nánari tilhögun deildarinnar og val mynda.

4. gr.

Myndakaup skal hefja, þegar stjórn sjóðsins telur það tímabært, og skulu þau gerð á þann hátt, er stjórnin telur tryggilegastan frá listrænu sjónarmiði.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né heldur nota meir en $\frac{4}{5}$ hluta af vöxtum hans. Hinn hluti vaxtanna, svo og aðrar tekjur, skulu lagðar við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum og tilnefnið Menntamálaráð einn mann, Félag íslenzkra myndlistarmanna annan og Vélsmiðjan Héðinn hinn þriðja, og skal stjórn skipuð til þriggja ára frá 1. marz að telja. Falli tilnefning niður af hálfu einhvers hinna þriggja aðila, skipar menntamálaráðherra mann í staðinn, án tilnefningar.

Fyrsta stjórnin skal kosin á stofnfundi 10. febrúar 1944, og starfar hún til 1. marz 1947.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulags-
skrána, samþykktir og skýrslur um málverkakaup og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, skal stjórnin hafa samið reikning hans fyrir síðastliðið ár, og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, er sjóðstjórnin velur. Reikninga skal birta í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Sjóðurinn veitir gjöfum og áheitum viðtöku.

10. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa nú þegar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

10

REGLUGERÐ

12. febr.

um breyting á reglugerð nr. 132 28. des. 1936, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

12. gr. 2, d-liður, orðist þannig:

Nemandi hafi óflekkað mannorð og leggi fram vottorð sakadómarans í Reykjavík um, að hann hafi ekki á undanförunum 12 mánuðum verið sviptur ökuskirteini, né gerzt brotlegur við ákvæði um neyzlu eða meðferð áfengra drykkja.

2. gr.

16. gr. Ný málsgrein bætist inn á eftir annari málsgrein og orðist þannig: Þeir, sem lokið hafa sveinsprófi í bifvélavirkjun, skulu undanþegnir prófi í þeim atriðum, er greinir í a- og b-liðum 18. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og öðlast þegar gildi.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

10

12. febr.

REGLUGERÐ

fyrir læknisvitjanasjóð Þingvallahrepps í Árnassýslu.

11

15. febr.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Þingvallahrepps í Álafosslæknishéraði, og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja til læknisvitjana íbúa Þingvallahrepps eða auðvelda þeim lækniþjónunina á annan hátt, svo og að létta hreppsþúum aðrar sjúkdómsbyrðar og hlynna að heilbrigðismálum hreppsins yfirleitt.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórinn í Þingvallahreppi, og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd. Hreppstjórinn er formaður sjóðstjórnarinnar, og jafnframt reikn-ingshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 kr. á hvern íbúa Þingvallahrepps;
2. tillag hreppsins, er nemur á ári 1 kr. á hvern hreppsþúa;
3. áheit og aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast;
4. læknisvitjanastyrkur, sem veittur er eða veittur kann að verða.

5. gr.

Að liðnu hverju almanaksári og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum, að fengnum umsóknum þeirra, er styrks æskja. Umsækjendur senda umsóknir sínar ásamt skilríkjum til formanns sjóðstjórnarinnar.

6. gr.

Tillag ríkissjóðs, samkv. 1. tölulið 4. gr., ásamt tilskildu þriðjungsframlagi á móti (sbr. 1. gr. laga nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði), svo og læknisvitjana-styrk hreppsins samkv. 4. tölulið 4. gr., má aðeins verja til styrktar hreppsþúum, vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Hreppsþúar njóta að jafnaði læknisvitjana-styrkja úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum á árinu. Þó geta þeir ekki vænt slikra styrkja, sem ekki hafa orðið fyrir meiri kostnaði en svo, að

11 hann telst þeim ekki tilfinnanlegur, miðað við efnahag þeirra og ástæður. Að öðru 15. febr. jöfnu gangi þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta eftir því, sem við verður komið án þess að stofna því í hættu og þannig, að sá hluti þess, er verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, er til þess þarf að taka.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikning fyrir hvert liðið ár skal senda landlækni, áður en tillag ríkissjóðs til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

8. gr.

Ef sjúkrasamlag verður stofnað í hreppnum, semur sjúkrasamlagsstjórnin við sjóðstjórnina um að sjóðurinn hagi þannig starfsemi sinni, að samlagsmenn verði að öðru jöfnu eigi miður settir að því, er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir hrepps-
búar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 15. febrúar 1944.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

12

REGLUR

16. febr.

um innheimtu útsvara í Ísafjarðarkaupstað á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1944.

1. gr.

Sérhver útsvarsgreiðandi í Ísafjarðarkaupstað, sem gjaldskyldur er við aðal-
niðurjöfnun útsvara árið 1944, skal greiða upp í útsvar þessa árs 40% af útsvars-
upphæð þeirri, er honum bar að greiða árið 1943, með gjalddögum 1. marz, 1. apríl
og 1. maí 1944, að einum þriðja á hverjum gjalddaga.

2. gr.

Nú eru hreinar tekjur gjaldanda lægri árið 1943, samkvæmt skattaframtali, en
þær voru árið 1942, og getur hann þá krafizt hlutfallslegrar lækkunar á útsvars-
greiðslunni samkvæmt reglum þessum. Þetta gildir þó aðeins, ef tekjurýrnunin hefur
numið 30% eða þar yfir.

3. gr.

Nú eru greiðslur samkvæmt reglum þessum ekki inntar af höndum áður en 15
dagar eru liðnir frá hinum ákveðnu gjalddögum, og skal gjaldandi þá greiða dráttar-
vexti af því sem ógreitt er, 1% á mánuði eða hluta úr mánuði, sem liðinn er frá gjald-
daga, unz greitt er.

Þó verður sá gjaldandi ekki krafinn um dráttarvexti, sem greiðir að fullu 40%
af útsvarsupphæð sinni 1943 fyrir 20. apríl 1944.

4. gr.

Kaupgreiðendum ber skylda til að halda eftir af kaupum starfsmanna til útsvars-
greiðslu samkvæmt þessum reglum, á sama hátt og með sömu viðurlögum og gilda
um almenna útsvarsinnheimtu.

5. gr.

Nú kemur í ljós, er álagningu útsvara 1944 er lokið, að gjaldþegn hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu bæjarsjóðs.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 100 30. desember 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

REGLUR

um innheimtu útsvara í Hafnarfirði árið 1944.

1. gr.

Sérhver útsvarsgjaldandi í Hafnarfirði, sem gjaldskyldur er við aðalniðurlögnum árið 1944, skal greiða upp í útsvar þessa árs 40% af útsvarsupphæð þeirri, er honum bar að greiða 1943, með gjalddögum 1. marz, 1. apríl og 1. maí 1944, þannig að 1. marz greiðast 10%, 1. apríl 15% og 1. maí 15%.

2. gr.

Allar greiðslur samkvæmt þessum reglum skulu standa á hálfum eða heilum tug króna og þannig jafnað á gjalddagana, að greiðslurnar þrjár verði sem næst 40% af útsvarinu 1943.

3. gr.

Nú eru greiðslur samkvæmt reglum þessum ekki inntar af höndum 15 dögum eftir gjalddaga og skal gjaldþegn þá greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% á mánuði eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga, unz greitt er.

Þó verður sá gjaldþegn ekki krafinn um dráttarvexti, sem greiðir að fullu 40% fyrir 20. apríl 1944.

4. gr.

Nú er sýnt að tekjur gjaldanda árið 1943, samkvæmt skattframtali, hafi verið minni en árið 1942, svo að muni 30% eða meira, og skal þá lækka greiðslur hans samkvæmt reglum þessum hlutfallslega ef hann krefst þess.

5. gr.

Kaupgreiðanda ber skylda til að halda eftir af kaupi starfsmanna til útsvarsgreiðslu samkvæmt þessum reglum, á sama hátt og með sömu viðurlögum og gilda um almenna útsvarsinnheimtu, með þeim breytingum sem leiðir af ákvæðum 2. gr.

Kaupgreiðendum er skylt að halda eftir útsvarsgreiðslum greiðsluskyldra starfsmanna, sem þeir hafa greitt fyrir útsvör ársins 1943, án þess að tilkynna þurfi þeim sérstaklega, á annan hátt en með birtingu þessara reglna.

6. gr.

Nú verður ljóst, eftir aðalniðurlögnum 1944, að greiðslur gjaldþegns á 40% af útsvari 1943 samkvæmt reglum þessum, nema hærri fjárhæð en álagt útsvar 1944,

13 og skal þá endurgreitt það, sem ofgreitt hefur verið með ½% vöxtum fyrir hvern 17. febr. mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlum bæjarsjóðs eftir rétta gjalddaga, að meðtöldum 15 daga frestinum samkvæmt 3. gr.

7. gr.

Að lokinni aðalniðurjöfnun árið 1944 skal dregið frá útsvarsupphæð hvers gjaldþegns, það sem honum ber að greiða samkvæmt reglum þessum, og jafna því, sem umfram verður, á lögakveðna gjalddaga, að viðlögðum gildandi sektarákvæðum um dráttarvexti.

Það, sem vangreitt kann að verða samkvæmt reglunum, má innheimta þegar í stað hjá kaupgreiðanda, eða á hvern annan löglegan hátt, og ber að greiða af því dráttarvexti frá gjalddögum samkvæmt reglum þessum.

8. gr.

Lögtak má gera fyrir vangoldnum útsvarsgreiðslum samkvæmt reglum þessum, eftir þeim ákvæðum, sem gilda um lögtök fyrir vangoldnum opinberum gjöldum.

9. gr.

Bæjarstjórn auglýsir reglur þessar.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 100 30. desember 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1944.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

14

17. febr.

REGLUR**um innheimtu útsvara í Reykjavík árið 1944.**

1. gr.

Sérhver útsvarsgjaldandi í Reykjavík, sem gjaldskyldur er við aðalniðurjöfnun árið 1944, skal greiða upp í útsvar þessa árs 40% af útsvarsupphæð þeirri, er honum bar að greiða árið 1943, með gjalddögum 1. marz, 1. apríl og 1. maí 1944, sem næst 13% af útsvarinu 1943 hverju sinni.

2. gr.

Allar greiðslur samkv. þessum reglum skulu standa á heilum eða hálfum tug króna og þannig jafnað á gjalddagana, að greiðslurnar þrjár verði sem næst 40% af útsvarinu 1943.

3. gr.

Nú eru greiðslur samkv. reglum þessum ekki inntar af höndum 15 dögum eftir gjalddaga og skal gjaldþegn þá greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% á mánuði eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga, unz greitt er.

Þó verður sá gjaldþegn ekki krafinn um dráttarvexti, sem greiðir að fullu 40% af útsvarinu 1943 fyrir 20. apríl 1944.

4. gr.

Nú er sýnt, að tekjur gjaldanda árið 1943 samkv. skattaframtali hafi verið minni en árið 1942, svo að muni 30% eða meira, og skal þá lækka greiðslur hans samkv. reglum þessum hlutfallslega, ef hann krefst þess.

14

17. febr.

5. gr.

Kaupgreiðendum ber skylda til að halda eftir af kaupi starfsmanna til útsvarsgreiðslu samkv. þessum reglum á sama hátt og með sömu viðurlögum og gilda um almenna útsvarsinnheimtu, með þeim breytingum, sem leiða af ákvæðum 2. greinar.

Kaupgreiðendum er skylt að halda eftir útsvarsgreiðslum gjaldskyldra starfsmanna, sem þeir hafa greitt fyrir útsvör ársins 1943, án þess að tilkynna þurfi þeim sérstaklega, á annan hátt en með birtingu þessara reglna.

6. gr.

Nú verður ljóst, eftir aðalniðurfjöfnun 1944, að greiðslur gjaldþegns á 40% útsvari 1943 samkv. reglum þessum, nema hærri fjárhæð en álagt útsvar 1944, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt hefur verið, með ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu bæjarsjóðs, eftir rétta gjalddaga, að meðtöldum 15 daga frestinum samkv. 3. grein.

7. gr.

Að lokinni aðalniðurfjöfnun árið 1944 skal dregið frá útsvarsupphæð hvers gjaldþegns það sem honum ber að greiða samkv. reglum þessum og jafna því, sem umfram verður, á lögákveðna gjalddaga, að viðlögðum gildandi sektarákvæðum um dráttarvexti.

Það, sem vangreitt kann að vera samkv. reglunum, má innheimta þegar í stað hjá kaupgreiðanda, eða á hvern annan löglegan hátt, og ber að greiða af því dráttarvexti frá gjalddögum samkv. reglum þessum.

8. gr.

Lögtak má gera fyrir vangoldnum útsvarsgreiðslum samkv. reglum þessum, eftir þeim ákvæðum, sem gilda um lögtök fyrir vangoldnum opinberum gjöldum.

9. gr.

Bæjarstjórn getur auglýst reglur þessar í dagblöðum bæjarins, auk þess sem þær verða birtar í Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindum, en aðrar tilkynningar eða auglýsingar þarf ekki að birta gjaldendum eða kaupgreiðendum út af reglum þessum.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 100 30. desember 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1944.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ**um skömmtun á kaffibæti.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Bannað er að selja kaffibæti, nema gegn sérstökum seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar eða sérstökum innkaupsleyfum frá skömmtunarskrifstofu ríkisins.

2. gr.

Hverjum manni, sem náð hefur 12 ára aldri þegar reglugerð þessi öðlast gildi, skal afhentur skömmtunarseðill fyrir 250 gr. af kaffibæti.

Nánari reglur um fyrirkomulag úthlutunarinnar setur skömmtunarskrifstofa ríkisins.

3. gr.

Kaffibætisverksmiðjur mega ekki láta af hendi kaffibæti til smásöluverzlana eða annarra, nema gegn innkaupsleyfum, sem út eru gefin af skömmtunarskrifstofu ríkisins og er jafnframt óheimilt að láta af hendi hráefni til kaffibætisgerðar. Þær skulu og gefa skömmtunarskrifstofunni hvenær sem krafizt er hvers konar skýrslur um framleiðslu, birgðir og sölu sína af þessari vöru og hráefni í hana.

4. gr.

Smásöluverzlanir skulu senda skömmtunarskrifstofu ríkisins, svo oft sem hún telur þess þörf, skýrslur um innkaup, sölu og birgðir af kaffibæti.

Enn fremur skulu smásöluverzlanir afhenda hlutaðeigandi úthlutunarstjóra í byrjun hvers mánaðar seðla þá, sem afhent hefur verið út á í síðastliðnum mánuði. Seðlana sendir svo úthlutunarstjóri til skömmtunarskrifstofunnar, þegar hann hefur lokið endurtalningu á þeim.

5. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins afhendir veitingahúsum, gistihúsum, sjúkrahúsum o. þ. h. stofnunum innkaupsleyfi fyrir því magni af kaffibæti, sem þeim kann að verða heimilað að nota.

6. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka kaffibætisbirgðir framleiðenda og verzlana og hráefnabirgðir framleiðenda.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 krónum og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. marz 1944.

Viðskiptamálaráðuneytið, 22. febrúar 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Patreksfjarðarkauptún.

16

18. febr.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Patreksfjarðarhöfn takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin frá Vatneyrarodda í hásuður. Tvær vörður skulu settar á Vatneyrarodda, og sýni þær stefnu þessa. Að sunnan takmarkast höfnin af línu, er hugsast dregin úr Þúfneyrarodda og myndar rétt horn við áður nefnda línu. Að norðan og austan takmarkast höfnin af strandlengjunni milli endapunkta áður greindra lína.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Patreksshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en hafnarnefnd fer með framkvæmd þeirra í umboði hreppsnefndar. Hafnarnefnd skal skipuð þremur mönnum, sem hreppsnefnd kys til fjöggra ára í senn, að afstöðnum hreppsnefndarkosningum. Hreppsnefnd ákveður hver skuli vera formaður hafnarnefndar, og er hann jafnframt hafnarstjóri. Að öðru leyti skiptir hafnarnefnd með sér verkum.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI

Hafnarsjóður.

3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist hafnarsjóður. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð. Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til byggingu hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, og til kaupa á landi í þarfir hafnarinnar.

Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins, eða binda það í lánun til þeirra.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

4. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

16 18. febr. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

5. gr.

Í hverju skipi, — að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lægi hafnarinnar, — skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

6. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skyld er að hafa trygggar hlífar milli skips og virkis, eða bryggju, ef krafizt er.

7. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum standi hættu af því.

Ekki má hleypta vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

8. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar, sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt, að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

9. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slík mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hættu stafi af því. Brot gegn því varða sektum frá 20 til 500 krónum, og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

10. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt næst eiganda.

11. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd tekur gildan.

12. gr.

Um lýsingu slikra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

16

18. febr.

VI. KAFLI

Um almenna reglu.

13. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipun hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

14. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð, og sérstaklega skal gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eða úr landi eigi sér ekki stað.

15. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljóss í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavélum skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfinnrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

16. gr.

Öll skip og bátar, sem mæld eru til lestatals, skulu greiða hafnargjald í hvert skipti, er þau koma á Patreksfjarðarhöfn og hafa eitthvað samband við land. Þó með þeim undantekningum, er síðar segir.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

17. gr.

- a. Öll aðkomuskip, 12 smálestir brúttó eða stærri, skulu greiða í lestagjald 10 aura af hverri smálest. Lægsta gjald skal þó vera 5 krónur. Íslensk strandferða- og millilandaskip, sem á venjulegum tíma sigla eftir föstum auglýstum áætlunum, greiða þó aldrei meira en 50 aura af nettósmálest á ári.
- b. Aðkomubátar minni en 12 smálestir brúttó, skulu greiða í lestagjald 2 krónur í hvert sinn.
- c. Þilskip, sem eru eign manna búsettra á Patreksfirði, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári. Eina krónu af hverri smálest, með gjalddaga 1. október. Minnsta gjald skal þó vera 15 krónur.

- 16** d. Opnir vélbátar greiða 5 krónur á ári, með gjalddaga 1. október. Allir aðrir
18. febr. bátar greiða 2 krónur á ári, með sama gjalddaga.

18. gr.

Dilskip, sem lagt er við föst legugögn á Patreksfjarðarhöfn, skulu greiða fyrir það aukalega kr. 15 á ári, með gjalddaga 1. október. Opnir bátar, með eða án vélar, greiði fyrir það 5 krónur á ári, með sama gjalddaga.

19. gr.

Heimilt er hafnarnefnd að semja við báta og skip undir 60 brúttósmálestum, sem oft eiga erindi á höfnina, að greiða hafnargjald einu sinni á ári

20. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og lifandi skenpum, sem fermdar eru eða affermdar á Patreksfjarðarhöfn, með þeim undantekningum, sem um getur hér á eftir.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskirteini skipa, eru ákveðnar til umhleðslu, og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land, og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé það ákveðið samkvæmt farmskrá skipsins, greiðist ekkert gjald.

21. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta, fluttar úr landi.
- b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
- c. Hey, sem íbúar Patreksahrepps hafa aflað eða látið afla.
- d. Ný mjólk og ílát, er henni fylgja.

22. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur til að láta hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar í té afrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar ástæða til, getur hún hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hentugast þykir. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef fleiri en ein vörutegund eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá.

23. gr.

Vörugjaldskrá.

Vörugjald skal greiða af inn- og útfluttum vörum, sem hér segir (sbr. þó 20. og 21. gr.):

1. flokkur. Kol, salt, sement og hey: 15 aura fyrir hver 100 kg.
2. — Steinolía, benzín og jarðolíur: 20 aurar fyrir hverja heila tunnu.
3. — Smurningsolíur alls konar: 50 aurar fyrir hverja heila tunnu.
4. — Tómar tunnur upp- eða óuppsettar: 5 aurar fyrir hverja.
5. — Timbur: 4 aurar fyrir hvert teningsfet.
6. — Þurr bein: 15 aurar fyrir hver 100 kg.
7. — Þurr fiskur: 25 aurar fyrir hver 100 kg.
8. — Saltfiskur: 15 aurar fyrir hver 100 kg.
9. — Frystur fiskur: 40 aurar fyrir hver 100 kg.

10. flokkur. Nýr fiskur, slægður: 10 aurar fyrir hver 100 kg.
11. — Nýr flatfiskur, slægður: 40 aurar fyrir hver 100 kg.
12. — Blaut bein: 2 aurar fyrir hver 100 kg.
13. — Kjöt, saltað: 80 aurar fyrir hverja heila tunnu.
14. — Kindakjöt, nýtt: 12 aurar fyrir hvern kropp.
15. — Kindakjöt, freðið: 15 aurar fyrir hvern kropp.
16. — Beitufiskur, frosinn: 25 aurar fyrir hver 100 kg.
17. — Ull: 40 aurar fyrir hver 100 kg.
18. — Gærur: 3 aurar fyrir hvert bindi (ca. 7 kg).
19. — Aðrar húðir og skinn, saltað: 50 aurar fyrir hver 100 kg.
20. — Hestar og nautgripir: 100 aurar fyrir hvern grip.
21. — Sauðfé, geitfé og svín: 25 aurar fyrir hvert stykki.
22. — Alifuglar: 5 aurar fyrir hvern fugl.
23. — Loðdýr: 50 aurar fyrir hvert dýr.
24. — Bátar og bifreiðar: 5 krónur fyrir hvert stykki.
25. — Lýsi: 25 aurar fyrir hvert fat.
26. — Tóbak og sælgætisvörur: 25 aurar fyrir hver 10 kg.
27. — Vefnaðarvörur, aðrar en hessian: 15 aurar fyrir hver 100 kg.
28. — Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd: 50 aurar fyrir hver 100 kg, þó 25 aurar fyrir hvert einstakt stykki, ná það ekki 25 kg þunga.
29. — Aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli: 8 aurar fyrir hvert teningsfet.

16

18. febr.

VIII. KAFLI

Um bryggjugjald.

24. gr.

1. Gjöld af bryggju hafnarsjóðs.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem liggur við bryggju, skal greiða bryggjugjald miðað við nettóstærð skipsins. Gjaldið skal greiða fyrir hverjar 24 klst. eða minna. Varðskip eru þó undanþegin bryggjugjaldi.

Gjöldin greiðast sem hér segir:

- Af öllum skipum 15 smálestir brúttó eða stærri, greiðist 8 aurar af hverri nettó smálest. Minnsta gjald skal þó vera tvær krónur.
- Af öllum aðkomubátum undir 15 smálestum brúttó greiðist 1 kr.
- Bátar, heimilisfastir á Patreksfirði, 5 til 15 smálestir brúttó, greiði 30 krónur á ári, með gjalddaga 1. okt.
- Minni bátar, heimilisfastir á Patreksfirði, greiði 5 krónur á ári, með sama gjalddaga.

Heimilt er hafnarnefnd að semja við aðkomubáta, 15 smálestir brúttó eða minni, um fast árgjald.

25. gr.

2. Gjald af bryggjum og geymsluskípum einstakra manna og félaga.

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sinum eigin skipum.

26. gr.

3. Fyrir að leggja skipi í fjöru o. fl.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerða, skal greiða 5 auru af hverri nettó smálest skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem heima eiga á Patreksfirði.

16

18. febr.

Fyrir kjölfestu, tekna í landi hafnarinnar, greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

27. gr.

IX. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

28. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

29. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu allra hafnar- og bryggjugjalda, sem innheimta skal samkvæmt reglugerð þessari. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipi, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjalda þessara. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjald dagar á gjöldum þessum, skal greiða þau áður en skipið fer burtu úr höfninni.

30. gr.

Vörugjald það, er um getur í 20. til 23. gr., greiði eigandi vörunnar eða umboðsmaður hans. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu gjalds þess, er um getur í 20. gr.

Sendandi ber ábyrgð á greiðslu gjalds þess af útfluttum vörum, er um getur í 23. gr. Viðtakandi ber ábyrgð á greiðslu gjalds þess, er um getur í 23. gr., af innfluttum vörum.

Auglýstar skipaafgreiðslur skulu standa skil á gjöldum þessum til hafnarsjóðs af vörum þeim, sem um þær fara.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldanna.

Vörugjald fellur í gjalddaga við feringu eða affermingu vörunnar.

31. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

32. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

33. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

34. gr.

16

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20 til 1000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Patreksfjarðarkauptúns.

18. febr.

35. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 67 4. júlí 1942, til þess að öðlast gildi 1. marz 1944 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð nr. 18 9. janúar 1939.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. febrúar 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REIKNINGUR

17

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands árið 1943.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun (Stj.tið. 1943, bls. 15)	kr. 580686.62
2. Innlög á árinu	— 57065.18
3. Vextir á árinu:	
a. Af lánum	kr. 11825.92
b. — verðbréfum	— 11720.40
c. — innstæðu í banka	— 3464.32
	— 27010.64
4. Endurgreitt af lánum	— 29447.59
5. Til jafnaðar við gjaldlið 2	— 18500.00
6. Til jafnaðar við gjaldlið 4	— 35683.27
	<hr/>
	Kr. 748393.30

Gjöld:

1. Úttekið af inneignum	kr. 9145.56
2. Lán veitt á árinu	— 18500.00
3. Kostnaðarreikningur	— 4183.70
4. Vaxtaafgangur	— 35683.27
5. Til jafnaðar við tekjulið 4	— 29447.59
6. Eign í árslok:	
a. Í lánum kirkna	kr. 253968.98
b. Í skuldabréfum	— 249230.00
c. Í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands	— 148234.20
	— 651433.18
	<hr/>
	Kr. 748393.30

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

SKÝRSLA

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði Íslands árið 1943.

Kirkjur	Eign í árs- lok 1942.	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1943
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
N.-Múlaprófastsdæmi:					
1. Skeggjastaðakirkja ..	3946.89	»	»	118.41	4065.30
2. Hofteigskirkja	3475.63	»	300.00	95.27	3270.90
3. Kirkjubæjarkirkja ...	9637.43	»	»	289.12	9926.55
4. Hjaltastaðarkirkja ...	2470.41	»	»	74.11	2544.52
5. Eiðakirkja	1312.24	»	»	39.38	1351.62
6. Ásskirkja í Fellum ..	7575.51	116.90	»	228.15	7920.56
7. Valþjófsstaðarkirkja .	3520.53	32.35	»	105.86	3658.74
8. Hofskirkja í V.f.	2529.85	»	»	75.90	2605.75
9. Sleðbrjótiskirkja	116.28	»	»	3.49	119.77
S.-Múlaprófastsdæmi:					
10. Vallaneskirkja	7.77	»	»	0.23	8.00
11. Þingmúlakirkja	1470.64	»	»	44.12	1514.76
12. Klippstaðarkirkja	787.90	»	»	23.64	811.54
13. Vestdalseyrarkirkja .	33.80	»	»	1.01	34.81
14. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	»	»	»	2.45
15. Neskirkja í Norðf. ..	18.26	»	»	0.55	18.81
16. Stöðvarkirkja	17.51	»	»	0.53	18.04
17. Eydalakirkja	10957.13	»	»	328.71	11285.84
18. Hofskirkja í Álftaf. .	578.01	»	»	17.34	595.35
19. Kolfreyjustaðark. ...	412.83	»	»	12.38	425.21
A.-Skafafellsprófastsdæmi:					
20. Stafafellskirkja	3878.26	»	»	116.35	3994.61
21. Einholtskirkja	1.24	»	»	»	1.24
22. Kálfafellsstaðarkirkja	70.99	»	»	2.13	73.12
23. Hofskirkja í Öræfum	9451.73	»	»	283.55	9735.28
V.-Skafafellsprófastsdæmi:					
24. Prestsbakkakirkja ...	6040.77	»	»	181.22	6221.99
25. Reyniskirkja	624.95	1500.00	»	48.75	2173.70
26. Grafarkirkja	2620.81	»	»	78.62	2699.43
27. Kálfafellskirkja	1902.01	270.00	»	57.73	2229.74
28. Skeiðflataarkirkja	108.26	»	»	3.25	111.51
29. Langholtskirkja	7140.91	»	»	214.23	7355.14

Kirkjur	Eign í árs- lok 1942	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1943
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Rangárvallaprófastsdæmi:					
30. Stórolfshvolskirkja ..	37.92	150.00	»	2.64	190.56
31. Oddakirkja	69.09	»	»	2.07	71.16
32. Kálfholtskirkja	104.47	»	»	3.13	107.60
33. Krosskirkja	2643.58	200.00	»	81.31	2924.89
34. Ásólfsskálakirkja	21.78	»	»	0.65	22.43
35. Eyvindarhólakirkja ..	5526.09	»	»	165.78	5691.87
36. Breiðabólstaðark.	29.08	»	»	0.87	29.95
37. Skarðskirkja	671.10	326.80	»	25.03	1022.93
38. Landakirkja í Vestm.	19.35	»	»	0.58	19.93
39. Stóradalskirkja	204.77	600.00	»	13.64	818.41
40. Keldnakirkja (Bygg- ingarsjóður)	1000.00	»	»	30.00	1030.00
Árnessprófastsdæmi:					
41. Mosfellskirkja í Grn. .	1611.46	»	»	48.34	1659.80
42. Þingvallakirkja	938.30	»	»	28.15	966.45
43. Strandarkirkja	247315.15	27248.74	257.50	7735.79	282042.18
44. Haukadalskirkja	157.09	»	»	4.71	161.80
45. Gaulverjabæjark.	182.94	»	»	5.49	188.43
46. Hraungerðiskirkja ...	27.19	1000.00	»	15.72	1042.91
47. Stokkseyrarkirkja ...	3115.00	1000.00	»	115.95	4230.95
48. Ólafsvallakirkja	809.43	200.00	»	28.28	1037.71
49. Miðdalskirkja	126.99	75.00	»	4.93	206.92
50. Eyrarbakakirkja ...	984.08	»	»	29.52	1013.60
51. Kotstrandarkirkja ...	43.21	»	»	1.30	44.51
Kjalarnessprófastsdæmi:					
52. Grindavíkurkirkja ...	2027.88	1000.00	»	65.84	3093.72
53. Brautarholtskirkja ..	243.03	»	»	7.29	250.32
54. Reynivallakirkja	2967.24	»	»	89.02	3056.26
55. Lágafellskirkja	29.26	»	»	0.89	30.14
56. Njarðvíkurkirkja	56.54	»	»	1.70	58.24
57. Útskálakirkja	8.47	»	»	0.25	8.72
58. Hvalsneskirkja	1032.08	»	»	30.96	1063.04
59. Kálfatjarnarkirkja ...	»	3000.00	»	75.00	3075.00
Borgarfjarðarprófastsd.:					
60. Saurbæjarkirkja	1765.65	»	»	52.97	1818.62
61. Hallgrímsk. í Saurbæ .	38683.26	2569.01	»	1192.65	42444.92
62. Reykoltskirkja	3850.64	»	»	115.52	3966.16
63. Lundarkirkja	11.80	»	»	0.35	12.15
64. Bæjarkirkja	42.63	»	»	1.28	43.91
65. Gilsbakkakirkja	612.25	»	»	18.37	630.62

17

Kirkjur	Eign í árs- lok 1942	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1943
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Mýrprófastsdæmi:					
66. Stafholtskirkja	12153.00	»	»	364.59	12517.59
67. Síðumúlakirkja	69.48	»	»	2.08	71.56
68. Hvammskirkja	2601.40	»	»	78.04	2679.44
69. Borgarkirkja	3387.81	»	»	101.63	3489.44
70. Álftártungukirkja	314.64	»	»	9.44	324.08
71. Kirkjusj. Borgarness .	5382.00	»	»	161.46	4543.46
Snæfellsnesprófastsdæmi:					
72. Breiðabólstaðarkirkja	1947.73	»	»	58.43	2006.16
73. Narfeyrarkirkja	815.12	»	»	24.45	839.57
74. Ytri-Rauðamelskirkja	925.71	»	»	27.77	953.48
75. Kolbeinsstaðakirkja .	4.84	»	»	»	4.84
76. Kirkjusj. Kviabryggju	6589.78	»	»	197.69	6787.47
77. Setbergskirkja	»	400.00	»	9.00	409.00
Dalaprófastsdæmi:					
78. Stóra-Vatnshornsk. ..	23.58	»	»	0.71	24.29
79. Snóksdalskirkja	4523.90	»	»	135.72	4659.62
80. Hvammskirkja	42.15	»	»	1.26	43.41
81. Staðarhólskirkja	211.14	»	»	6.33	217.47
Barðastrandarprófastsd.:					
82. Selárdalskirkja	72.26	»	»	2.17	74.43
83. Sauðlauksdalskirkja .	4499.71	»	»	134.99	4634.70
84. Staðark. á Reykjanesi	1299.92	28.68	»	39.32	1367.92
85. Flateyjarkirkja	366.92	»	320.06	6.21	53.07
86. Gufudalskirkja	1179.81	»	»	35.39	1215.20
87. Brjánslækjarkirkja ..	18.68	»	»	0.56	19.24
88. Reykhólakirkja	1326.33	»	»	39.79	1366.12
89. Stóra-Laugardalsk. ..	211.14	100.00	»	6.58	317.72
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
90. Holtsk. í Önundarf. .	749.27	»	»	22.48	771.75
91. Mýrakirkja	3292.86	2600.00	»	98.79	5991.65
92. Sæbólakirkja	2.35	400.00	»	6.07	408.42
93. Staðark. í Súg.f. ...	104.73	»	»	3.14	107.87
94. Hraunskirkja	2259.65	»	»	67.79	2327.44
95. Núpiskirkja	1508.75	»	1468.00	19.62	60.37
N.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
96. Ísafjarðarkirkja	8950.28	10000.00	»	468.51	19418.79
97. Vatnsfjarðarkirkja ...	»	400.00	»	»	400.00
98. Melgraseyrarkirkja ..	»	100.00	»	1.25	101.25

Kirkjur	Eign í árs- lok 1942	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1943
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Strandaprófastsdæmi:					
99. Staðark. í Stgrf.	6612.50	»	»	198.37	6810.87
100. Prestsbakkak.	3609.30	»	»	108.28	3717.58
101. Staðark. í Hrf.	1745.71	»	»	52.37	1798.08
102. Árnasskirkja	5111.45	»	»	153.34	5264.79
103. Óspakseyrark.	14.03	»	»	0.42	14.45
Húnavatnsprófastsdæmi:					
104. Staðarbakkakirkja ..	70.22	»	»	2.11	72.33
105. Melstaðarkirkja	5411.69	»	5400.00	122.64	134.33
106. Hofskirkja á Skg. ..	1732.72	»	»	51.98	1784.70
107. Bergsstaðakirkja	253.50	200.00	»	7.60	461.10
108. Höskuldsstaðak. ...	2418.92	»	»	72.57	2491.57
109. Efranúpskirkja	28.20	»	»	0.85	29.05
110. Blönduósskirkja	447.10	552.90	»	24.47	1024.47
111. Spákonufellskirkja .	19.43	»	»	0.58	20.01
112. Tjarnarkirkja á Vn.	3.94	»	»	»	3.94
113. Auðkúlukirkja	1731.86	»	»	51.96	1783.82
Skagafjarðarprófastsdæmi:					
114. Sauðárkróskirkja ..	1820.79	»	»	54.62	1875.41
115. Rípurkirkja	12.04	»	»	0.36	12.40
116. Glaumbæjarkirkja ..	15.60	»	»	0.47	16.07
117. Mælifellskirkja	17.17	»	»	0.52	17.69
118. Barðskirkja	4766.05	»	»	142.98	4909.03
119. Hólakirkja	112.32	»	»	3.37	115.69
120. Goðdalakirkja	1634.21	300.00	»	52.78	1986.99
121. Miklabæjarkirkja ..	1813.97	»	»	54.42	1868.39
122. Flugumýrarkirkja ..	28.88	»	»	0.87	29.75
123. Ketukirkja	1105.00	»	»	33.15	1138.15
124. Viðvíkurkirkja	1019.90	»	»	30.60	1050.50
125. Hvammskirkja í L.d.	570.81	»	»	17.12	587.93
126. Knappsstaðakirkja ..	493.38	»	»	14.80	508.18
127. Fellskirkja í Sl.	11.20	»	»	0.34	11.54
Eyjafjarðarprófastsdæmi:					
128. Grímseyjarkirkja ...	32.75	»	»	0.98	33.73
129. Glæsibæjarkirkja ..	216.00	»	»	6.48	222.48
130. Kaupangskirkja	10.39	»	»	0.31	10.70
131. Saurbæjarkirkja	7533.15	»	»	225.99	7759.14
132. Munkaþveráarkirkja .	14894.29	»	1400.00	430.83	13925.12
133. Lögmannshliðark. .	184.69	»	»	5.54	190.23
134. Bægisáarkirkja	182.54	100.00	»	6.48	289.02
135. Vallakirkja	47.72	»	»	1.43	49.15
136. Tjarnarkirkja	15.22	»	»	0.46	15.68

17

Kirkjur	Eign í árs- lok 1942	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1943
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
137. Stærri-Árskógsk. ...	0.63	»	»	»	0.63
138. Möðruvallak. í Hörg.	»	2350.00	»	29.38	2379.38
S.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
139. Laufáskirkja	990.98	»	»	29.73	1020.71
140. Hálskirkja	1136.82	»	»	34.10	1170.92
141. Þóroddsstaðarkirkja	292.71	»	»	8.78	301.49
142. Skútustaðakirkja ...	76.10	»	»	2.28	78.38
143. Brettingsstaðak.	1083.60	244.80	»	33.73	1362.13
144. Illugastaðakirkja ...	16.00	»	»	0.48	16.48
145. Grenjaðarstaðark. ..	5140.54	»	»	154.22	5294.76
146. Grenivíkurkirkja ...	2002.80	»	»	60.08	2062.88
147. Þönglabakkakirkja .	2836.65	»	»	85.10	2921.75
148. Neskirkja í Aðaldal .	228.29	»	»	6.85	235.14
N.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
149. Skinnastaðarkirkja .	1202.84	»	»	36.09	1238.93
150. Presthólakirkja	110.39	»	»	3.31	113.70
151. Ásmundarstaðarkirkja	1.19	»	»	»	1.19
152. Svalbarðskirkja	7095.40	»	»	212.86	7308.26
153. Viðirhólskirkja	1.38	»	»	»	1.38
154. Sauðaneskirkja	145.54	»	»	4.37	149.91
Samtals	550625.24	57065.18	9145.56	17205.05	615749.91

Athugasemd.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 35683.27, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 615749.91, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 651433.18.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 11. tbl. Lögbirtingablaðsins 18
1944, um endurnýjun ferðaskírteina skipa samkvæmt boði brezku 28. febr.
flotastjórnarinnar.**

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt islenzku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll islenzk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. marz 1944 ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

REGLUGERÐ

19
25. febr.

um styrkveitingar til sjúklinga með alvarlega, langvinna sjúkdóma.

1. gr.

Auk sjúklinga, sem haldnir eru berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómi og geðveiki, svo og fávita, ofdrykkjumanna og eiturlyfjaneytenda, koma til greina við styrkveitingar samkvæmt 1. tölulið 1. greinar laga nr. 78 23. júní 1936 sjúklingar, sem haldnir eru öðrum alvarlegum, langvinnnum sjúkdómi, enda sé sjúkdómurinn í eðli sínu langvinnur (kroniskur) og komið hafi í ljós eða fastlega megi gera ráð fyrir, að hlutaðeigandi sjúklingur þarfnist sér til lækningar sjúkrahúsvistar misserum saman, eða siendurtekinnar sjúkrahúsvistar árum saman. Elli og sjúkdómar þeir, er almennt teljast til ellikramar, koma hér ekki til greina.

2. gr.

Sjúkdómar í eðli sínu langvinnir teljast í þessu sambandi meðal annarra:

1. Mænusótt með tilliti til eftirstöðva hennar.
2. Heilaæxli.
3. Aðrir lífshættulegir sjúkdómar, sem þarfnast aðgerða, er leita verður út úr landinu.
4. Sykursýki.
5. Mergruni (anaemia pernicioosa).

3. gr.

Nú er sjúklingur úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt ákvæðum laga nr. 78 23. júní 1936, sbr. lög nr. 92 16. desember 1943, um breyting á þeim lögum, og á þá sjúkl-ingurinn rétt á styrk samkvæmt ákvæðum 4. greinar hinna fyrr nefndu laga einnig til að standast kostnað af nauðsynlegri sjúkrahúss- eða hælisvist á næstliðnum tveimur árum, að frádregnum kostnaði af fimm fyrstu vikunum, er þeir eiga í hlut, sem skyldutryggðir eru í sjúkrasamlagi. Endurgreiðsla sjúkrahúss- eða hæliskostnaðar, sem á hefur fallið fyrir þann tíma, er lög nr. 92 16. desember 1943 gengu í gildi, kemur þó ekki til greina, en rétt er að taka tillit til þeirrar sjúkrahúss- eða hælisvistar, þegar ákveðið er, hvenær styrkveiting skuli hefjast.

19 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 16. desember 1943, um breyting
25. febr. á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, til að
öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

20
29. febr.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 15
13. janúar 1941.

Í 6. gr. reglugerðarinnar í stað orðanna „1. júlí“ komi: 1. apríl.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið
og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að
öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 29. febrúar 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

21
3. marz

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Bolungavík.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kaптúninu skal falin þriggja manna nefnd og eiga sæti í
henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og
einn maður sem hreppsnefndin kys til fjögurra ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með,
að fyrrmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu fram-
fylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppstjóra eða slökkviliðs-
stjóra.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kaптúnið skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Bolungavíkurkaптúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi
slökkvitæki og áhöld: 10 brunahana á vatnsleiðslum kaптúnsins, 200 metra slöngur
með tengslum, 2 brunalúðra, áhaldakerru og áhaldasleða, brunasegl og hjörgunar-
segl, auk annarra minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Ef brunamála-
nefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda

hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leita umsagnar Brunabótafélags Íslands. **21**

3. marz

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkviltækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkviltæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðs vegar í kaupúninu, er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

6. gr.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki hreppsnefndar, látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eigin kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviahöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum, og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað, þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr kaupúninu í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

21

3. marz

8. gr.
Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaup-
túninu, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símastjóra, og þeim mönnum,
sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sé ekki færir til vinnu,
eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða,
að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn:
Slökkviliðsstjóri, vara-slökkviliðsstjóri, 22 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra eftir tillögum
brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir
tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkvi-
liðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra
stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstr-
inum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefur verið úr liðinu. Allir
liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrir-
vara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt
úr kauptúninu daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn,
eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Öðrum liðsmönnum slökkviliðsins, svo og
þeim, er slökkviliðsstjóri kann að kalla til hjálpar, getur hreppsnefnd ákveðið
greiðslu fyrir vinnu þeirra í þágu slökkviliðsins, samkvæmt gjaldskrá, er hún semur
í janúar ár hvert.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmd-
irnar endurgoldnar úr sveitarsjóði, eftir mati, nema öðru vísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkvi-
liðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á, að ávallt
séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum
ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til
þess að slökkva eldinn, og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús
til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer
með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur vara-
slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefur yfirstjórn
á hendi sá af liðsmönnum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd,
hefur fyrir fram ákveðið til þess.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga
og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lög-
sagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum, öllu því, er yfirmaður

hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

21
3. marz

15. gr.

Lögreglustjóri, eða umboðsmaður hans, er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þenna eftir tillögum lögreglustjóra hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður í samráði við slökkviliðsstjóra skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skyllt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum, og annast um að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Enn fremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga, úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skyllt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld, er sérhverjum húseiganda skyllt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlausan aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir ef einhverjar verða.

Ef hús brennur, er sérhverjum skyllt að lána þau tæki, er hann hefur, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefur verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

17. gr.

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári, þó getur hreppsnefnd, eftir tillögum brunamálanefndar, ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal, eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kaupþúsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni eða önnur eldfim og hættuleg efni

21 séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum 3. marz reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjappar eru nothæfir og geymdir þar, sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist til Brunabótafélags Íslands, ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. KAFLI

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Naturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kaupúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, lögreglustjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupúnið með brunaliðrum.

VIII. KAFLI

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstaðum, torgum eða almennafæri, eða milli húsa, eða í gördum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft, skulu menn alltaf vera við eldinn meðan eldur er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldhætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og lún veitir leyfið, hversu stór trjástafla megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki vera leyft, að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar, sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum, nema í steinhúsum með

steinsteypuloftum og steinsteyptum kjöllumum með steinloftum og steingólfum. **21**
 Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett **3. marz**
 birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annars staðar, í óleyfi hrepps-
 nefndar, má hreppstjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda

22. gr.

Þar, sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða áþekkuðum eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt.

- a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspýtum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.
- b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utan húss í gördum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð.

Séu slíkar birgðir geymdar innan húss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

- c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmiláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið.
- d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 45 stiga hita hundraðsmælis (Celsíus) (t. d. benzín).
- e. Þar, sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvunum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar, sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.
- f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kaupsins nema samkvæmt fyrirlagi hreppstjórnar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra og skal frágangur allur vera svo rannbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. — Tæmdar benzintunnur skal jafnharðan flytja burtu.
- g. Landflutningur á benzíni og oliu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og oliugeyma, má ekki fara fram nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.
- h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

- 21**
3. marz
- a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málm, er sé að minnsta kosti 50 cm á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.
 - b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.
 - c. Þar, sem ekki er rafmagnsljós, má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.
 - d. Ekki má fleggja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefur verið á henni, heldur skal fleggja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.
 - e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.
 - f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmíðju sinni, en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.
 - g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smíðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.
 - h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskranir með víðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvívökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.
 - i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

24. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatrésskemmtanir, nema leyfi lögreglustjóra komi til. Ekki má halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um útbúnað dýra og annarra skilyrða til útgöngu.

IX. KAFLI

Um slökkviliðið.

25. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	4	liðsmenn
2. Húsrífsflokkur	2	—
3. Vatnsslönguflokkur	6	—
4. Brunaboðar	2	—
5. Dæluflokkur	4	—
6. Vatnsburðarflokkur	4	—
7. Stigaflokkur	2	—

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Brunamálanefnd skal árlega 21
semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum ein- 3. marz
um tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera.

Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja á skránni við alla þá, sem hafa mætt.

26. gr.

- a. Björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust. Allt, sem bjargast, skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað, sem unnt er. Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annarra flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.
- b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.
- c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn, og skal hann koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar, eftir fyrirskipunum yfirmanna.
- d. Stigaflokkur skal sjá um að hafa stiga eftir þörfum, sjá um að þeir séu tryggilega útbúnir, og reisa þá upp, þar sem fyrirskipað er. Enn fremur skal hann aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.
- e. Dæluflokkur skal þegar mæta við slökkvistöðina, er eldsvoða ber að höndum, og hafa dælunar í góðu standi, flytja þær þangað, sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir og sjá um, að þær komi að sem bestum notum. Einnig skal hann aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slanganna.
- f. Vatnsburðarflokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta fyrirskipað hverjum sem er úr flokknum að aðstoða sig eftir þörfum með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistaðnum og til að bera vatn að brunastaðnum.
- g. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu- og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli, skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

27. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu (sbr. 8. gr.), er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til atgunar.

21

3. marz

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr.

29. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kauptúnsins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

30. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildu björgunarliðinu (sbr. 26. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum eða æfingastað nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 5—1000 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. apríl og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. marz 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

22

3. marz

REGLUR

um innheimtu útsvara í Neskaupstað á tímabilinu 15. marz til 1. maí 1944.

1. gr.

Sérhver útsvarsgreiðandi í Neskaupstað, sem gjaldskyldur er við aðalniðurjöfnun útsvara árið 1944, skal greiða upp í útsvar þessa árs 40% af útsvarsupphæð þeirri, er honum bar að greiða árið 1943.

2. gr.

Gjalddagar á greiðslum þeim, er um getur í 1. gr. þessara reglna, skulu vera 15. marz, 1. apríl og 1. maí 1944, að þriðja hluta í hvert skipti.

3. gr.

Um innheimtu, endurgreiðslu og dráttarvexti fer eftir lögum nr. 100 frá 30. des. 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944.

4. gr.

Um skyldur kaupgreiðenda til að halda eftir af kaupum í útsvarsgreiðslur, fer eftir lögum nr. 23 frá 1940.

5. gr.

Lögtaksréttur er á vangoldnum útsvarsgreiðslum samkvæmt reglum þessum, 3. marz eftir þeim ákvæðum, sem gilda um lögtök fyrir vangoldnum opinberum gjöldum.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Neskaupstaðar samkvæmt lögum nr. 100 30. desember 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. marz 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Gyðu Halldórs- 23 dóttur hárgreiðslukonu“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráð- 22. febr. herra 22. febrúar 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir **Minningarsjóð Gyðu Halldórsdóttur hárgreiðslukonu.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir **Minningarsjóður Gyðu Halldórsdóttur hárgreiðslukonu.**

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af föður hennar, Halldóri Jónssyni, unnusta hennar, Ólafi Jónssyni, og öðru venzlafólki, við andlát hennar 25. marz 1943.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3650.00 — þrjú þúsund sex hundruð og fimmtíu krónur. — Fé sjóðsins skal ávaxta í ríkistrygðum verðbréfum eða á annan jafntryggilegan hátt. Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja stúlkur í Reykjavík, sem lokið hafa burtfararprófi úr Iðnskólanum í Reykjavík og sveinsprófi í einhverri handiðn, til framhaldsnáms við Iðnskólann í Reykjavík.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar vaxtatekjur hans eru orðnar kr. 200.00 á ári, má verja $\frac{1}{2}$ þeirra samkvæmt 4. gr. Öðrum tekjum sjóðsins, svo sem gjöfum, áheitum, tillögum o. fl., má verja á sama hátt, nema önnur ákvæði fylgi framlaginu, en $\frac{1}{2}$ vaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstól sjóðsins.

6. gr.

Á meðan ekki er starfræktur dagskóli við Iðnskólann í Reykjavík eða verkleg og fræðileg framhaldsnámskeið, leggjast allar árstekjur sjóðsins við höfuðstól hans.

23

22. febr.

7. gr.
Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík stjórnar sjóðnum og úthlutar styrkjum úr honum.

8. gr.
Fé því, sem sjóðstjórnin ákveður að úthluta árlega, samkvæmt 4. gr., skal úthluta 1. des. ár hvert.

9. gr.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

10. gr.
Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir og skrá í hana ákvarðanir sínar um úthlutun úr sjóðnum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir.

11. gr.
Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta nema til samrímingar löggjöf, er kynni að koma í bága við ákvæði hennar.

12. gr.
Leita skal ríkisstjórastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

24

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1943.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	22000.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	10040.11	
			kr. 35040.11
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	1078.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	165.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	244.25	
			— 1487.25
			Kr. 36527.36

Gjöld:

1. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	22000.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	11527.36	
			kr. 36527.36
			Kr. 36527.36

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

25

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1943.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun		kr. 116014.15
2. Vextir á árinu:		
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 1917.50	
b. — ríkisskuldabréfum	— 335.00	
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 2148.98	
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 591.52	
		— 4993.00
3. Gjafir til sjóðsins		— 1415.00
4. Frá ríkissjóði samkv. 14. gr. fjárl.		— 20111.94
		<u> </u>
		Kr. 142534.09

Gjöld:

1. Styrkveiting til 58 styrkþega		kr. 21735.00
2. Eign í árslok:		
a. Veðdeildarbréf	kr. 39200.00	
b. Ríkisskuldabréf	— 7000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 44628.66	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 29970.43	
		— 120799.09
		<u> </u>
		Kr. 142534.09

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

26

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna 1943.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
Í Söfnunarsjóði		kr. 40411.94
2. Vextir		— 2020.59
		<u> </u>
		Kr. 42432.53

Gjöld:

1. Eign í árslok:		
Innstæða í Söfnunarsjóði		kr. 42432.53
		<u> </u>
		Kr. 42432.53

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

27

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1943.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	2200.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	5442.33	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	985.41	
e. Eignin Ytra Vallholt	—	7100.00	
			kr. 16727.74
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	95.75	
b. — ríkisskuldabréfum	—	55.00	
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	272.11	
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	31.86	
			— 454.72
3. Eftirgjald eftir Ytra Vallholt	—	275.00	
			— 275.00
			Kr. 17457.46

G j ö l d :

1. Úthlutað ekkjum	kr.	275.00	
2. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1700.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	5714.44	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1668.02	
e. Ytra Vallholt	—	7100.00	
			— 17182.46
			Kr. 17457.46

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

28

SKIPULAGSSKRÁ

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Thoru Melssted árið 1943.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:			
Í Söfnunarsjóði	kr.	1457.10	
2. Vextir	—	72.85	
			Kr. 1529.95

G j ö l d :

Eign í árslok:			
Í Söfnunarsjóði	kr.	1529.95	
			Kr. 1529.95

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

29

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1943.

		T e k j u r :		
1.	Eign í ársbyrjun:			
	a. Veðdeildarbréf	kr.	5300.00	
	b. Í Söfnunarsjóði Íslands	—	14414.64	
	c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	2959.95	
				kr. 22674.59
2.	Vextir á árinu:			
	a. Af veðdeildarbréfum	kr.	256.00	
	b. Í Söfnunarsjóði	—	720.73	
	c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	75.98	
				— 1052.71
				<u>Kr. 23727.30</u>
		G j ö l d :		
1.	Eign í árslok 1943:			
	a. Veðdeildarbréf	kr.	5300.00	
	b. Í Söfnunarsjóði Íslands	—	15135.37	
	c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	3291.93	
				kr. 23727.30
				<u>Kr. 23727.30</u>

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

30

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1943.

		T e k j u r :		
1.	Eign í ársbyrjun:			
	a. Veðdeildarbréf	kr.	2000.00	
	b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
	c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	885.05	
				kr. 3885.05
2.	Vextir:			
	a. Af veðdeildarbréfum	kr.	100.00	
	b. — ríkisskuldabréfum	—	55.00	
	c. — innstæðu í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	23.48	
				— 178.48
				<u>Kr. 4063.53</u>
		G j ö l d :		
1.	Eign í árslok 1943:			
	a. Veðdeildarbréf	kr.	2000.00	
	b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
	c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	1063.53	
				kr. 4063.53
				<u>Kr. 4063.53</u>

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

31

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1943.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3900.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	1462.69	
			kr. 6362.69
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	195.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	55.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	37.92	
			— 287.92
			Kr. 6650.61

G j ö l d :

1. Eign í árslok 1943:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3900.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	1750.61	
			kr. 6650.61
			Kr. 6650.61

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

32

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1943.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1800.00	
b. Í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	918.05	
			kr. 2718.05
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	62.50	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	47.17	
			— 109.67
			Kr. 2827.72

G j ö l d :

1. Eign í árslok 1943:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	800.00	
b. Innstæða í sparisjóði Landsbanka Íslands	—	2027.72	
			kr. 2827.72
			Kr. 2827.72

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1944.

Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, undirskrifuð af ríkisstjóra 9. marz 1944, nr. 5.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 6.

Lög um breyting á lögum nr. 42/1943, um dýrtiðarráðstafanir, undirskrifuð af ríkisstjóra 24. marz 1944, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verk-svið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 8.

Lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 9.

Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 10.

Hafnarlög fyrir Bolungavík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 11.

Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 frá 19. júní 1922, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 12.

Lög um lendingarbætur í Breiðdalsvík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 13.

Lög um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 14.

Lög um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vél-báta, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 15.

Lög um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjárskjúkdóma og heimild til samþykktu um fjárskipti, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 16.

Lög um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 17.

Lög um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 18.

Lög um breyting á lögum nr. 32 19. maí 1930, um Menntaskóla á Akureyri, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 19.

Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júní 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtiðar og erfiðleika atvinnuveganna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 20.

Lög um, að gjafir til barnaspítala skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 21.

Lög um breyting á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 22.

S A M Þ Y K K T

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Litlárvatna.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Litlárvatna. Heimili þess og varnarþing er Austurgarðar í Keldunesshreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka silungsveiði og koma til laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

- a. að stunda lax- og silungsklak ásamt friðun eða kaupa seiði þessara fisktegunda,
- b. að reka laxveiði og silungsveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum eða fleiri stöðum eftir því, sem henta þykir.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í þessum vötnum: Brunnnum, Brunnakvísl og lækjum, er í hana falla, Litlá frá mótum Litlár og Brunnakvísar að Arnaneslóni og lækjum og kvíslum sem í Litlá falla og Arnaneslóni. Félagsmenn eru allir eigendur eða ábúendur þeirra jarða, sem land eiga að nefndum vötnum. Jarðirnar eru: Eyvindarstaðir I og II, Lindarbrekka, Kelduneskot, Keldunes, Framnes, Krossdalur, Austurgarður, Laufás, Garður I, II og III, Nýibær, Arnanes.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax eða silung í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar, samanber þó 7. gr. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja vötn á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstökum mönnum eða félögum til stangaveiði ef sýnilegt þykir að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs í senn nema lög-mætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboðið, að slíkt leyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Nú tekur félagið upp sameiginlega veiði. Getur það þá ráðið mann til að standa fyrir henni. Hann nefnist veiðistjóri.

Veiðistjóri annast um framkvæmd félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

7. gr.

Félagið starfrækir lax- og silungsklak eða kaupir seiði þessara fisktegunda. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Öll vötn fiskihverfisins samkvæmt 3. gr. skulu vera alfriðuð næstu 4 ár eftir staðfestingu samþykktu þessara fyrir allri veiði annarri en um getur í 20. gr. l. nr. 112 frá 9. okt. 1941.

8. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur, skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni til skiptis þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár. Annar meðstjórnandi eftir 2 ár samkvæmt hlut-

kesti. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið 3 ár í félagsstjórn.

33
22. febr.

9. gr.

Stjórnin hefur með höndum umsjón með öllum framkvæmdum félagsins á milli aðalfunda. Hún ræður fasta starfsmenn og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur aðalfundur þá samninga. Hún hefur eftirlit með því að samþykkt félagsins sé hlýtt, og má ráða menn sér til aðstoðar.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum, sbr. þó 16. og 17. gr.

10. gr.

Aðalfundur heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði. Nú er aðalfundur ekki lögmætur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara og er þá fundur ávallt lögmætur.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá. Aðalfundur kys stjórn, samanber 8. gr., og tvo endurskoðendur til eins árs í senn. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins.

11. gr.

Aukafundur heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir arðskrá til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá, þegar arðskrá er úr gildi, framlengist gildi hennar þar til ný arðskrá gengur í gildi.

14. gr.

Eigi má úthluta arði samkvæmt 13. gr. fyrr en eftir aðalfund. Verði útgjöld meiri en tekjur skal jafna þeim á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

15. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum allt að 500 kr. og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni hvort tveggja í félagssjóð.

16. gr.

Samþykkt þessari verður eigi breytt nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

17. gr.

Félaginu má slita ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á löglega boðuðum aðalfundi. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafna milli félagsmanna eftir gildandi arðskrá.

33 Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941 til að 22. febr. öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

34
22. febr.

ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Litlárvatna.

Arður og gjöld skiptast milli allra þeirra jarða, er hér eru taldar, og eftir þeim hundraðshlutföllum er hér greinir:

	Hundraðshluti af arði eða gjöldum
Eyvindarstaðir I	4
Eyvindarstaðir II	2
Keldunes	8
Framnes	4
Kelduneskot	3
Lindarbrekka	3
Krossdalur	12
Austurgarðar	10
Laufás	10
Garður I	9
Garður II	9
Garður III	6
Nýibær	10
Arnanes	10

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

35
8. marz

SAMÞYKKTIR

fyrir sparisjóð Raufarhafnar og nágrennis, Raufarhöfn.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sparisjóður Raufarhafnar og nágrennis, og skal heimili hans og varnarþing vera á Raufarhöfn.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 120 stofnbréfum, upphæð hvers stofnbréfs kr. 25.00 og má auka stofnféð með samþykkt aðalfundar.

Eigendum sé greiddur árlega arður af stofnbréfum er sé jafnhár ársvöxtum af nafnverði stofnbréfanna, eins og innlánsvextir sparisjóðsins eru ákveðnir. 35
8. marz

Stofnbréfaeigendum heimilast eigi að selja stofnbréf sín nema með samþykki og í samráði við stjórn sjóðsins. Þegar eigendaskipti verða, hvort heldur með af-sali eða að erfðum, skal rita það á stofnbréfið og einnig í gerðabók sjóðsins.

Eigi mega fleiri en 10 — tíu — stofnbréf vera í eins manns eigu.

3. gr.

Stofnfjáreigendur mega ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki stofnfjáreigenda, en hinn þriðji af sýslufundi (sýslunefnd) Norður-Þingeyjar-sýslu á sama ári, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað, og hefur hver stofnfjáreigandi eitt atkvæði án tillits til þess hvort hann á eitt stofnbréf eða fleiri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af stofnfjáreigendum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund stofnfjáreigenda og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórn sjóðsins reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu jafnan vera tveir starfsmenn, féhirðir og bókarari, og skulu þeir annast um allar greiðslur sjóðsins og bókfærslu. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum til-lögum stjórnarinnar.

35 8. marz Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórn sjóðsins heimilt að segja þeim upp starfinu eða vikja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund stofnfjäreigenda þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir, enda sé hann ráðinn til starfans af stjórninni utan hennar sjálfrar. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánunum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafarlaust skráð á vixilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir eftir því sem stjórnin ákvarðar og henni þurfa þykir. Stjórnin ákveður hvernig haga skuli daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum stofnfjäreigendum 6 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða þegar minnst 5 stofnfjäreigendur æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur stofnfjäreigenda mætir. Mæti eigi helmingur stofnfjäreigenda, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki þær.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti, vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 króna í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færirst inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóða, séu til athgunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið aðgang að þeim þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.

- e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 5000 kr.
- f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

35
8. marz

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni hlutum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1200 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 200—400 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því eigi veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samamburð viðskiptabókar og innstæðubókar, þegar sú fyrrgreinda er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu,

35 skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið 8. marz með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, sem sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu sam- anlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrir- tækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inn- eign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrir- sjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því, að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- b. með því, að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 33% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álitur tryggja;
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánnum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttar- vexti um þann tíma, sem dregið hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykktur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum, minnst $\frac{1}{10}$ hluta af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. 35
8. marz

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að gripa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli, í síðasta lagi, vera búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, sem sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánunum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sparisjóðsins fyrir lok marz mánaðar ár hvert

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
Kjötmetisgerðarvélar	8 —
Kornmylluvélar	8 —
Málningarverksmiðjuvélar	6 —
Mjólkurbúsvélar	8 —
Niðursuðuverksmiðjuvélar	8 —
Sápugerðarvélar	6 —

57
17. apríl

Smjörlikisgerðarvélar	8 %
Súkkulaði- og konfektgerðarvélar	6 —
Þvotta- og tauhreinsunarvélar	8 —

Fiskiðnaðarvélar.

Fiskimjölsverksmiðjuvélar	12 %
Lifrarbræðsluvélar	12 —
Fiskþurrkunarvélar (m/aflvél)	12 —
Sildarverksmiðjuvélar	12 —

Frystivélar.

Frystivélar	15 %
Hraðfrystivélar	20 —

Landvinnuvélar.

Dráttarvélar (Traktor) og skurðgröfur	20—25 %
Landbúnaðarvélar	10—15 —

Leðuriðnaðarvélar.

Skógerðir	10 %
Sútunarverksmiðjuvélar	12 —

Málmiðnaðarvélar.

Bifreiðaverkstæðisvélar	10 %
Blikksmiðjuvélar	8 —
Dósaverksmiðjuvélar	8 —
Farandþrýstilofttæki	15 —
Lofthjökkur og þrýstilofttæki	10 —
Málmbæðsluofnar	10 —
Mótorverkstæðisvélar	10 —
Plötusmiðjuvélar	10 —
Stáltunnugerðarvélar	8 —
Vélsmiðjuvélar	10 —

Prentsmiðu- og bókbandsvélar.

Áhöld (Inventar)	5 %
Bókbandsvélar	7 —
Prentletur	15 —
Prentvélar	10 —

Rafstöðvar.

Olíuhreyfilsstöðvar	8 %
Vatnsaflsstöðvar	4 —

Skip.

Dieselmótorskip úr stáli m/vél	12 %
Farþegaskip úr stáli m/vél	8 —
Fiskiskip úr stáli m/vél	12 —
Mótorvélar í fiskiskip	20 —
Opnir bátar	15 —
Seglskip	7 —

Skip úr eik án vélar	12 %
Skip úr furu án vélar	15 —
Tankskip m/vél	10 —
Vöruflutningaskip úr stáli m/vél	8 —

57
17. apríl

Skipasmíðastöðvar.

Dráttarbraut	10—12 %
Járnsmiðjur við skipasmíði	10 —
Svitakistur	15 —
Trésmíðavélar	10 —

Tóvinnuvélar.

Fatagerðir, saumavélar	10 %
Hampvinnsluvélar	8 —
Prjónavélar	10 %
Ullarverksmiðjur	12 —
Veiðarfæragerðarvélar	10 —

Tréiðnaðarvélar.

Húsgagnasmíðavélar	10 %
Kassagerðarvélar	10 —
Skiðasmíðavélar	8 —
Trésmíðavélar alls konar	10 —
Tunnugerðarvélar	8 —

Ýmsar vélar og tæki.

Fólkslyftur	6 %
Hárgreiðslustofuvélar	15 —
Hótel-innbú (annað en borðbúnaður)	5 —
Kranastell úr stáli	5 —
Kvikmyndasýningarvélar	10 —
Lækningatæki	8 —
Pípugerðarvélar og áhöld	8 —
Röntgentæki	10 —
Skrifstofuvélar og áhöld	8 —
Steypuvélar	12 —
Vörulyftur	8 —

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má vikja frá þessum almennu reglum um fyrningarhundraðshlutann og sker ríkisskattanevndin úr um réttmæti þeirra undantekninga.

Fyrning á eignum skal reiknuð árlega og talin til frádráttar án tillits til hagnaðar eða taps gjaldanda.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerð nr. 219 21. desember 1939 og reglugerð nr. 27 25. febrúar 1943, eru úr gildi numdar.

57

17. apríl

Bráðabirgðaákvæði.
Við álagning tekju- og eignarskatts árið 1944 skulu gilda ákvæði reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 17. apríl 1944.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

58

18. apríl

REGLUGERÐ

fyrir rafveitu Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Súðavíkurhreppur tekur einkaleyfi á framleiðslu og sölu rafmagns til ljósa, samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Einkaleyfið nær yfir það svæði, er raftaugar hreppsins koma til með að ná yfir. Þó er íshúsinu Frosta h.f., sem nú þegar hefur rafstöð, heimilt að framleiða rafmagn til eigin nota við starfrækslu íshússins.

2. gr.

Hreppurinn selur hverjum sem vill rafmagn innan þessa svæðis meðan orka leyfir. Stærð rafals verður 10 kilóvött, og verður hann drifinn með vélaafli.

3. gr.

Stjórn rafveitunnar hefur hreppsnefnd Súðavíkurhrepps. Hún ræður stöðvarstjóra og hefur eftirlit með störfum hans. Reikningar rafveitunnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem hreppsnefnd kys til eins árs í senn. Reikningsár rafveitunnar skal vera það sama og hreppsins.

4. gr.

Reksturstími rafveitunnar er frá byrjun september til aprílloka, og verða ljós kveikt kl. 8 að morgni og slökkt kl. 11 að kvöldi. Stöðin verður ekki í gangi þann tíma dags, sem lesbjart er í húsum um getið tímabil. Þurfi einhver að fá ljós á öðrum tíma, en um getur hér að framan skal það veitt, en aðeins gegn auka borgun.

5. gr.

Húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalálmu allt að 35 metra. Það, sem fram yfir er, kostar húseigandi. Séu sérstakir örðugleikar við lagningu húsálma, getur rafveitan krafizt endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af því leiðir, en ef svo stendur á skal gera hlutaðeigandi aðvart um það fyrirfram. Raflagnir á bryggju og aðra staði, þar sem þeim er hætt við skemmdum, verða eigi lagðar nema á kostnað hlutaðeiganda.

6. gr.

Rafmagnið verður selt eftir mælum eða gegn samningum ef henta þykir. Hlutaðeigandi verður sjálfur að kaupa mæli. Skylt er rafveitunni að rannsaka á sinn kostnað, hvort mælar séu réttir, og einnig er stöðvarstjóra heimilt að láta athuga mæla svo oft, sem honum þurfa þykir. Einnig skal taka til greina beiðnir ljósnotanda í þessu sambandi, ef álitnið er að þær séu á rökum byggðar.

7. gr.

Allar lagnir og annað innanhúss skal sett upp á kostnað húseiganda, einnig allar aðgerðir á eldri lögnum. Verk þetta skal vera framkvæmt af rafvirkja, sem hreppsnefndin tekur gildan.

8. gr.

Enginn má aðhafast neitt það, er valdið gæti skemmdum eða truflun á raftaugum eða öðrum tækjum rafveitunar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Enginn má heldur hafa orku úr taugum rafveitunnar, nema hafa fengið leyfi hreppsnefndar. Brjóti nokkur gegn ákvæðum þessum, skal hann greiða fullar skaðabætur, samkvæmt dómi óvilhallra manna, sem sýslumaður Norður-Ísafjarðarsýslu útnefnir.

9. gr.

Hverjum rafmagnsnotenda ber skylda til að sjá um það eftir mætti, að raftæki hans séu í góðu lagi. Komi ólag á þau, skal hann tafarlaust tilkynna stöðvarstjóra það.

10. gr.

Starfsmanni rafveitunnar eða öðrum, sem hreppsnefnd fær til þess, skal heimill aðgangur að raflögnum og áhöldum, sem eru í sambandi við taugar rafveitunnar til þess að rannsaka að allt sé í lagi.

11. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir hreppsnefndar, skal stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða og að fullu sé brýn ástæða til. Notandi ber fulla ábyrgð á afleiðingum, sem af vanrækslu hans kunna að stafa.

12. gr.

Rísi ágreiningur útaf einstökum ákvæðum reglugerðar þessarar skal leita úrskurðar sýslumanns.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000.00 krónum nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál útaf þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

59
21. apríl

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað, nr. 148
28. ágúst 1940.

Verð á rafmagni til smáíðnaðar skal framvegis vera 70 aurar fyrir hverja kíló-wattstund, þar til annað verður ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

60
5. maí

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Grundarfjörð.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Grundarfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Spjararsnoppu austan fjarðarins beint í Flankasker, og þaðan aftur í beina stefnu í svokallaðan Hamar vestan við bæinn Krossnes á vesturströnd fjarðarins. Að öðru leyti takmarkast höfnin af strandlínum milli þessara sömu staða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir umsjón Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni hefur hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti þrír menn, kosnir til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er hreppsnefndin kýs. Heimilt er að kjósa menn í hafnarnefnd, þó þeir eigi ekki sæti í hreppsnefndinni.

4. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, setur honum starfsreglur og ákveður honum þóknun, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

5. gr.

Hafnarvörður annast í samráði við hafnarnefnd, allar daglegar framkvæmdir, eftirlit og umsjón með bryggjum, áhöldum og öðrum eignum hafnarinnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

60
5. maí

6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra er hann setur til að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennishúning þegar þeir eru að starfi við höfnina, ef hafnarnefnd krefst þess. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipua starfsmannsins ber jafnan að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu jafnan sýna þeim kurteisi, er þeir skipta við.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

8. gr.

Öll veiði með skotum er bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypa af skotvopnum og skjóta flugeldum á höfninni eða landi hennar.

9. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, sem unnið er að fermingu þess eða affermingu. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hennar, nema með leyfi hafnarvarðar.

10. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, né þetta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarvarðar og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarvarðar.

11. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiskum, matarleifum, fiskúrangi né öðru slíku. Skal það flutt þangað sem hafnarvörður segir til.

IV. KAFLI

Um komu skipa og legu þeirra í höfninni.

12. gr.

Þegar skip kemur í höfnina skal skipstjóri tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum hvar skip hans megi liggja. Þó nær ákvæði þetta ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar að því er bryggjupláss snertir.

Þegar húið er að leggja skip við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið ef hafnarvörður skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sé að ferma eða afferma skipið, en þá á skipstjóri öðrum fremur heimtingu á, að sér sé vísað á stað, þar sem fermingu eða affermingu er haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skipa, skal jafnan skylt að flytja skipið ef hafnarvörður krefst þess,

60

5. maí

13. gr.

Ekkert skip má liggja við taug (varp) á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum nema hafnarvörður telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggjur eða bólvirki, skal hafa fyrirskipuð ljós uppi á ljósatímanum.

14. gr.

Skip, sem koma inn á höfn, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast að bryggju eða bólvirki, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað fyrir borðstokkinn.

15. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarstólpana eða festarhringa að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járnri skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt að bætt sé úr því tafarlaust. Skyld er að hafa hlífefli milli skips og bólvirkis eða bryggju, ef hafnarvörður krefst þess.

16. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða bólvirki. Ekki mega gufuskip hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki, hvorki við þvott á þilfari, né heldur er þau hleypa burt gufuvatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með seglum og hlífðukum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist ei á bryggjur né bólvirki.

17. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hættu af því.

18. gr.

Í hverju skipi eða fari (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlauk í lægi á höfninni), skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

19. gr.

Hafnarvörður getur krafizt þess að sérhvert skip, er liggur við festar í höfninni, verði flutt, ef það að álit hans tálmar umferð inn í höfnina eða úr henni.

Færast hlutaðeigandi undan að flytja skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma er hafnarvörður hefur tiltekið og fyrirskipað, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeigenda.

20. gr.

Ekki má vera að fiskveiðum á höfninni nema með leyfi hafnarvarðar. Beitutaka og seglfestutaka og annað slíkt er bannað í höfninni, nema með leyfi hafnarvarðar.

21. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það að álit hafnarvarðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur

á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er hafnarnefnd 60 heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur. Um þetta 5. maí atriði fer að öðru leyti eftir gildandi lögum.

V. KAFLI

Um fermingu og affermingu skipa.

22. gr.

Þegar hafnarvörður hefur ákveðið hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga ef veður leyfir, unz því er lokið. Ef hlé verður á að nauðsynjalausu, eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum ef hafnarvörður krefst þess.

23. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

24. gr.

Áður en kjötfesta er flutt á skip eða af skipi, skal hafnarverði gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því sem áfátt er.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af lendingarstaðnum, þangað sem hafnarvörður vísar til.

25. gr.

Skyll er farmseiganda að gæta alls þrifnaðar á bryggju og bólvirki við upp- og útskipun. Sé þessu ákvæði ekki framfylgt eftir því sem ástæður leyfa, að dómi hafnarvarðar, getur hann látið hreinsa mannvirki þessi á kostnað eigenda. Vöruleifum, umbúðum og öðru rusli má ekki kasta í sjóinn, heldur skal það flutt á stað, sem hafnarvörður ákveður.

26. gr.

Skip skulu hafa rétt til að leggjast að bryggjum í þeirri röð, sem þau koma, þó skulu þau skip, sem sigla eftir fyrirfrangerðri og auglýstri áætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggju þó önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau að víkja burtu, meðan hin fá afgreiðslu.

VI. KAFLI

Um hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

27. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp ný dýpka út frá landi, nema hreppsnefndin veiti, eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni

60 um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa 5. maí í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður hvort leyfi skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem hefur fengið leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eigandans.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein, falla úr gildi hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því leyfið var veitt.

Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

28. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo viðtæka dagvörzlu og næturvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarnefnd telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af nefndinni. Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjum leggjast, og ber hlutaeigendum að hlýða boði þeirra og banni, eins og öðrum starfsmönnum hafnarinnar, enda ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi.

Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi, að dómi hafnarnefndar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hætta í höfninni, getur hafnarnefnd svipt hann starfinu og heimtað nýjan umsjónarmann.

29. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv. fer eftir þeim fyrirmælum hafnarnefndar, er hún setur á hverjum tíma, og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

VII. KAFLI

Lesta- og bryggjugjald.

30. gr.

Af fiskiskipum greiðist eins og hér segir:

- Opnir vélbátar greiði 10 kr. ársgjald eða 3 kr. í hvert skipti.
- Vélbátar, 10—20 smálestir brúttó, 5 kr. í hvert skipti eða 30 kr. ársgjald.
- Vélbátar, 20—30 smálestir brúttó, 10 kr. í hvert skipti eða 50 kr. ársgjald.
- Vélbátar og skip, 50—150 smálestir brúttó, 15 kr. í hvert skipti eða 100 kr. ársgjald.
- Vélbátar og skip yfir 150 smálestir brúttó, greiði í hvert skipti 30 kr.

31. gr.

Af öllum öðrum skipum og hátum, 30 rúmllestir brúttó og stærri, hvort sem þau sigla tóm, með seglfestu eða fermd vörum, skal greiða 15 aura af hverri nettó smálest, í hvert skipti sem þau leggjast á höfninni, minnsta gjald er þó 6 kr. Strandferðaskip, sem koma við tvisvar í sömu ferð, skulu aðeins greiða hafnargjald og bryggjugjald í annari ferðinni.

32. gr.

Ársgjald fyrir báta og skip, sem heimilisföst eru á Grundarfirði og ekki stunda fiskveiðar, sé 5 kr. á smálest, nettó.

33. gr.

60

5. maí

Undanþegin hafnar- og bryggjugjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna. Einnig skip, sem leita hafna vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka eða látna menn.

VIII. KAFLI

Vörugjald.

34. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru í skip eða í land á höfninni. Þó skal aðeins greiða hálfvörugjald fyrir vörur, sem ákveðnar eru til umhleðslu samkvæmt farmskrá skipsins, og eiga aðeins að leggjast á land um stundarsakir.

35. gr.

Undanþegið vörugjaldi eru

- a. umbúðir, sem endursendar eru;
- b. vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi;
- c. bréfaþóstur og farþegaflutningur.

36. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og skal brot úr gjaldeiningu teljast heil gjaldeining. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins er skylt að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrám skipsins, innan sólarhrings eftir komu þess.

37. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur: Kol og sement, kr. 7.00 af smálest.
2. flokkur: Salt og útlendur áburður, kr. 6.00 af smálest.
3. flokkur: Verkaður og óverkaður saltfiskur, kr. 8.00 af smálest.
4. flokkur: Nýr fiskur, kr. 2.00 af smálest.
5. flokkur: Slægður flatfiskur, kr. 12.00 af smálest.
6. flokkur: Frystur fiskur, kr. 8.00 af smálest.
7. flokkur: Þurr fiskbein, kr. 7.00 af smálest.
8. flokkur: Blaut fiskbein, kr. 3.50 af smálest.
9. flokkur: Saltkjötstunnur, olíutunnur, kr. 2.00 pr. stykki.
10. flokkur: Tómar tunnur, kr. 1.00 pr. stykki.
11. flokkur: Kindaskrokkar, kr. 1.00 pr. stykki.
12. flokkur: Kjöt af stórgripum, kr. 1.00 pr. 100 kg.
13. flokkur: Timbur, kr. 0.10 pr. ten.fet.
14. flokkur: Stórgripir, kr. 4.00 af hverjum.
15. flokkur: Sauðfé, kr. 1.00 pr. kind.
16. flokkur: Allar aðrar þungavörur, kr. 1.00 pr. 100 kg.
17. flokkur: Ýmsar vörur kr. 0.50 hvert stykki, ef aðeins er um 1—3 stykki að ræða til hvers móttakanda.
18. flokkur: 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heima eiga við Grundarfjörð og leggja þar afla á landi, eða hafa þar viðleguþláss.

60
5. maí

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

Vörugjöld falla í gjalddaga um leið og vörurnar koma á land, og ber afgreiðslumaður skipsins ábyrgð á því, að vörurnar séu ekki afhentar fyrr en gjaldið er greitt.

Ársgjöld (lesta- og bryggjugjöld) báta, sem skráðir eru á Grundarfirði, falla í gjalddaga 1. maí ár hvert, en annarra báta við komu þeirra í höfnina. Gjald af afla greiðist við hver áramót.

39. gr.

Hafnarnefnd sér um innheimtu allra gjalda samkvæmt reglugerð þessari, og reikningsskil fyrir þeim. Hún ræður einn eða fleiri menn til að hafa innheimtuna á hendi, gegn þóknun er um semur. Hafnarnefnd getur falið hafnarverði að annast innheimtustarfið.

40. gr.

Hafnarnefnd hefur haldsrétt á vörum þeim er greiða skal vörugjald af, unz gjaldið er greitt.

41. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða umboðsmanni hans, nema hann með vottorði frá hafnarverði sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, ef honum ber að greiða slíkt.

42. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki viðkomið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhóllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fjórum óvilhóllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiði hinn aðilinn kostnaðinn.

43. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

44. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki, og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt, sem hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarvörður gera það á kostnað og ábyrgð eiganda og umboðsmanna hans.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

45. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt, sem skipstjóri hafi fengið skipunina sjálfur.

46. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í Hafnarsjóð Grundarfjarðar.

60

5. maí

47. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

48. gr.

Reglugerð um bryggju í Grafarnesi við Grundarfjörð, 7. ágúst 1934, er hér með úr gildi numin.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 88 15. september 1942, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Palmason.

REGLUGERÐ

fyrir Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

61

6. maí

I. HLUTI

Um skipulag félagsins og réttindi, fjárhagsgrundvöll þess, réttindi og skyldur félaga o. fl.

I. KAFLI

Heimili félagsins, nafn og tilgangur.

1. gr.

Félagið er váttryggingafélag, er starfar samkvæmt lögum nr. 106 30. des. 1943, reglugerð þessari og þeim samþykktum, er löglega verða um það settar.

Nafn þess er Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk þess er að annast stríðstryggingu skipshafna á íslenskum skipum, og safna sjóðum, er geri því fært:

að auka ábyrgð sína á áhættum, er það tekur að sér;

að taka upp framtíðarverkefni sitt, sbr. 2. gr. laga nr. 106 30. des. 1943, eins fljótt og stjórn félagsins telur fært.

II. KAFLI

Fjárhagsgrundvöllur og sjóðir.

3. gr.

Áhættufé félagsins er:

- I. A. fé, sem ríkissjóður leggur fram;
 - B. fé, sem tryggingafélögin þrjú, Tryggingarstofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f leggja fram;
 - C. fé, sem aðrir hluthafar, samkvæmt sérstakri hluthafaskrá, leggja fram;
 - II. A. ábyrgð ríkissjóðs;
 - B. ábyrgð tryggingafélaganna þriggja, sbr. I. B.
- Fyrir árslok 1944 skal birta í Stjórnartíðindum upphæðir framlagðs fjár og ábyrgðar hvers aðila, sem talinn er hér að framan.

4. gr.

Sjóðir félagsins eru:

1. varasjóður, sem er sameignarsjóður;
2. almennur endurtryggingasjóður, sem er sameignarsjóður;
3. bónussjóður, sem er séreignarsjóður.

5. gr.

Engir þeirra, sem þátt taka í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé, framangreinda sjóði og tekjuafgang, sem í vörzlu þess er á hverjum tíma.

6. gr.

Fé það, ábyrgðir og sjóðir, sem um ræðir í 3. og 4. gr., er til tryggingar skuldbindingum félagsins, þannig að fyrst er varasjóður, næst áhættufé, sbr. 3. gr., hlutfallslega, þá hinn almenni endurtryggingasjóður og loks bónussjóður.

7. gr.

Sjóði félagsins og annað fé, sem að dómi félagsstjórnar þarf eigi að vera handbært, skal ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum eða öðrum verðbréfum, sem skráð eru opinberu gengi, þó ekki hlutabréfum. Heimilt er og að ávaxta allt að 20% af sjóðum félagsins í fasteignum þess sjálfs.

III. KAFLI

Um afstöðu ríkissjóðs og tryggingafélaga þeirra, er þátt taka í félaginu.

8. gr.

Félagsstjórn gefur ríkissjóði skírteini fyrir fé því, er ríkið leggur fram sem áhættufé, sbr. 5. mgr. 6. gr. l. 106/1943.

Skírteini mega vera fleiri eða færri eftir því, sem hentugt þykir.

Um skírteini þessi gilda svofelldar reglur:

1. Réttarstaða fjárens fer eftir einkaréttarreglum og samþykktum og lögum, sem á hverjum tíma gilda.
2. Ríkisstjórnin hefur tilnefningarrétt þann á mönnum í félagsstjórn, sem um ræðir í 2. mgr. 12. gr.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteini verða ekki framseld, veðsett né látin af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki og á hún, fyrir félagsins hönd, innlausnarrétt fyrir matsverð dómkvaddra manna.

5. Skirteini veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins, samkvæmt því sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 6%, sbr. 3. lið 19. gr. **61**

6. maí

9. gr.

Félagsstjórn gefur tryggingafélögunum þremur, Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélagi Íslands og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, skirteini fyrir áhættufé því, er þau leggja fram.

Skirteini mega vera fleiri eða færri eftir því, sem hentugt þykir. Um skirteini þessi gilda svofelldar reglur, er getið skal í þeim:

1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð skirteinis og númer.
3. Að eigandi sé háður lögum, er um félagið eru sett á hverjum tíma.
4. Að skirteini veiti rétt til þátttöku í tilnefningu eins manns í félagsstjórn, samkvæmt reglum, er félögin setja sér sjálf, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
5. Að féð sé óuppsegjanlegt.
6. Að skirteinið verði ekki framselt, veðsett né látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórnin samþykki og að hún eigi, fyrir félagsins hönd, innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
7. Að skirteinum fylgi réttur til hlutdeildar í arði félagsins, þó eigi yfir 6% að meðaltali, sbr. 3. lið 19. gr.
8. Að skirteini sé undanþegið sköttum öðrum en eignarskatti til ríkisins, en arður í hverri mynd sem er, sé skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur einstakra hluthafa.

10. gr.

Hluthafar samkvæmt hluthafaskrá, sbr. 3. gr. I. C. og 5. og 6. gr., sbr. 1. mgr. 7. gr. laga 106/1943, fá afhent á skrifstofu félagsins skirteini fyrir framlögðu áhættufé. Skirteini þessi skulu gefin út í 3 flokkum, A-flokki, B-flokki og C-flokki, þannig að A-flokks skirteini hljóða um kr. 10000, B-flokks um kr. 5000 og C-flokks um kr. 1000.

Þau skulu undirrituð af stjórn félagsins og greina:

1. nafn eiganda og heimilisfang;
2. upphæð hlutar og númer;
3. að eigandi sé háður lögum, er um félagið eru sett á hverjum tíma;
4. að skirteinið veiti rétt til þátttöku í kosningu tveggja manna í stjórn félagsins og eins endurskoðanda, en ekki til annarra afskipta af málum þess;
5. að féð sé óuppsegjanlegt;
6. að skirteinið verði ekki framselt, veðsett né látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og að hún eigi, fyrir félagsins hönd, innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna;
7. að skirteinum fylgi réttur til hlutdeildar í arði félagsins, þó eigi yfir 6% að meðaltali, sbr. 3. lið 19. gr.;
8. að skirteini sé undanþegið sköttum, öðrum en eignarskatti til ríkisins, en arður í hverri mynd sem er, sé skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma.

11. gr.

Félagsstjórn sér um kosningu tveggja manna í stjórnina og eins endurskoðanda af hálfu einstakra hluthafa, sbr. 3. gr. I. C.

61
6. maí

Um kosninguna gilda þessar reglur:

Eitt atkvæði fylgir hverjum 1000 króna hlut í félaginu.

Enginn getur þó farið með fleiri atkvæði fyrir sjálfan sig og aðra en $\frac{1}{5}$ hluta allra atkvæða einstakra hluthafa í félaginu.

Hluthöfum skal gert aðvart um hvar og hvenær kjörfundur verður haldinn, með a. m. k. 14 daga fyrirvara, og skal tilkynning vera bréfleg, í símskeyti eða á annan sannanlegan hátt.

Hluthafar mega fela öðrum umboð sitt á kjörfundi.

Kosning er óbundin og heimilt er að kjósa menn, sem ekki eiga kosningarrétt.

Afl atkvæða ræður úrslitum og er réttkjörinn sá eða þeir er flest atkvæði fá, en séu atkvæði jöfn skal kjósa á ný bundinni kosningu milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði fengu. Séu atkvæði þá jöfn, ræður hlutkesti.

Kjörfundur er lögmætur, ef þar eru mættir menn með atkvæði fyrir meira en helming allra atkvæða einstakra hluthafa.

Sé fundur eigi lögmætur, skal félagsstjórn boða til nýs kjörfundar, og er hann lögmætur, hvort sem margir eða fáir sækja hann.

Formaður félagsstjórnar stýrir kjörfundum.

Fundargerð skal bóka í sérstaka bók, er félagsstjórnin varðveitir.

V. KAFLI

Félagsstjórn, framkvæmdastjórn o. fl.

12. gr.

Félagsstjórn er skipuð 5 mönnum til þriggja ára í senn.

Tveir eru tilnefndir af ríkisstjórn, og er annar þeirra formaður félagsins, tveir eru kosnir samkvæmt 11. gr., einn er tilnefndur af tryggingarfélaginu þrem, sem þátt taka í félaginu, sbr. 3. gr.

Aðilar þeir, sem að framan getur, útnefna hver einn mann til vara.

Verði stjórnin ekki fullskipuð á annan hátt, tilnefnir ríkisstjórn þá, sem á vantar.

Félagsstjórn skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 2. mgr.

Félagsstjórnarmenn skulu búsettir í Reykjavík eða grennd.

13. gr.

Félagsstjórn ræður öllum málefnum félagsins með þeim takmörkunum er landslög og reglugerðir ákveða. Hún hefur yfirumsjón með öllum rekstri félagsins og tekur ákvarðanir um starfsemi þess og framkvæmdir í aðalatriðum.

Félagsstjórn skal einkum fylgjast vel með allri bókfærslu, fjárveltu og áhættum, er félagið tekur að sér, sjá um að reikningsskil fari fram á tilsettum tíma, afskriftrir séu nægilegar og hæfilega lagt til hliðar fyrir óuppgerðum tjónum og iðgjöldum. Hún skal gæta þess að fylgt sé þeim reglum, er landslög, reglugerðir og aðrar samþykktir hafa að geyma, svo og almennum reglum váttryggingafélaga, er starfa á sviði sem því, er félagið starfar á.

14. gr.

Félagsstjórn skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir.

Formaður boðar til funda, en einnig getur hver stjórnarmanna krafizt þess að fundur sé haldinn, enda tilgreini hann fundarefni.

Hafi eigi verið haldinn fundur innan viku frá því krafan kom fram, getur sá eða þeir, er kröfuna gerðu, boðað til fundarins.

Stjórnarfundur er lögmætur ef 3 stjórnarmenn eru mættir, enda sé a. m. k. einn maður mættur frá hverjum þeirra aðila, sem hlutdeild eiga í stjórninni.

Afl atkvæða ræður úrslitum. Ákvörðun er þó því aðeins lögmæt að 3 stjórnarmenn séu henni fylgjandi. 61

Bóka skal í sérstaka gerðabók hið helzta, sem gerist á stjórnarfundum, einkum allar fundarsamþykktir. 6. maí

15. gr.

Félagsstjórn ræður framkvæmdastjóra, er sér um daglegan rekstur félagsins. Hún ræður og starfsmenn félagsins og trúnaðarmenn, að því leyti sem hún eigi felur framkvæmdastjóra það í einstökum tilfellum.

Félagsstjórn getur veitt framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum prókúru.

16. gr.

Firma félagsins ritar formaður (varaformaður) og einn meðstjórnenda, sbr. og 2. mgr. 15. gr.

VI. KAFLI

Endurskoðun, reikningsskil, ráðstöfun tekjuafgangs o. fl.

17. gr.

Endurskoðendum ber að endurskoða reikninga félagsins rækilega og gera skýrslu um.

Athugasemdum sínum skulu þeir koma á framfæri við félagsstjórn, en fáist ekki leiðrétting, er þeir telji viðunandi, skulu þeir gera aðilum, er stjórnina skipa eða kjósa, aðvart.

18. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar skulu tilbúnir í hendur endurskoðendum eigi síðar en 4 mánuðum eftir lok reikningsársins. Þeim skal fylgja skýrsla um hag félagsins, störf þau, framkvæmdir og annað, er félagsstjórn telur máli skipta.

19. gr.

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til vaxtagreiðslu 4% af bónussjóði, sbr. 3. lið 4. gr.
3. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%.

Ef hagur félagsins leyfir, getur stjórn þess ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði allt að 6%.

4. Það, sem þá er eftir, skiptist þannig:

A. 50% skulu lögð í hinn almenna endurtryggingasjóð, sbr. 2. lið 4. gr.

B. 50% fá iðgjaldsgreiðendur sem bónus í hlutfalli við greidd iðgjöld, þannig að féð verður ekki greitt af hendi fyrir en að 5 árum liðnum, frá því er það var lagt í sjóðinn, en þá skal féð greitt.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði og ákvæði til bráðabirgða.

20. gr.

Félagið og fé það, sem það hefur undir höndum, nýtur þeirra hlunninda, sem um ræðir í 10. og 13. gr. laga 106/1943.

61

6. maí

21. gr.
Félagið hefur einkarétt á stríðsslysaftryggingu skipshafna á íslenskum skipum, að svo miklu leyti sem það getur tekið þær að sér, að dómi félagsstjórnar.

22. gr.

Samning hluthafaskrár, kosningu og tilnefningu tveggja stjórnarmanna og endurskoðenda — samkv. l. 106/1943 — skal hraðað svo sem verða má, þannig að félagið sé orðið í samræmi við lög in eigi síðar en 1. nóvember 1944.

II. HLUTI

Um réttindi og skyldur hinna tryggðu og tryggingarskyldu, framkvæmd tryggingarinnar og bætur.

VIII. KAFLI

Um stríðstryggingar.

23. gr.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Slys er hvert það heilsutjón, sem um ræðir í 7. gr. rglgj. 21. febrúar 1939, um slysaftryggingar.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem tynist án þess til þess spyrjist, hversu týnzt hefur.

Undir þeim kringumstæðum, sem um ræðir í 3. mgr., er félaginu óskyldt að greiða bætur fyrr en fullnægt hefur verið ákvæðum laga nr. 23 19. júní 1922.

24. gr.

Skyld er að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum, ef skyld er að slysaftryggja þær samkvæmt lögum nr. 74 31. desember 1937. Tryggingarskylda þessi hvílir á sömu aðilum og skyldan til að tryggja skipshafnirnar hinn almennu slysaftryggingu samkvæmt nefndum lögum.

25. gr.

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.

Nú eru samningar gerðir milli stéttarfélaga útgerðarmanna og stéttarfélaga sjómanna um viðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu, en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða sím-skeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 34. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarfélaga, fær hin viðtækari trygging ekki gildi, fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskirteini.

26. gr.

Stjórn félagsins ákveður eigin áhættu þess á hverri tryggingu. Þó má félagið aldrei taka í eigin ábyrgð dánartryggingu fyrir hærri upphæð en kr. 500000.00 í einu á hverju skipi.

Nú getur félagið ekki tekið lögboðna eða umsamda tryggingu á skipshöfn að

fullu í eigin áhættu og skal það þó taka það, sem á vantar, enda sé endurtrygging 61
fáanleg hjá öruggu vátryggingarfélagi, að dómi félagsstjórnar. 6. maí

Sé súk endurtrygging ekki fáanleg, eða ef hún ferst fyrir vegna vanrækslu þess, sem tryggingarskyldan hvílir á samkvæmt 24. gr., ábyrgist ríkissjóður, gegn iðgjaldi, er ráðherra ákveður eftir tillögum félagsstjórnar, þann hluta hinnar lögboðnu tryggingar, sem umfram er eigin áhættu félagsins.

27. gr.

Útgerðarmanni ber hverju sinni að tilkynna félaginu eða umboðsmanni þess, fyrir hvaða upphæð hann þarf að tryggja skipshöfn sína, og veita aðrar þær upplýsingar, er þýðingu hafa fyrir áhættuna, þar á meðal einkum: Tryggingartíma, tölu skipverja, hvort skipið er í ferðum til annarra landa eða ekki, og hvort tryggja skuli viðtækari tryggingu en hinni lögboðnu.

Nú rennur trygging út, og skal hún þá endurnýjuð á kostnað útgerðarmanns, ef hann hefur ekki tilkynnt félaginu í tæka tíð, að henni skuli breytt eða hún falla niður. Útgerðarmaður ber ábyrgð á því, að vátryggingaupphæðir séu nægilega háar.

Ef vanrækt hefur verið að tryggja þá, sem tryggja ber, á félagið engu að síður kröfu á iðgjaldi fyrir áhættuhluta sinn, samkvæmt almennum reglum sínum.

Útgerðarmönnum ber að bæta félaginu, eða eftir atvikum ríkissjóði, allt tjón, er hlýzt af röngum eða villandi upplýsingum þeirra, eða annarri vanrækslu á tryggingum, er þeim ber að sjá um, þar með talin vanræksla á því að tilkynna í tæka tíð að tryggingu skuli breytt eða hún falla niður, sbr. 2. mgr.

28. gr.

Rangar upplýsingar frá hendi tryggða skerða ekki rétt hans, ef það sannast, að hann hafi óviljandi gefið rangar upplýsingar, enda greiði útgerðarmaðurinn það, sem vangoldið kann að hafa verið af iðgjaldinu. Sannist hins vegar, að hann hafi visvitandi gefið rangar upplýsingar félaginu til skaða, missir hann rétt sinn til bóta frá því. Í öðrum tilfellum skulu kröfur hans til bóta miðast við þau iðgjöld, sem goldin hafa verið fyrir hann.

29. gr.

Iðgjöld ákveður stjórn félagsins fyrir ákveðna ferð eða ákveðinn tíma, í samræmi við áhættuna, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað sams konar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og hvíla sem lögveð á skipinu eða vátryggingabótum þess.

30. gr.

Tryggingin gildir um ákveðið tímabil eða ákveðna ferð, eftir ástæðum. Tímabil reiknast frá hádegi þess dags, sem tryggingin hefst og til hádegis þess dags, sem henni lýkur. Ferð reiknast, sé annars ekki getið í ábyrgðarskjali félagsins, frá síðustu höfn hér á landi til fyrstu íslenzkrar hafnar á heimleið.

31. gr.

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiði útgerðarmenn fiskiskipa, 5 rúmlesta (brúttó) og stærri, kr. 4.00 í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta kr. 2.00 á viku. Það, sem vantar á fullt iðgjald, greiðir ríkissjóður, enda fær hann uppbót (bónus), er þessir útgerðarmenn kunna að eignast tilkall til.

Hlunninda samkvæmt þessari grein njóta aðeins skip innan við 80 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

61

6. maí

Iðgjald reiknast eftir þeim tíma, sem sjómaðurinn er lögskráður eða ráðinn til, og telst í vikum frá þeim degi, er hann kom í skiprún, á sama hátt og iðgjöld til slysa-tryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins.

Útgerðarmaður greiðir skráningastjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Útgerðarmönnum skipa ber að greiða iðgjöld fyrir skipverja sína, sem ráðnir eru fyrir ákveðið kaup eða hluta af afla, en sé um að ræða sameiginlega útgerð allra skipverja, greiðast iðgjöldin af óskiptum afla skipsins.

33. gr.

Skráningastjórar skipshafna skulu senda félaginu skýrslur um skráningu eða ráðningu skipshafna á tryggingarskyld skip. Félagið leggur til eyðublöð fyrir skýrslurnar.

Þá skulu skráningastjórar annast innheimtu iðgjalda og umboðsmennsku eftir því sem félagsstjórn ákveður. Skrifstofa félagsins annast innheimtu iðgjalda fyrir þær skipshafnir sem eru svo stórar, að félagið þarf að endurbyggja nokkurn hluta dánaráhættunnar, en skráningastjórar fyrir aðrar skipshafnir, þar til öðruvísi verður ákveðið. Sé skráningastjóri í vafa um hvort honum ber að innheimta iðgjöld fyrir skipshöfn samkvæmt framangreindri reglu, getur hann krafizt þess, að útgerðarmaðurinn sanni, með viðurkenningu frá skrifstofu félagsins (iðgjaldskvittun, símskeyti) að iðgjald sé greitt til hennar.

Í lok hvers mánaðar ber skráningastjórum að greiða til félagsins öll iðgjöld innheimt í mánuðinum. Um áramótin gera þeir reikningsskil eftir fyrir mælum félagsins, og skal þeim lokið fyrir 1. apríl ár hvert. Í innheimtulaun ber þeim 4% af þeim iðgjöldum, sem þeir innheimta fyrir skipshafnir á skipum, sem lögskráð er á, en 8% af iðgjöldum fyrir áhafnir smærri skipa. Nú dragast reikningsskil fram yfir 1. apríl, og lækka innheimtulaunin þá niður í 3% og 6%.

Þegar skipstjóri hefur innheimtuna á hendi í umboði lögreglustjóra, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans.

IX. KAFLI

Um stríðsslysabætur.

34. gr.

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglu:

1. a. Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðnir eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, sbr. lög nr. 104 30. des. 1943, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því er slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.
- b. Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrgreindra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Félagisstjórn getur ákveðið, að örorkubætur greiðist sem árlegur lífeyris, ef örorkan er metin 50% eða meiri.
- c. Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri .	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

2. Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálesta (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir, og skal félagsstjórnin verja þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingafélögum, til tryggða sjálfs eða þeirra vandamanna hans, er bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða ömur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á.

Ef togarar eða önnur skip minni en 300 smalestir (brúttó) sigla til útlanda, skulu skipverjar þeirra tryggðir á sama hátt og segir í næstu málsgrein hér á undan, frá því er skip lætur úr síðustu höfn hér á landi og þar til það tekur hér höfn aftur.

35. gr.

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn. Þau börn hins látna, sem eru eldri en 16 ára og hafa verið á framfæri hans sökum varanlegrar örorku (eigi minna en 50% örorku), hafa sama rétt til bóta og börn yngri en 16 ára. Systkini hins látna, sem voru algerlega á framfæri hans sökum bernsku eða örorku (50%), þegar slysið vildi til, hafa sama rétt til bóta og börn, en bætur til þeirra skerða þó ekki bótarétt barna eftir reglum fyrstu málsgreinar, staflið c, 34. gr.

36. gr.

Þegar slys ber að höndum, skal það tilkynnt vátryggingafélaginu svo fljótt, sem unnt er. Skal greina hvar, hvenær og hvernig slysið vildi til, hverjir hafi látizt og hverjir slasazt og aðrar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að ákveða bóta-skyldu tryggingarinnar. Slasaðir menn skulu leita lækni, strax og kostur er.

37. gr.

Til grundvallar fyrir ákvörðun um örorkubætur skal leggja læknisvottorð um óvinnuhæfni eða örorku. Skal það gefið í því formi, sem vátryggingarfélagið ákveður og af tryggingayfirlækni, ef til hans næst, annars af öðrum lækni, sem félagið tekur gildan. Heimilt er félaginu að láta lækni-sskoðun fara fram á ný, ef ástæða þykir til að ætla, að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi verið gefnar, eða að heilsufar slasaða hafi breytzt verulega frá því, að lækni-sskoðun fór fram. Sama rétt hefur slasaði í eitt ár.

38. gr.

Dánarbætur aðrar en lífeyrir, skulu greiddar í einu lagi og komi til útborgunar eigi síðar en mánuði eftir að félagið hefur fengið fullnægjandi upplýsingar um lát

61 tryggða. Öror kubætur greiðast í einu lagi, ef örorkan er metin 50% eða minni, annars 6. maí má greiða þær sem lífeyri.

39. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

40. gr.

Eigi hinn tryggði eða bú hans skaðabótarétt gegn þriðja aðila út af atviki því, er olli greiðsluskyldu félagsins, öðlast félagið þann bótarétt, er það greiðir bæturnar, að því leyti sem með þarf, til þess að það verði skaðlaust.

X. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

41. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 100000 krónum, og skal farið með mál út af brotum á henni sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 106 30. des. 1943 til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 33 12. marz 1941.

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1944.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

62 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frá Önnu Ingvars-
9. maí dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. maí 1944.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Önnu Ingvarsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður frú Önnu Ingvarsdóttur.

2. gr.

Sunnukórinn á Ísafirði stofnaði sjóðinn með 1000 króna gjöf samkv. gjafa-
bréfi dags. 2. des. 1943. En þann dag, og af og til síðan, hafa honum borizt margar
gjafir, og í dag, á fertugasta og fjórða afmælisdegi Önnu, er hann orðinn 7200 kr.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styðja til söngs- eða tónlistarnáms, með styrkveitingum eða lánum, efni-
lega nemendur í þeim greinum.
2. Að styrkja til starfs í bænum söngstjóra, kirkjuorganista, söngkennara eða
aðra þá, er starfa að söng eða tónlist bæjarbúum til uppbyggingar. Allt eftir
nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, kosnum þannig: Sunnukórinn kýs formann og þrjá meðstjórnendur, en sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju kýs fjórða meðstjórnandann. Á sama hátt skal kjósa 5 varamenn, og sé tiltekið, hver sé varamaður hvers aðalmanns. Kjörtímabilið er til 65 ára aldurs, nema stjórnarmeðlimur óski að víkja sæti fyrr, eða flytji lögheimili sitt frá Ísafirði. Þegar aðalmaður fer úr stjórninni, hvort sem er vegna dauðsfalls eða af öðrum ástæðum, tekur varamaður hans sæti sem aðalmaður. Nú losnar sæti varamanns, af þessum eða öðrum ástæðum, og skal þá stjórn sjóðsins þegar í stað kjósa varamann í hans stað.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa löggilta gerðabók, og færa í hana allt, sem henni þykir máli skipta, þar á meðal kosningar í stjórnina, og sé þar greinilega tekið fram, fyrir hvern aðalman hvern varamaður sé. Einnig skal færa í gerðabókina niðurstöður ársreikninga þannig, að gerðabókin sé um leið efnahagsbók.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin ávallt hafa samið ársreikninga eigi síðar en 15. marz. Leita skal stjórnin til sóknarprestisins á Ísafirði og bæjarstjóra Ísafjarðarkaupstaðar um endurskoðun reikninga. Standi svo á að þeir eigi sæti í stjórninni, skal hún leita til endurskoðenda bæjarreikninganna, eða löggilds endurskoðanda, ef hann er til í bænum. Skal endurskoðun lokið fyrir 31. marz. Afrit af ársreikningum sjóðsins skal sent Sunnukórnum.

7. gr.

Þann 8. apríl skal stjórnin koma saman, til að ræða um hag sjóðsins, og til hugleiðinga um fjáröflun, honum til styrktar. Skal einnig á þessum fundi taka til athugunar hversu miklum styrk sé hægt að úthluta, sbr. 8. gr. Skal ákvörðun um úthlutun gerð kunn með auglýsingu í blaði, eða á þann hátt, sem venja er að birta auglýsingar, er almenning varða.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 25 þúsund krónur má úthluta helming tekna hans öðrum en vöxtum. Þegar hann er 50 þúsund má úthluta öllum tekjum hans öðrum en vöxtum. Þegar hann er 75 þúsund, má auk þess veita helming vaxta, og þegar hann er orðinn 100 þúsund, má úthluta öllum tekjum sjóðsins, nema $\frac{1}{4}$ vaxta, sem ávallt skal leggja við höfuðstól, unz hann er orðinn 200 þúsund krónur, en þá má úthluta öllum tekjum sjóðsins.

9. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, að kaupa fyrir fé hans bankavaxtabréf veðdeildar Landsbanka Íslands, hliðstæð verðbréf, tryggð með öruggu fasteignaveði, eða verðbréf með ríkisábyrgð. Peningar, sem kunna að liggja fyrir, skulu ávaxtaðir á tryggum stað, enda samþykki allir stjórnendur, hvernig peningar og aðrar eignir sjóðsins eru ávaxtaðar og varðveittar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ísafirði, 8. apríl 1944.

Jónas Tómasson.

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Ársreikningur 1943.

Höfuðstóll:

1. Eign frá fyrra ári, samkv. birtum reikningi	kr. 119629.07
2. Aukning árið 1943, samkv. eftirfarandi reikningi	— 279.29
	Kr. 119908.36

Eignum sjóðsins er þannig varið:

1. Veðdeildarbréf	kr. 29800.00
2. Jarðræktarbréf	— 15000.00
3. Kreppulánasjóðsbréf	— 8000.00
4. Veðskuldabréf	— 40833.33
5. Inneign í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands	— 26275.03
	Kr. 119908.36

Tekjur:

1. Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 1540.00
2. — — jarðræktarbréfum	— 935.00
3. — — kreppulánasjóðsbréfi	— 440.00
4. — — veðskuldabréfum	— 3195.00
5. — — bankainnstæðu	— 169.29
	Kr. 6279.29

Gjöld:

1. Styrkur til Eggerts Steinþórssonar, til framhaldsnáms í skurðlækningum í Kanada	kr. 3000.00
2. Styrkur til Kristjáns Jónassonar, til framhaldsnáms í læknisfræði (embættislækningum) í Kanada	— 3000.00
3. Lagt við höfuðstól	— 279.29
	Kr. 6279.29

Forsætisráðherrann, 24. janúar 1944.

F. h. r.

E. u.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

64

7. júní

um mat á freðfiski.

1. gr.

Allur freðfiskur, sem út er fluttur héðan af landi, skal metinn af matsmönnum undir umsjón fiskimatsstjóra.

2. gr.

Fiskur, sem ætlaður er til hraðfrystingar, skal vera nýr og óskemmdur. Fiskurinn skal metinn um leið og honum er veitt móttaka í hraðfrystihúsinu.

3. gr.

Matsmaður skal fylgjast nákvæmlega með allri verkun, frystingu og geymslu fisksins. Þess skal gætt, að ekki líði meira en 12 klukkutímar frá því að veiðiskipið kemur að landi og þar til fiskurinn er frystur. Þó má líða lengri tími til frystingar en að framan greinir, ef fiskurinn hefur verið vel kældur strax eftir að honum var skipað á land, en þó að jafnaði ekki nema 36 klukkutímar.

Fiskur, sem kældur hefur verið um borð í skipi, skal strax tekinn til frystingar.

4. gr.

Við útskipun freðfisks skal matsmaður gæta þess, að fiskurinn sé í góðu ásigkomulagi og í fullnægjandi umbúðum. Jafnframt skal matsmaður sjá um, að fiskurinn komist í góðu ástandi um borð í móttökuskip.

5. gr.

Nú telur matsmaður í einhverju ábótavant um meðferð, frystingu eða geymslu freðfisksins og skal hann þá tilkynna það tafarlaust forráðamönnum frystihússins svo og fiskimatsstjóra.

6. gr.

Hafi framangreindum ákvæðum verið fullnægt og fiskurinn góð vara, skal matsmaður um leið og fiskurinn er fluttur út, gefa vottorð um gæði hans. Vottorð þetta skal vera í því formi, sem atvinnumálaráðuneytið ákveður.

7. gr.

Lögreglustjórar skipa matsmenn á hverjum stað, þar sem hraðfrystihús eru, samkvæmt tillögum fiskimatsstjóra. Þeir skulu áður en þeir taka til starfa rita undir eiðstaf, sem atvinnumálaráðuneytið fyrirskipar.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar eftirlitsmann til aðstoðar fiskimatsstjóra við framkvæmd mats á hraðfrystum fiski.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum allt að 10000 krónum.

Bráðabirgðaákvæði.

Um þann fisk, sem frystur hefur verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skal matsmaður votta að fiskurinn hafi verið geymdur við hæfilegan kulda og að fiskurinn sé að öðru leyti í góðu ásigkomulagi.

64 Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92/1935, um meðferð, 7. júní verkun og útlutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

65
26. júní

REGLUGERÐ

um skyldu til að halda eftir af kaupum upp í skattgreiðslur.

1. gr.

Nú hefur skattgreiðandi ekki greitt tekju- og eignarskatt sinn til ríkissjóðs að fullu á réttum gjalddaga, sem er á manntalsþingi ár hvert, og skal kaupgreiðanda hans þá skylt samkvæmt kröfu innheimtumanns skattanna að halda eftir af kaupum skattgreiðanda nægilegri fjárhæð til greiðslu á hinum vangoldnu sköttum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Orðið kaup í reglugerð þessari tekur til hvers konar kaups, launa eða annarar þóknunar, þ. á m. eftirlauna og styrktarfjár, og það jafnt hvort greiðslan er samkvæmt vinnusamningi, verksamningi (akkorði), eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

Kaupgreiðandi telst sérhver sá, er innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort sem er fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar.

2. gr.

Til lúkningar greiðslum þeim, sem um ræðir í 1. gr., skal þó ekki haldið eftir meira en $\frac{1}{5}$ af því kaupum, sem til útborgunar á að koma í hvert sinn, ef í hlut á skattgreiðandi, sem á fyrir heimili að sjá, en ella $\frac{1}{3}$. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu hlunnindi þessi þá talin með, þegar út er reiknaður sá hluti kaupsins, sem eftir skal haldið til skattgreiðslu, og á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

3. gr.

Kaupgreiðandi, sem fyrir hefur verið lagt á þann hátt, sem um ræðir í 1. gr., að halda eftir af kaupum, skal við næstu útborgun — þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, og framvegis við útborganir, þar til hin umkröfðu gjöld eru að fullu greidd, draga af kaupum skattgreiðanda þann hluta þess, sem heimilt er að halda eftir samkvæmt 2. gr., og skal hverri þeirri fjárhæð, sem þannig er haldið eftir, skilað innheimtumanni innan tveggja virkra daga frá hverjum útborgunardegi talið, og er sú greiðsla bindandi fyrir skattgreiðanda.

4. gr.

Allir kaupgreiðendur skulu, þegar innheimtumaður skattanna krefst þess, skyldir til að láta honum í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem innheimtumaður óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag, fæðingarár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig það er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er gera skal kröfu um greiðslu skatta af kaupum.

Krefjast má innheimtumaður framangreindra skýrslna með munnlegri kröfu

eða skriflegri, svo og með almennri auglýsingu, og skulu skýrslurnar látnar í té innan þess tíma, er innheimtumaður ákveður. 65

26. júní

Allir þeir, sem hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu, ef þess er krafizt af innheimtumanni, skyldir til að senda honum afrit af kaupgjaldsskrám sínum það snemma, að unnt sé að gera kröfu um skattgreiðslur þeirra, er við kaupinu eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

5. gr.

Nú hættir skattgreiðandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslur upp í skatta hans og skattarnir eru ekki að fullu greiddir, og skal kaupgreiðandi þá án tafar tilkynna innheimtumani brottför skattgreiðanda og skila fé því, er eftir hefur verið haldið, ásamt tilheyrandi innheimtuskjölum.

6. gr.

Skattgreiðandi eða kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið að skattar skulu greiddir af kaupi skattgreiðanda.

Ef kaupgreiðandi:

7. gr.

- a. vanrækir að láta innheimtumanni í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um skattgreiðendur innan tiltekins frests;
- b. greiðir skattgreiðanda kaup, án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkvæmt reglugerð þessari;
- c. skilar eigi til innheimtumanns svo sem segir í 3. gr.;
- d. tilkynnir ekki innheimtumanni, svo sem segir í 5. gr., brottför skattgreiðanda; þá ábyrgist hann sem eigin skuld þá upphæð, sem var eða hefði getað verið haldið eftir hjá skattgreiðanda upp í skattgreiðslur hans, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga nr. 6 frá 9. júní 1935, um tekju- og eignarskatt, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 25 frá 28. janúar 1941.

Fjármálaráðuneytið, 26. júní 1944.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

REGLUGERÐ

um mat og eftirlit með útflutningi á ísvörðum fiski.

66

26. júní

1. gr.

Fiskiskip eða bátar, er veiða fisk, sem ætlaður er til útflutnings ísaður, eða til frýstingar hér á landi, skulu hafa hreinar og sléttar lestir, svo að fiskurinn merjist ekki á slám eða ójöfnum. Lestirnar séu með hæfilega stórum stíum og neðst í þeim þéttrimlaðar grindur, sem blóð og vatn getur runnið gegnum. Skjólþil úr rimlum skal haft við vélarrúmið. Lestir og skilrúm skulu máluð eða lakkborin ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

2. gr.

Í skipum, sem flytja út nýjan ísvarinn fisk, eiga lestirnar að vera sléttar að innan. Í lestunum skulu vera hæfilega stórar stíur og nægilega margar hillur í hverri þeirra, svo að ekki hvíli mikill þungi á fiskinum. Lestir, stíur og hillur skulu vera málaðar eða lakkbornar og málningin endurnýjuð ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Lestir skipanna, svo og skilrúms- og hilluborð, skulu þvegin vandlega áður en fiskur er ísaður í skipin. Öðru hvoru verður að úða lestir og lestarbúnað með formalínblöndu. Í gufuskipum má, í stað þess að nota gerlaeyðandi efni, þetta öll op á lestunum og hleypa í þær heitri gufu í að minnsta kosti 12 klukkustundir.

3. gr.

Ísvarinn fiskur, sem er sendur frá Íslandi til útlanda, verður að vera vel blóðgaður, nýr og óskemmdur, svo ætla megi að geymsluþol hans í ís sé svo mikið, að hann komi í góðu ástandi á ákvörðunarstað. Fiskurinn má ekki hafa legið í fiskibáti lengur en 1 sólarhring frá því að hann var veiddur, þangað til hann er afgreiddur til ísunar í útflutningsskip.

Hafi fiskurinn verið ísaður í veiðiskipi jafnóðum og hann veiddist, má, á tímabilinu frá 1. maí til 30. september, bolfiskur liggja allt að tvo sólarhringa, en flatfiskur allt að þrjú sólarhringa í fiskibáti þar til hann er afgreiddur í útflutningsskip. Á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl má, þegar um ísvarinn fisk í fiskibáti er að ræða, líða allt að helmingi lengri tími frá því fiskurinn er veiddur og þar til hann er afhentur í útflutningsskip.

4. gr.

Þegar fiskur er ísaður í bátum skal leggja bolfisk þannig, að kviðurinn snúi niður, en flatfisk svo að hvíta hliðin snúi upp.

5. gr.

Ekki má flytja út þorsk smærri en 40 cm, ýsu smærri en 30 cm og flatfisk smærri en 27 cm. Þessi mál á nýjum fiski eru miðuð við lengdina frá trjónubroddi að sporðsenda.

6. gr.

Fiskurinn skal vera blóðgaður þannig, að skorið sé yfir hálsæðarnar báðum megin á fiskinum lifandi. Hann skal vera vel aðgerður og þveginn um leið og hann er slægður. Sérstaklega skal þess vandlega gætt, að ekki séu eftir í kviðarholi fisksins leyfar af lifur, innnyflum eða blóði.

7. gr.

Bolfisk skal leggja í stíur þannig, að kviðurinn snúi niður, svo að vatn standi ekki í kviðarholi fisksins, en flatfisk á að reisa lítið eitt á rönd og hvíta hliðin að snúa upp.

8. gr.

Til ísunar má aðeins nota hreinan, smámulinn ís eða hreinan, harðan snjó. Við ákvörðun á því ísmagni kemur til greina: Hve langan tíma má áætla að geyma þurfi fiskinn í ís, árstíminn, veðráttan og ástand íssins. Til leiðbeiningar skal bent á, að ekki er ráðlegt að nota minna en 300 kg af ís í eina smálest af fiski.

9. gr.

Fiskimatsstjóri hefur yfirumsjón með mati á ísvörðum fiski og eftirliti því, er ræðir um í þessari reglugerð. Hann sker úr vafaatriðum, er kunna að koma fyrir. Yfirfiskimatsmönnum og fiskimatsmönnum er skylt að hlíta fyrir mælum hans.

10. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því að ákvæði reglugerðar þessarar séu haldin. Þeir segja fiskimatsmönnum fyrir verkum og hafa eftirlit með störfum þeirra.

Útflytjanda er skylt að tilkynna fiskhleðslu svo tímanlega, að yfirfiskimatsmaður eða umboðsmaður hans geti skoðað farmrúm útflutningsskips áður en fiskur er látinn í það og að þeir geti verið viðbúnir að meta fiskinn og annast nauðsynlegt eftirlit. Útflytjandi ber kostnað við matið og af eftirliti við það.

Yfirfiskimatsmaður gefur vottorð um fisk þann, sem fluttur er út samkvæmt þessari reglugerð. Í vottorðinu skal tekið fram um ástand farmrúms; svo og um ísun fisksins og tíma þann, er fór til þess að taka farminn.

Yfirfiskimatsmaður eða umboðsmaður hans getur stöðvað fiskeendingar, ef ákvæðum reglugerðar þessarar er ekki fullnægt.

11. gr.

Fiskimatsmenn annast mat á ísvörðum fiski og eftirlit með fiskibátum og útflutningsskipum, undir umsjón yfirfiskimatsmanns, og ber þeim að hlýða fyrirskipunum hans.

Fiskimatsmenn líta eftir því, að fólk, sem vinnur við fiskinn, starfi að því samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Kaup fiskimatsmanna við fiskimat og eftirlit, samkvæmt þessari reglugerð, er hið sama og fyrir vinnu við saltfisksmat á hverjum tíma.

Matsmenn, sem meta nýjan ísaðan fisk til útflutnings og matsmenn, sem meta nýjan fisk til hraðfrystingar, skulu hafa nána samvinnu innbyrðis.

12. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra skipa, er flytja út fisk. Umráðamönnum þeirra skipa, er flytja út eigin afla, er skylt að hlíta ákvæðum reglugerðarinnar, en með því að fiskimatsmenn geta ekki haft eftirlit með afla þeirra eða meðferð hans í skipinu, er yfirfiskimatsmönnum aðeins skylt að gefa vottorð um að lestirnar hafi verið vel hreinar og allur útbúnaður þeirra í góðu lagi. Fyrir slíkt eftirlit og vottorð ber fiskeigendum að greiða yfirmatsmönnum 10 krónur auk verðlagsuppbótar í hvert sinn.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 krónum.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. júlí 1944 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1944.

*Ríkisstjórabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugar-
daginn 10. júní 1944, undirskrifað af ríkisstjóra 26. maí 1944, nr. 28.*

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Ís-
landi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944, undir-
skrifuð af ríkisstjóra 31. maí 1944, nr. 29.*

*Ríkisstjórabréf um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum, undirskrifað
af ríkisstjóra 14. júní 1944, nr. 30.*

*Lög um leigunám veitingasala o. fl. á Hótel Borg í Reykjavík til veizlufagn-
aðar á lýðveldishátíðinni, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 31.*

67 17. maí Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 34. tbl. Lögbirtingablaðsins 1944, um endurnýjun ferðaskírteina skipa að boði brezku flotastjór- arinnar.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. júní 1944, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúl-
num, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka
vice-konsúlnum.

68 11. maí **REGLUGERÐ** um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmála-
stofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo
og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefur verið um, á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins, og til reiðvegar Reykvíkinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinn-
ingar borgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

68

Engin upphæð verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðarreglum félagsins. 11. maí

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðfé aftur að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt að innskot fái st að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðarreglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik, missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup, og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní næstkomandi og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 31. maí 1927, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. maí 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

69

um kjördaga við atkvæðagreiðslu um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins og um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. 15. maí

Kjördagar við atkvæðagreiðslu samkvæmt lögum nr. 17 24. marz 1944 skulu vera dagarnir 20.—23. maí 1944, að báðum meðtöldum.

Um tilhögun atkvæðagreiðslunnar kjördagana fer eftir alþingiskosningalögum að því leyti er framangreind lög ákveða ekki sérstaklega.

Dómsmálaráðuneytið, 15. maí 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

70
15. maí

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Miðdalahreppi, Dalasýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Miðdalahreppi og aðgangur er seldur að, og ekki eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.

2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í 2. flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Hreppsnefnd Miðdalahrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann, er nefnist eftirlitsmaður skemmtana.

5. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Eigi síðar en þrem dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

6. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða, ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

7. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna til barnaskólasjóðs hreppsins. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar að minnsta kosti tíföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 krónur. Mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 15. maí 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

70

15. maí

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Krossavíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis,
nr. 161 25. september 1942.

71

16. maí

1. gr.

Fyrri hluti 15. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir notkun hafnarinnar eru þessi:

B á t a g j ö l d :

Vélbátar um vetrarvertíð, frá 1. jan. til 14. maí	kr. 19.00	fyrir hverja smál.
— — sumarvertíð, frá 14. maí til 24. sept. . .	— 13.00	— — —
— — haustvertíð, frá 24. sept. til 31. des. . .	— 13.00	— — —
Bátar, sem ganga allt árið, greiði	— 39.00	— — —
Bátar frá 6—10 smál. greiði	— 30.00	— — —
Bátar frá 10—20 smál. greiði	— 26.00	— — —

Sjö síðari málsgreinarnar haldist óbreyttar.

2. gr.

Fyrri hluti 16. gr. orðist þannig:

Af vörum, sem fluttar eru í land eða skipað út í vikinni eða því hafnarsvæði, sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða gjöld þau, sem hér segir:

1. Af salti, kolum og sementi	kr. 4.50	fyrir hverja smál.
2. — útlendum áburði	— 4.50	— — —
3. — óverkuðum saltfiski	— 4.50	— — —
4. — verkuðum saltfiski	— 5.00	— — —
5. — nýjum fiski	— 2.30	— — —
6. — slægðum flatfiski	— 7.80	— — —
7. — frystum fiski	— 5.50	— — —
8. — þurrum fiskbeinum	— 5.00	— — —
9. — blautum fiskbeinum	— 2.30	— — —
10. — heilfötum (oliufötum)	— 1.00	— stykkið
11. — hálfötum og tómum tunnum	— 0.50	— —
12. — kjöti	— 7.50	— hverja smál.
13. — trjávörum og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli	— 0.15	— hvert ten.fet
14. — öllum öðrum vörum	— 0.65	— hver 100 kg

71 Póst- og farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu.
16. maí Þrjár síðari málsgeinarnar haldist óbreyttar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT

72
16. maí

um lokun sölubúða í Ólafsfjarðarkauptúni.

1. gr.

Sölubúðum í Ólafsfirði skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, á föstudögum eigi síðar en kl. 7 síðdegis og á laugardögum eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. júní til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í kaupúninu eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða að sölubúðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyrr eða opnaðar seinna en samþykkt þessi ákveður.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokun sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur þessar undantekningar.

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h., eingöngu til sölu á brauðum, mjólk og mjólkurvörum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistaforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.

6. gr.

Þá, sem kommir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir 72
að lokað er. 16. maí

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Skógræktarsjóð Gnúpverja“, út- 73
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. maí 1944. 16. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Skógræktarsjóðs Gnúpverja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skógræktarsjóður Gnúpverja, og er stofnaður af gjöfum til Búnaðarfélags Gnúpverja á 100 ára afmæli þess, 6. júní 1943.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf Búnaðarsambands Suðurlands, 500 — fimm hundruð — krónur, svo og gjöf frá ónafngreindum manni, 100 — eitt hundruð — krónur, afhentar þennan afmælisdag. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að aukinni skógrækt í Gnúpverjahreppi, eftir því, sem geta sjóðsins leyfir á hverjum tíma, t. d. með því að styrkja menn til þess að koma upp skrudgörðum og skógarreitum eða verðlauna slíkar framkvæmdir eða á þann hátt annan, sem stjórn sjóðsins kveður á um.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Einn kosinn á aðalfundi búnaðarfélagsins, og er hann formaður stjórnarinnar, annar kosinn á aðalfundi ungmennafélagsins og sá þriðji á aðalfundi kvenfélagsins. Stjórnin er kosin til eins árs í senn. Leggist þessi félag niður, kvenfélagið og ungmennafélagið, skulu allir mennirnir kosnir á aðalfundi búnaðarfélagsins.

73

16. maí

5. gr.

Stofnfé sjóðsins allt skal ávaxtað í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Helmingur vaxtanna skal jafnan leggjast við höfuðstólinn, en hinn helmingur þeirra falla árlega til útborgunar til stjórnar sjóðsins, þegar allir ársvextirnir nema 100 kr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum og annast reikningshald hans og skulu reikningar hans birtir með reikningum búnaðarfélagsins.

7. gr.

Leita skal ríkisstjórastaðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

74

16. maí

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Kornræktarsjóð Gnúpverja“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. maí 1944. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Kornræktarsjóðs Gnúpverja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kornræktarsjóður Gnúpverja og er stofnaður af Búnaðarfélagi Gnúpverja á 100 ára afmæli þess, 6. júní 1943, til minningar um þá menn, er hófu félagsbundin störf í þágu ræktunarmála í Gnúpverjahreppi fyrir hundrað árum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag búnaðarfélagsins sjálfs, 1000 — eitt þúsund — krónur til sjóðstofnunar, svo og gjafir Gnúpverjahreppsúa þennan afmælisdag, að upphæð 3015 — þrjú þúsund og fimmtán — krónur.

Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma af stað og styrkja kornrækt í Gnúpverjahreppi, eftir því sem geta sjóðsins leyfir á hverjum tíma, með rekstri eða styrk til kornræktarstöðvar, verkfærakaupa eða á annan þann hátt, er stjórn sjóðsins kveður á um.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Búnaðarfélags Gnúpverja.

5. gr.

2000 kr. af stofnfé sjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Helming vaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstólinn, en hinn helmingur þeirra falla til útborgunar til stjórnar sjóðsins, þegar allir ársvextirnir nema 100 kr.

Hinn hlutann af stofnfé sjóðsins skal stjórn hans varðveita og ráðstafa ásamt öðrum tekjum hans, samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum og annast reikningshald hans og skulu reikningarnir birtir með reikningum búnaðarfélagsins.

7. gr.

74

Leita skal ríkisstjórástaðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna. 16. maí

REGLUGERÐ

75

um skömmtnun á kaffibæti.

16. maí

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Bannað er að selja kaffibæti, nema gegn sérstökum seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar eða sérstökum innkaupsleyfum frá skömmtnunarskrifstofu ríkisins.

2. gr.

Þegar úthlutunartímabil hefst skal afhenda skömmtnunarseðil fyrir kaffibæti. Ráðuneytið ákveður hverju sinni með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu hversu mikill skammturinn handa hverjum manni skuli vera og hvenær úthlutunartímabil byrjar.

Að öðru leyti setur skömmtnunarskrifstofa ríkisins nánari reglur um fyrirkomulag úthlutunarinnar.

3. gr.

Hver sá, sem flytur til landsins kaffibæti, er skyldur að tilkynna skömmtnunarskrifstofu ríkisins um innflutninginn jafnskjótt og varan kemur til landsins. Enn fremur ber tollyfirvöldunum að tilkynna skrifstofunni í hvert sinn, er kaffibæti kemur til tollafgreiðslu, nafn innflytjanda og hversu mikið magn er um að ræða.

4. gr.

Kaffibætisverksmiðjur, heilðsöluverzlanir og aðrir, sem búa til eða flytja til landsins kaffibæti, mega ekki afhenda hann til smásöluverzlana eða annarra, nema gegn innkaupsleyfum, sem út eru gefin af skömmtnunarskrifstofu ríkisins. Þessir aðilar skulu og gefa skömmtnunarskrifstofunni, hvenær sem krafizt er, hvers konar skýrslur um framleiðslu, birgðir og sölu af þessari vöru og hráefni í hana.

5. gr.

Smásöluverzlanir skulu senda skömmtnunarskrifstofu ríkisins, svo oft sem hún telur þess þörf, skýrslur um innkaup, sölu og birgðir af kaffibæti.

Enn fremur skulu smásöluverzlanir afhenda hlutaðeigandi úthlutunarstjóra í byrjun hvers mánaðar seðla þá, sem afhent hefur verið út á í síðastliðnum mánuði. Seðlana sendir svo úthlutunarstjóri til skömmtnunarskrifstofunnar þegar hann hefur lokið endurtalningu á þeim.

6. gr.

Skömmtnunarskrifstofa ríkisins afhendir veitingahúsum, gistihúsum, sjúkrahúsum o. þ. h. stofnunum innkaupsleyfi fyrir því magni af kaffibæti, sem þeim kann að verða heimilað að nota.

7. gr.

Rísi ágreiningur um það, hvað telja beri skömmtnunarskyldan kaffibæti samkvæmt þessari reglugerð, sker skömmtnunarskrifstofa ríkisins úr.

75
16. maí

8. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka kaffibætisbirgðir framleiðenda og verzlana og hráefnabirgðir framleiðenda.

Þá getur ráðuneytið, eftir tillögum skömmtunarskrifstofunnar, lagt við allt að 100 króna dagsektir, ef hlutaðeigendur skila ekki á réttum tíma skýrslum þeim, sem fyrirskipaðar eru í þessari reglugerð.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð um skömmtun á kaffibæti, nr. 15 22. febr. 1944.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. maí 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

76
19. maí

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Ellihlutasjóð sjómanna á Flateyri í Önundarfirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. maí 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ellihlutasjóð sjómanna á Flateyri í Önundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 400 — fjögur hundruð — króna framlagi frá sjómannadeginum á Flateyri 1942.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins, 400 — fjögur hundruð — krónur, hefur verið lagt til ávöxtunar í Sparisjóð Önfirðinga.

Aukning sjóðsins verður með vöxtum stofnfjár, sem jafnóðum leggjast við höfuðstól. Enn fremur væntanleg tillög sjómannadagsins árlega, gjafir og áheit stofnana, félaga eða einstaklinga, sem styrkja vilja sjóðinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá fyrst og fremst að styrkja gamla sjómenn á Flateyri, sem orðnir eru fyrir elli sakir eða vanheilsu ófærir til þess að stunda sjó eða aðra atvinnu sér til framferis.

Heimilt er og, ef fé er fyrir hendi, að styrkja aðra sjómenn en gamalmenni, ef þeir hafa orðið fyrir slysum eða heilsubilun, sem veldur þeim atvinnutjóni, einnig er heimilt að styrkja ekkjur og börn sjómanna á Flateyri. Sá, sem styrk á að hljóta úr sjóðnum, verður að vera heimilismaður á Flateyri, og hafa verið það, að minnsta kosti tvö ár, er hann verður styrks úr sjóðnum aðnjótandi, þó er stjórn sjóðsins heimilt að vika frá þessu ákvæði ef alveg sérstaklega stendur á.

4. gr.

Sjóðurinn skal taka til starfa þegar hann er orðinn fullar 10000 — tíu þúsund — krónur. Má þá verja til styrkja $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — hlutum af vöxtum og árstekjum sjóðsins, en jafnan skal leggja $\frac{1}{4}$ — einn fjórða — hluta vaxta og árstekna við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn fullar 200000 — tvö hundruð þúsund — krónur, en upp frá því skal úthluta til styrkja árlega $\frac{1}{10}$ — níu tíundu — hlutum ársvaxta og öllum árstekjum sjóðsins, en $\frac{1}{10}$ — einn tíundi — hluti vaxta skal ávallt leggjast við höfuðstól.

76

19. maí

5. gr.

Sjómannaðagsráð Flateyrar skipar stjórn sjóðsins. Stjórnin sér ávallt um að sjóðurinn sé ávaxtaður á tryggum stað.

Stjórn sjóðsins ræður styrkveitingum úr sjóðnum, samkv. 3. og 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

Gjaldkeri sjómannaðagsráðs annast reikningsskil sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðendur reikninga sjóðsins skulu kosnir úr sjómannastétt utan sjómannaðagsráðs. Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu birtir árlega á samkomu sjómannaðagsins, í heyranda hljóði, og vera til sýnis hverjum manni úr sjómannastétt, er þess óskar. Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram í desember ár hvert.

6. gr.

Pótt niður falli hátiðahöld sjómannaðags á Flateyri, eitthvert ár, skal sjómannaðagsráð það, sem starfandi er á hverjum tíma, boða til almenns fundar sjómanna á sjómannaðaginn og kjósa sjómannaðagsráð, sem þá er jafnframt stjórn sjóðsins, svo og endurskoðendur.

Á þeim fundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar sjóðsins, svo sem fyrir er mælt í 5. gr. skipulagsskrárinnar.

Leita skal lögleggar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 20. febr. 1944.

Í sjómannaðagsráði Flateyrar:

Guðm. V. Jóhannesson. Sveinn Gunnlaugsson. Kristján Sigurðsson.
Fr. Hafberg. Magnús G. Pétursson. Kolbeinn Guðmundsson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Heilsuhælistjóð Náttúrulækningafélags Íslands“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. maí 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir heilsuhælistjóð Náttúrulækningafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Heilsuhælistjóð Náttúrulækningafélags Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Náttúrulækningafélagi Íslands (N. L. F. Í.) og er eign væntanlegs heilsuhælistis, sem verði sjálfseignarstofnun.

77

22. maí

3. gr.
Félagið hyggst að afla sjóðnum tekna með gjöfum, áheitum, samskotum, hlutaveltum og öðrum fjáröflunaraðferðum, sem við verður komið.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum, vel tryggðum skuldabréfum, og að öðru leyti í Landsbankanum í Reykjavík.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn: Formaður, ritari, gjaldkeri og 2 meðstjórnendur. Formaður skal tilnefndur af stjórn N. L. F. Í., en hinir 4 kosnir sameiginlega á aðalfundi félagsins, og kys sjóðstjórnin sjálf ritara og gjaldkera. Kjörtímabil sjóðstjórnar er 1 ár. Í varasjórn skulu 2 menn kosnir á aðalfundi, en stjórn N. L. F. Í. tilnefnir varaformann.

6. gr.

Endurskoðendur N. L. F. Í. eru um leið endurskoðendur sjóðsins.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins er 31. desember 1943 kr. 43171.41.

8. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að stofnun heilsuhælis eða hvíldar- og hressingarheimilis, þar sem viðhafðar verði náttúrlegar lækninga- og heilsuverndaraðferðir (ljós, loft, vatn, mataræði, hreyfing og hvíld).

9. gr.

Stjórn sjóðsins aflar sjóðnum tekna samkvæmt 3. gr. Hún annast allar fjárreiður sjóðsins, kemur fé hans á vöxtu samkvæmt 4. gr. og leggur reikninga hans endurskoðaða fyrir aðalfund félagsins til samþykktar árlega. Loks aðstoðar stjórn sjóðsins félagsstjórnina við val á stað fyrir hélið og við annan undirbúning að stofnun hælis eða heimilis samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

11. gr.

Greiða skal úr sjóðnum öll nauðsynleg útgjöld við starf sjóðstjórnarinnar og undirbúning að stofnun hælis. Þegar valinn hefur verið staður fyrir stofnun hælis og hann hlotið samþykki lögmaelts félagsfundar, er sjóðstjórn og félagsstjórn í samningu heimilt að verja fé úr sjóðnum til nauðsynlegra framkvæmda á staðnum.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema á lögætum aðalfundi N. F. L. Í., og þarf til breytinganna samþykki $\frac{2}{3}$ hluta mætttra félagsmanna.

13. gr.

Fyrsta sjóðstjórn skal leita staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

78
20. maí

um bann við veiði göngusilungs við ósa Svarfaðardalsár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, er öll veiði göngusilungs bönnuð í sjó fyrir strandlengjunni út frá ósum Svarfaðardalsár frá Hólsnaustum, utan Dalvíkur, að Hálshorni.

Bann þetta gengur í gildi 1. júní 1944.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

79
23. maí

um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

Við 132. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, sem verður c-liður, svo hljóðandi:
c. Rafmagnseftirlitið getur krafizt þess, að raforkuvirki, hlutar þeirra eða efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá því. Viðurkenningarmerkið skal vera upphafsstafurinn Í innan í hring. Rafmagnseftirlitið setur nánari reglur um notkun merkisins og má enginn nota merkið, nema með leyfi þess og samkvæmt þeim reglum, sem það setur. Hvergi má nota annað merki svo svipað þessu, að óttast þurfi, að villst verði á merkjunum við lauslega athugun.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki og lögum nr. 38 12. júní 1939, um viðauka við og breytingar á þeim lögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Skagfirðingasjóð“, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. maí 1944. 80
23. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skagfirðingasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skagfirðingasjóður og er stofnaður með arfleiðsluskrá hjónanna Pálma Péturssonar, fyrrverandi bónda á Sjávarborg og síðar kaupmanns á Sauðárkróki og frú Helgu Guðjónsdóttur konu hans. Er arfleiðsluskráin dagsett 30.

80 dag júnimánaðar 1936 og er nafn sjóðsins og önnur aðalatriði skipulagsskrár þess-
23. maí arar þar ákvæðið.

Höfuðstóll sjóðsins er að upphæð kr. 13450.00 — þrettán þúsund fjögur hundruð og fimmtíu krónur —.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja samgöngumál og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir í Skagafjarðarsýslu. Getur sýslunefndin sett með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun úr sjóðnum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinn með gjöfum, sem honum kann að áskotnast, og ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Þar til höfuðstóll sjóðsins hefur náð hálfri milljón gullkróna skal leggja helming ársvaxtanna við höfuðstólinn, en upp frá því einn fjórða hluta þeirra. Hinum hluta vaxtanna skal að jafnaði varið til að fullnægja tilgangi sjóðsins.

5. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur á hendi yfirstjórn sjóðsins. Kýs hún þriggja manna nefnd úr sínum hópi fyrir hvert kjörtímabil sýslunefndarinnar til þess að sjá um reikningshald sjóðsins og gera tillögur um árlegar fjárveitingar úr honum. Skal sjóðstjórnin halda gerðabók, þar sem færðar eru allar umsóknir um styrk úr sjóðnum, hverjir verða styrks aðnjótandi og annað, er máli skiptir um stjórn sjóðsins. Færa skal í gerðabókina reikninga sjóðsins.

6. gr.

Úthlutun er sjóðnum er því aðeins gild að fjórir fimmtu hlutar atkvæða allrar sýslunefndarinnar séu henni fylgjandi, annars falla allir vextirnir til höfuðstólsins. Engin úthlutun má gerast fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

7. gr.

Árlegur reikningur fyrir sjóðinn skal jafnan lagður fyrir aðalfund sýslunefndarinnar til endurskoðunar og úrskurðar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

81 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ingibjargar Björns-
24. maí dóttur, húsfreyju á Torfalæk“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. maí 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Björnsdóttur, húsfreyju á Torfalæk.

1. gr.

Sjóður þessi er myndaður af Sambandi Austur-Húnavetskra kvenna (S. A. H. K.) til minningar um húsfreyju Ingibjörgu Björnsdóttur á Torfalæk, er andaðist 10. sept 1940. Stofnfé sjóðsins er kr. 1512.87. Sjóðinn má auka með gjöfum og áheitum.

2. gr.

81

24. maí

Markmið sjóðsins er að styrkja fátaekar ekkjur og einstæðings mæður á félagssvæði S. A. H. K. vestan Blöndu, með árlegum fjárframlögum úr sjóðnum, og skulu konur úr Torfalækjarhreppi ganga fyrir að öðru jöfnu. Má styrkur til hverrar ekkju ekki nema minnu en kr. 50.00 — fimmtíu krónum — í hvert sinn, og skal honum úthlutað í desembermánuði ár hvert. Sjái stjórn sjóðsins ekki ástæðu til þess að veita fé því, sem til úthlutunar kemur, til ekkna, má hún bæta því við höfuðstólinn, ef um eitt einstakt ár er að ræða, en verja því að öðrum kosti til þess að styrkja námskeið fyrir konur, eða til annarra framfaramála kvenna á félagssvæði S. A. H. K.

3. gr.

Sjóðinn skal aðallega ávaxta með ríkistryggðum verðbréfum, en reiðufé hans skal ávaxta í Sparisjóði Austur-Húnavatnssýslu.

4. gr.

Byrjað skal að veita styrk úr sjóðnum þegar ársvextir hans eru orðnir kr. 100.44 — eitt hundrað krónur —. Skal þá jafnan veita úr honum hálfa ársvexti, unz ársvextir eru komnir upp í kr. 500.00. Úr því skal veita $\frac{1}{10}$ ársvaxta, en $\frac{1}{10}$ skal leggja við höfuðstólinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, karlar eða konur: 1. sýslumaður Húnavatnssýslu, 2. kosinn af S. A. H. K. og 3. ekkill Ingibjargar Björnsdóttur, eða einhver afkomandi hennar yfir 18 ára, búsettur á félagssvæðinu. Leggist S. A. H. K. niður, og engin hliðstæð stofnun komi í staðinn, eða sé ekkill Ingibjargar ekki á félagssvæðinu, né neinn afkomandi hennar eldri en 18 ára, þá kjósi sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu mann eða menn í þeirra stað.

Stjórnin skal starfa kauplaust, en útlagðan kostnað skal greiða af fé því, sem til úthlutunar kemur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal færa bók yfir eignir hans, tekjur og gjöld, og færa í hana ársreikning sjóðsins. Stjórninni ber enn fremur að halda gerðabók og færa inn í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Stjórnin skal árlega semja reikning yfir sjóðinn. Skal hann endurskoðaður og úrskurðaður af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu og birtur á sama hátt og aðrir reikningar sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu. Skal þetta gert þegar skipulagsskrá sjóðsins hefur fengið staðfestingu.

Þannig samþykkt á fundi Sambands Austur-Húnavetskra kvenna, Blönduósi, 5. júní 1942.

Þuríður Sæmundsen.

Steinunn Jósefsdóttir.

Guðrún Jónsdóttir.

82 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Kvikmynda- og hljómleikahúsið
24. maí Bíóhöllina á Akranesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð-
herra 24. maí 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina á Akranesi.

1. gr.

Við undirrituð hjón höfum með bréfi, dags. 28. september 1943, gefið Akranes-
kaupstað kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina við Vesturgötu nr. 29 á Akra-
nesi með gangstéttum umhverfis og tilheyrandi lóð, 770 fermetrum að stærð, ásamt
sýningarvélum og öllum útbúnaði innan húss, eins og þetta var í byrjun október-
mánaðar 1943, skuldlaust.

Tilgangur okkar með gjöf þessari er samkvæmt gjafabréfinu, að styðja mann-
úðar- og menningarmál innan Akraneskaupstaðar, og skal öllum arði af rekstri Bíó-
hallarinnar varið í því skyni.

Fer um stjórn Bíóhallarinnar og rekstrartekjur samkvæmt því, er nánar segir
í 2.--6. gr. skipulagsskrár þessarar.

2. gr.

Stjórn Bíóhallarinnar skipa fimm menn:

Við hjónin og Sturlaugur sonur okkar, meðan við erum á lífi, sóknarprestur
Akraneskirkju eða -safnaðar og bæjarstjóri Akraneskaupstaðar.

Eftir andlát okkar taka þrír nánustu afkomendur okkar eða makar þeirra sæti
í stjórninni, þó skulu þeir afkomendur okkar, sem heima eiga á Akranesi, ganga
fyrir um sæti í stjórninni. Á meðan annað hvort okkar er á lífi áskiljum við okkur
að ráða því sjálf, hver vandamanna okkar tekur sæti í stjórninni með okkur.

Ef fleiri en þrír jafnnánir afkomendur okkar eiga heima í Akraneskaupstað,
taka þeir þrír menn sæti í stjórn, sem tilnefndir eru af afkomendum okkar innan
kaupstaðarins. Nú verða atkvæði jöfn við tilnefningu og ræður þá hlutkesti.

Nú eiga færri en þrír afkomendur okkar eða makar þeirra heima á Akranesi
og skulu þá stjórnarnefndarmenn boða til fundar með þeim afkomendum okkar,
sem til næst, með opinberri auglýsingu, er birt sé með hæfilegum fyrirvara, og til-
nefna þeir þá menn, er til vantar í stjórnina af sinni hálfu. Skulu þeir afkomendur
okkar, sem heima eiga í Borgarfjarðarsýslu, Reykjavík, Hafnarfirði eða nánasta ná-
grenni þeirra kaupstaða, ganga fyrir þeim, sem fjær búa. Verði atkvæði jöfn við til-
nefningu þessa ræður hlutkesti.

Nú koma eigi a. m. k. þrír afkomendur okkar á fund þenna og skal þá á sauva
hátt boða til fundar með öllum afkomendum foreldra okkar til þess að ráða stjórnar-
kjöri til lykta. Skulu og afkomendur systkina okkar ganga fyrir öðrum til stjórnar-
kjörs að afkomendum okkar frágengnum.

Fari svo að stjórn Bíóhallarinnar verði ekki fullskipuð á þann hátt, sem að
framan greinir, felum við dómsmálaráðuneytinu að tilnefna þann eða þá stjórn-
endur, sem á vantar fulla tölu, eins og að framan greinir.

Enginn getur tekið eða átt sæti í stjórninni né heldur tekið þátt í stjórnarkjöri,
nema hann sé lögráður.

3. gr.

82

Stjórn Bióhallarinnar kýs sér formann og ritara úr sínum hópi. Formaður 24. maí
kveður til stjórnarfunda þegar honum þykir ástæða til. Á fundum ræður afl atkvæða.

4. gr.

Stjórn Bióhallarinnar hefur yfirstjórn á rekstri hennar. Hún ræður fram-
kvæmdarstjóra og segir honum upp starfi, ef því yrði að skipta.

Stjórnin ræður ein öllum málefnum Bióhallarinnar innan þeirra takmarka, sem
sett eru í skipulagsskrá þessari.

Ef hún telur brýna nauðsyn bera til, er henni heimilt að selja Bióhöllina eða
veðsetja hana, en þó aðeins að fengnu samþykki bæjarstjórnar Akraneskaup-
staðar. Nú kann svo að fara, að Bióhöllin verði seld og skal þá, ef unnt er, fá í
staðinn og starfrækja annað hús hagkvæmara, í sama tilgangi og Bióhöllin var
starfrækt. Sé það ekki unnt, skal verja söluandvirðinu til mannúðar- og menn-
ingarmála á Akranesi samkvæmt því, sem segir í 6. gr., t. d. með því að stofna
sjóð í þessu skyni.

5. gr.

Reikningsár Bióhallarinnar er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið við
reikninga hvers árs fyrir lok janúarmánaðar næsta ár og afhent þá til endur-
skoðunar.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar kýs tvo endurskoðendur reikninga Bió-
hallarinnar.

Bióhöllin greiðir ekki útsvar né sætagjald, eða neina aðra skatta til bæjar-
sjóðs, sbr. gjafabréf okkar og svarbréf bæjarstjórnarinnar á Akranesi, dags. 29.
september 1943.

6. gr.

Tekjuafgangi af rekstri Bióhallarinnar skal, að frádregnum viðhalds- og um-
bótakostnaði, verja til stuðnings mannúðar- og menningarmálefnum á Akranesi,
svo sem til þess að styðja að byggingu gamalmennahælis og sjúkrahúss fyrir
Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. ágúst 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1944.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda, undirskrifað af forsetanum 17. ágúst 1944, nr. 45.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í farveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 23. ágúst 1944, nr. 46.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn úr utanför og hafi tekið við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 2. september 1944, nr. 47.

Reglugerð um diplomatisk vegabréf, undirskrifuð af utanríkisráðherra 14. september 1944, nr. 48.

Forsetaúrskurður um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af forsetanum 21. september 1944, nr. 49.

Lög um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð, undirskrifuð af forsetanum 10. október 1944, nr. 50.

Lög um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 51.

Lög um breyting á lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands, undirskrifuð af forsetanum 12. október 1944, nr. 52.

Lög um lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 53.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 54.

Lög um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík, undirskrifuð af forsetanum 17. október 1944, nr. 55.

Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af forsetanum 21. október 1944, nr. 56.

Lög um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, undirskrifuð af forsetanum 31. október 1944, nr. 57.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfu Skáldalækjareyju í Svarfaðardal og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 58.

Lög um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 59.

Lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 60.

Lög um byggingarmálefni Reykjavíkur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 61.

105

2. júlí

GJALDSKRÁ

um greiðslur fyrir röntgenskoðun og röntgenmyndir, sbr. 5. tölulið 33. greinar laga nr. 104 30. des. 1943.

Röntgenskygging kr. 10.00.

Röntgenmyndir:

Höfuðkúpa	kr. 40.00—50.00
Beinhol andlits og annarra höfuðbeina ..	— 30.00
Klettbein	— 30.00—40.00
Nef	— 10.00—20.00
Tönn	— 10.00
Tennur allar	— 25.00—45.00
Öxl	— 20.00—30.00
Olnbogi	— 20.00—25.00
Úlnliður	— 20.00—25.00
Hönd	— 20.00—25.00
Fingur	— 10.00—15.00
Rif	— 30.00—45.00
Viðbein	— 20.00—30.00
Hryggur allur	— 55.00—75.00
Brjóstliðir	— 35.00—45.00
Lendaliðir	— 35.00—45.00
Hálsliðir	— 25.00—35.00
Grind	— 30.00—45.00
Spjaldbein	— 35.00—40.00
Læri	— 30.00—40.00
Hné	— 30.00—40.00
Fótleggur	— 30.00—40.00
Öklaliður	— 25.00—30.00
Rist og tær	— 25.00—35.00
Tær	— 15.00—20.00
Gallblaðra	— 35.00—50.00
Nýru, yfirlitsmynd	— 30.00
Nýrnaskálarit (pyelografi)	— 65.00—70.00
Eggrásarrit	— 75.00
Brjósthol	— 25.00—35.00
Hjarta, mæling	— 35.00—45.00
Vélinda	— 45.00—60.00
Magi og skeifugörn	— 75.00
Parmar: Tæming (passage)	— 35.00—75.00
Ristill: Fylling (clysma)	— 75.00—85.00
Fóstur	— 40.00—50.00
Sniðmyndir (planigráfi) af brjóstholi ..	— 55.00—75.00
Meginæð kviðarhols	— 35.00

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 2. júlí 1944.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1944.

Lög um nýbyggingarráð, undirskrifuð af forsetanum 27. nóvember 1944, nr. 62.

Lög um breyting á Ljósæðralögum nr. 17 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum 1. desember 1944, nr. 63.

Lög um heilsuverndarstöðvar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 64.

Lög um breyting á lögum nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð rikissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkjna Norður-Ameríku hér á landi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 65.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, um flutning þingstaðar í Þorkelshólshreppi. 106 16. sept.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 9. þ. m., og ósk hreppsnefndar Þorkelshólshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Þorkelshóli að Víðihlíð í landi jarðarinnar Auðunnarstaðir, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um skiptingu Presthólahrepps í tvö hreppsfélög. 107 18. sept.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Presthólahrepps og meðmælum sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu, um skiptingu Presthólahrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu skal skipt í tvö sveitarfélög er nefnast Presthólahreppur og Raufarhafnarhreppur.

Raufarhafnarhreppur nær yfir þorpið Raufarhöfn og skulu takmörkin vera landamerki jarðarinnar Raufarhöfn.

2. Eignum og skuldum Presthólahrepps skal skipt þannig að 50% falli til hvors hinna nýju hreppa. Sama gildir og um ábyrgðir, er hvila á Presthólahreppi.
3. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Presthólahrepp. Hreppsnefnd hvors hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem heima eiga innan hvors hrepps fyrir sig. Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna og skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir beggja hreppanna leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega.

Sá hreppanna, sem ekki hefur greitt til sameiginlegra styrkþega hlutfallslega upphæð sína af sameiginlegum framfærslukostnaði skal þá greiða hinum hreppnum það, sem til vantar í hlutfallslega þátttöku í sameiginlegum fram-

107
18. sept.

færslukostnaði, sem er fyrir Presthólahrepp 50% og fyrir Raufarhafnarhrepp 50%.

Framlög hreppanna til elli- og örorkutrygginga móti framlagi annars staðar frá, sem ganga til sameiginlegra styrkþega, reiknast með kostnaði viðkomandi hreppa vegna kostnaðar við framfærslu sameiginlegra styrkþega.

4. Um skiptingu eigna fer sem hér segir:
 - a. Núpasveitarskóli verði eign Presthólahrepps, en Raufarhafnarskóli sameign beggja hreppanna í sama hlutfalli og tala skólaskyldra barna um áramót 1944—45 í Raufarhafnarskólalshverfi skiptist milli hinna nýju hreppa. Verðreikning skólalshúsanna skal miða við framlög hins forna Presthólahrepps til hvors skólalshúss. Verði breyting á Raufarhafnarskólalshverfi, þannig að sá hluti Presthólahrepps, sem nú á aðgang að þeim skóla hætti að nota hann, greiði Raufarhafnarhreppur Presthólahreppi sömu upphæð og hluti Presthólahrepps í Raufarhafnarskóla er verðreiknaður við skiptin.
 - b. Húseign hreppsins, Skuggabjörg á Raufarhöfn, skal Raufarhafnarhreppur hafa rétt til að kaupa eftir nýju mati, sömuleiðis túneign hreppsins á Raufarhöfn.
 - c. Hafnarsjóður Raufarhafnar verði séreign Raufarhafnarhrepps.
 - d. Brunabótasjóður Presthólahrepps verði eign hins nýja Presthólahrepps, nema að þeim hluta, sem hús á Raufarhöfn voru tryggð í þeim sjóði.
5. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í hvorum hreppi.
6. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. janúar 1945, og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum.
7. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skulu vera eign hins nýja Presthólahrepps, en hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps skal hafa aðgang að þeim þegar hún þarfnast.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerðar og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gerð á hinum forna Presthólahreppi, sem dómþinghá né manntalsþinghá.

108
10. júlí

REGLUR

um flokkun og mat á óþveginni ull.

1. gr.

Ull, sem hæf er til sölu innanlands, flokkist þannig:

- I. flokkur: Hvít vorull, sand-, mor- og klepralaus, laus við mjög gult tog, greið, þurr og eðlisgóð.
- II. flokkur: Hvít vorull, sand-, mor- og klepralítil, sem að gæðum má ætla, að fullnægi kröfum um II. flokk eftir þvott.
- III. flokkur: Hvítir sand- og morlitlir og þelgóðir flókar.
- IV. flokkur: Mislit ull (svört, grá og mórauð), sand- og morlaus, greið, þurr og eðlisgóð, og sé litum haldið aðgreindum við sekkjun.
- V. flokkur: Úrgangur úr framangreindum ullarflokkum, sem að dómi ullarmatsmanns getur talizt söluhæf vara.

2. gr.

Mjög sendin ull (t. d. þyngd sandsins meiri en ullarinnar) er ekki söluhæf, fyrr en hún hefur farið í gegnum tætera og þannig losnað við mikið af sandinum.

Rúbaggareifi (tvi- eða þríreifingar) eru heldur ekki söluhæf ull, nema reifin séu aðskilin, og ræður þá úrskurður ullarmatsmanns. **108**
10. júlí

Ull með kleprum, kláðauill og ull af fé, sem farizt hefur í dýjum, eða önnur sliki ull, er ekki söluhæf og engin verzlunarvara.

Skemmd ull, fúin eða mygluð, eða því um líkt, er engin verzlunarvara og ekki söluhæf.

3. gr.

Ullarbolla með óþveginni ull, skal auðkenna með orðinn „Óþvegin“, auk flokksmerkisins.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 107/1933, um ullarmat, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júlí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

109

10. júlí

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tíma-
bilið frá 1. ágúst 1944 til 31. júlí 1945.

1. Reykjavík:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	680.00
— — 7 — — —		570.00
— — 15 — — —		680.00
— — 16 — — —		340.00

2. Hafnarfjörður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	570.00
— — 7 — — —		465.00
— — 15 — — —		570.00
— — 16 — — —		285.00

3. Gullbringusýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —		440.00
— — 15 — — —		545.00
— — 16 — — —		275.00

4. Kjósarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	410.00
— — 7 — — —		335.00
— — 15 — — —		410.00
— — 16 — — —		205.00

5. Borgarfjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

6. Akraneskaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	570.00
— — 7 — — —		465.00
— — 15 — — —		570.00
— — 16 — — —		285.00

7. Mýrasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

109
10. júlí

9. Dalasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

10. Austur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

11. Vestur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

12. Norður-Ísafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

13. Vestur-Ísafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

14. Ísafjarðarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	570.00
— — 7 — — —		465.00
— — 15 — — —		570.00
— — 16 — — —		285.00

15. Strandasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

16. Vestur-Húnavatnssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

17. Austur-Húnavatnssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

18. Skagafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

19. Eyjafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

20. Akureyrarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	480.00
— — 7 — — —		410.00
— — 15 — — —		480.00
— — 16 — — —		240.00

21. Siglufjarðarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	570.00
— — 7 — — —		465.00
— — 15 — — —		570.00
— — 16 — — —		285.00

22. Norður-Þingeyjarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

23. Suður-Þingeyjarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

24. Norður-Múlasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

25. Seyðisfjarðarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	440.00
— — 7 — — —		370.00
— — 15 — — —		440.00
— — 16 — — —		220.00

26. Suður-Múlasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

27. Neskaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	440.00
— — 7 — — —		370.00
— — 15 — — —		440.00
— — 16 — — —		220.00

28. Austur-Skaftafellssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

29. Vestur-Skaftafellssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

30. Rangárvallasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

31. Vestmannaeyjakaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	570.00
— — 7 — — —		465.00
— — 15 — — —		570.00
— — 16 — — —		285.00

32. Árnessýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	410.00
— — 7 — — —		335.00
— — 15 — — —		410.00
— — 16 — — —		205.00

Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt visitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu ágúst 1944 til júlí 1945. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júlí 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um leigumat á herbergjum gistihúsa.

1. gr.

Þegar eftir gildistöku þessarar reglugerðar, skulu húsaleigunefndir (úttektarmenn í sveitum) framkvæma leigumat á öllum herbergjum gistihúsa í umdæmi sínu.

2. gr.

Við framkvæmd þessa mats skulu húsaleigunefndir kynna sér allt það, er áhrif getur haft á leiguna, svo sem verð húsnæðisins, viðhald þess og ásigkomulag og taka jafnframt tillit til leigu sambærilegra gísthúsherbergja fyrir strið, að viðbættri húsaleiguvisitölu og hlutfallslegri hækkun vegna verðhækkunar á vinnukaupi, hita, lýsingu og afgjaldahækkana á fasteignum, eftir því hve telja má þessa kostnaðarliði mikinn hluta af leigugjaldinu. Einnig skal taka tillit til þess, hvort gistihús eru rekin árlangt eða einungis hluta úr árinu.

110 Þar sem fleiri en 2 rúm eru í sama herbergi skal leigan metin fyrir hvert 19. júlí einstakt rúm.

3. gr.

Þegar eftir framkvæmd matsins skal húsaleigunefnd birta með bréfi niðurstöðu þess fyrir forstöðumanni gistihúss, og er matið bindandi fyrir gistihúsið frá þeim tíma nema áfrýjað sé til yfirhúsaleigunefndar, en það skal gert innan 3 daga frá birtingunni. Húsaleigunefnd skal þegar í stað senda félagsmálaráðuneytinu og yfirhúsaleigunefnd útskrift úr gerðabók sinni varðandi matið, og getur félagsmálaráðuneytið áfrýjað matsgerðinni til yfirhúsaleigunefndar og er það ekki bundið við framangreindan 3 daga áfrýjunarfrest.

Sé matsgerðum utan Reykjavíkur skotið til yfirhúsaleigunefndar, getur nefndin við mat sitt lagt til grundvallar skýrslu trúnaðarmanna á staðnum um ásigkomulag gistihúss og annað það, er áhrif getur haft á matið.

Yfirhúsaleigunefnd annast birtingu þeirra matsgerða, er til hennar hefur verið skotið, fyrir forstöðumanni gistihúss og ákveður frá hvaða tíma matið skuli gilda.

4. gr.

Þegar mat á herbergjum gistihúss hefur verið endanlega ákveðið skal forstöðumanni þess skylt að festa upp í fordyri gistihússins skrá yfir verð hvers einstaks herbergis eða rúms.

5. gr.

Mat það, er fram fer sumarið 1944 skal gilda til 31. maí 1945. Síðan skulu húsaleigunefndir framkvæma matið í aprílmánuði ár hvert og gildir það frá 1. júní til 31. maí n. á. Þó getur félagsmálaráðuneytið fyrirskipað endurskoðun á matinu með styttra millibili, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 10—10000 kr.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 16. gr. húsaleigulaga nr. 39 1943, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

111
20. júlí

AUGLÝSING

um innheimtu á veitingaskatti.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. nefndra laga nr. 99/1933, skuli þar til öðruvísi verður ákveðið, vera kr. 5.50 frá og með 1. júlí þ. á. að telja.

Fjármálaráðuneytið, 20. júlí 1944.

F. h. r.

E. u.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

112
14. ágúst

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu bensíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal bensínskammtur bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. september til 31. desember 1944:

A. Fólksbifreiðir:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8200	lítrar
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga- bifreiðir	4100	—
3. Leigubifreiðir þær, sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500	—
4. Einkabifreiðir:		
a. Læknabifreiðir	800	—
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400	—
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	300	—
d. Bifhjól	60	—

B. Vörubifreiðir:

1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900	—
2. — 1½ tonn	2100	—
3. — ¾ til 1¼ tonn	1400	—
4. — smábifreiðir	700	—

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda bensínskömmunarhefti til annarra nota en bifreiðaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínkömmunarmiðar frá fyrri skömmtunartímabilum falla úr gildi 1. september þ. á.

4. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannflutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugar-
dögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanefndar.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 25 26. apríl 1944, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanefndar vera til 1. okt. þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 4. september 1944.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

REGLUGERÐ

um mat og flokkun á kartöflum.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, og sé einn tilnefndur af Grænmetisverzlun ríkisins, annar af Búnaðarfélagi Íslands og sá þriðji af Alþýðusambandi Íslands. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Verkefni nefndarinnar er:

- a. að ákveða verðskráningu samkvæmt 5. gr. laga nr. 31/1943 um verzlun með kartöflur o. fl.
- b. að hafa eftirlit með því að ákvæðum um flokkun á kartöflum sé fylgt og að veita leiðbeiningar um flokkunina.

2. gr.

Nefndin ræður matsmann í Reykjavík og á öðrum helztu markaðsstöðum á landinu, eftir því sem þörf krefur, og starfa þeir í umboði hennar. Þóknun til nefndarinnar og matsmanna ákveður ráðuneytið.

3. gr.

Allar innlendar kartöflur, sem seldar eru í verzlunum í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri, skulu aðgreindar í þrjá flokka:

Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk. Heimilt er nefndinni, ef hún telur æskilegt, að fyrirskipa flokkun á öðrum markaðsstöðum, ef þess er óskað af framleiðendum eða neytendum þar.

4. gr.

Verzlunum er óheimilt að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim, sem matsreglur ákveða. Sé vafi á því, í hvaða flokki selja skuli kartöflur, skal leita um það úrskurðar hlutaðeigandi matsmanns, en selja þær ella sem II. flokks vöru. Allar kartöflur, sem seldar eru í matsöluverzlunum, skulu greinilega auðkenndar með merkjum á umbúðum eða á annan hátt, svo að auðsætt sé hvers flokks þær eru. Heiti tegundar (afbrigðis) skal tilgreint á úrvalsflokki og I. flokki.

Ákvæði þessi gilda þó aðeins á þeim stöðum, þar sem mat og flokkun á kartöflum er fyrirskipað.

Á tímabilinu frá því uppskera hefst og til 20. september ár hvert er heimilt að

selja kartöflur af nýrri uppskeru án mats eða flokkunar, nema annað sé ákveðið af matsnefnd (sbr. 7. gr.) **114**

15. sept.

5. gr.

Matsmenn eða umboðsmenn þeirra skulu undirrita vottorð um flokkun á þeim kartöflum, sem þeir meta. Þar skal tilgreina flokk og auk þess tegundarheiti í úrvals- og I. flokki, nafn framleiðanda eða seljanda, framleiðslustað, magn (sekkja-fjöldi) og hvenær mat hefur farið fram. Gjöld fyrir matsvottorð ákveður ráðuneytið. Sá, sem mats óskar, lætur matsmanni í té ókeypis nægilega aðstoð við matið.

6. gr.

Mat á kartöflum fer þannig fram, að matsmaður skoðar að minnsta kosti tíunda hvern poka af hverri tegund, séu þeir 50 eða fleiri. Ef sama matsgerð nær til kartaflna frá fleirum en einum framleiðanda, skal þess jafnan gætt, að skoða hlutfallslega jafnmikið frá hverjum um sig og ekki minna en tvo poka frá hverjum þeirra. Þegar melið er minna magn en 50 pokar, ber að skoða fimmta hvern þeirra. Við mat skal jafnan hvolfá kartöflunum úr þeim pokum, sem skoðaðir eru.

7. gr.

Við mat á kartöflum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt:

Úrvalsflokkur: Matsnefnd ákveður árlega og auglýsir með nægum fyrirvara, hverjar tegundir skuli teljast til hans, en það mega aðeins vera hinar allra beztu matarkartöflur, sem auðvelt er að þekkja af útliti, fullkomlega aðgreindar og svo hrein tegund, að ekki sé yfir 4% af öðrum tegundum blandað saman við, enda séu þær ekki frábrugðnar að hýðislit, og ekki yfir 2% af þeim með öðrum lit en aðaltegundin, þegar þær eru flysjaðar. Stærðin skal vera jöfn, lengd ekki minni en 3 cm og þyngd ekki minni en 25 gr. Kartöflurnar skulu vera þurrar og hreinar, heilbrigðar, vel hirtar og fallegar útlits. Grænar, sprungnar og hýðisskemmdar kartöflur mega ekki vera saman við.

Fyrsti flokkur: Hreinar tegundir af kartöflum, sem ekki komast í úrvalsflokk, með tilgreindu heiti. Góðar til matar, þurrar og hreinar og líta vel út. Af öðrum tegundum má ekki vera meira en 10% blandað saman við og af þeim ekki yfir 1% með öðrum hýðislit, og ekki yfir 4% af þeim með öðrum lit en aðaltegundin, þegar þær eru flysjaðar. Stærðin skal vera sem jöfnust, lágmarksstærð hin sama og í úrvalsflokki. Kartöflurnar mega ekki vera grænar né skemmdar af myglu, bleytu og rotnun eða frosti. Aðrir sjúkdómar og minni háttar skemmdir ekki yfir 5%.

Annar flokkur: Aðrar kartöflur en þær sem teljast í úrvals- og I. flokki, ef þær eru hæfar til manneldis og fullnægja eftirfarandi skilyrðum: Kartöflurnar skulu vera þurrar, lengd ekki minni en 2½ cm, þyngd ekki minni en 20 gr. Grænar kartöflur hverfandi fáar og skemmdir af völdum myglu, bleytu og rotnunar eða frosts ekki yfir 4%. Aðrir sjúkdómar eða skemmdir mega ekki vera yfir 6%.

8. gr.

Allar kartöflur skal afhenda í þurrum, heilum og þrifalegum pokum, þyngd 50 kg. Skal vera vel saumað fyrir pokana og gerð á horn. Merkja skal pokana með þar til gerðum spjöldum: Úrvalsflokk með bláum, I. flokk gulum og II. flokk hvítum spjöldum. Á spjöldin skal letra, öðrum megin: Nafn flokks og auk þess tegundarheiti ef um úrvals- eða I. flokk er að ræða, en hinum megin: Nafn og heimili framleiðanda (eða seljanda).

9. gr.

Verði ágreiningur milli seljanda og matsmanns út af mati sker matsnefnd úr, en matsmaður getur stöðvað sölu þeirra kartaflna sem ágreiningur er um, unz úrskurður nefndarinnar er fenginn.

114

15. sept.

10. gr.

Verðskráning á kartöflum, sem er gerð samkvæmt 5. gr. laga um verzlun með kartöflur o. fl., skal ávallt miðast við I. flokk og ákveður matsnefnd árlega, hvaða verðmunur skuli vera á honum, úrvalsflokki og II. flokki. Skal sá verðmunur vera nægilegur til þess, að framleiðendur kjósi að hafa sem bezta vöru á boðstólum, enda sé uppskerumagn og sölumöguleikar tekið til greina.

11. gr.

Þegar mikið framboð er af innlendum kartöflum, getur landbúnaðarráðherra, eftir tillögum matsnefndar og Grænmetisverzlunar ríkisins, bannað verzlunum sölu á II. flokks kartöflum til manneldis á öllum helztu markaðsstöðum landsins.

12. gr.

Matsmenn skulu í samráði við matsnefnd hafa eftirlit með því að ákvæðum um mat sé fylgt og skal þeim heimilt að skoða kartöflubirgðir verzlana, þegar þurfa þykir. Seljanda skal skylt að láta matsmönnum í té upplýsingar og aðstoð við skoðunina.

13. gr.

Þegar kartöflur eru auglýstar til sölu skal jafnan tilgreina hvers flokks þær eru, svo og tegundarheiti, ef átt er við úrvals- eða I. flokk.

14. gr.

Matsnefnd skal annast útgáfu leiðarvísis um mat og flokkun á kartöflum. Skal þar lýst helztu tegundum (afbrigðum) svo og kvillum og göllum, sem koma til greina við flokkunina. Skal leiðarvísí þessum útbýtt ókeypis.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, 10—1000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 31 2. apríl 1943, um verzlun með kartöflur o. fl. til að öðlast gildi 1. október 1944, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

Bréf fjármálaráðuneytisins til allra skattanefnda og skattstjóra, um frádráttarbær iðgjöld af lífeyri eða persónutryggingu frá skattskyldum tekjum.

115
24. nóv.

Athygli nefndarinnar (skattstjóra) er vakin á því, að þrátt fyrir ákvæði 5. liðs 17. gr. reglugerðar nr. 133 1936, um tekjuskatt og eignarskatt, eru öll lögboðin iðgjöld af lífeyri og persónutryggingu bær til frádráttar skattskyldum tekjum samkvæmt d-lið 10. gr. laga nr. 6/1935. Enn fremur eru frádráttarbær ólögboðin iðgjöld af lífeyri eða persónutryggingu allt að kr. 1000.00 á ári samtals fyrir hjón eða einstakling.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Súgfirðinga.

116
8. júlí

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Súgfirðinga og skal heimili hans og varnarþing vera Suðureyri í Súgandafirði.

2. gr.

Sérhver af ábyrgðarmönnum sjóðsins skuldbindur sig skriflega til að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum og svara allt að 250 krónum hver fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir og hann sjálfur getur ekki staðið straum af.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur ekki fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmatan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabili hans. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmatan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

116 Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórn-
8. júlí endur sjóðsins og starfsmenn, hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparissjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparissjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókarari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparissjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparissjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða vikja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir, ef árleg þóknun fyrir starfið er yfir 600 krónur. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparissjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir eftir því sem stjórnin ákveður. Stjórnin ákveður hvernig haga skuli daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

116
8. júlí

Eigi síðar en í aprilmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 3 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næst liðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þurfa, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lög-
mætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

- Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
- Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfyrskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10000 krónur.
- Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir heilum mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir eigi í minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum ekki skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 200 kr. til 400 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upp-

116 hæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt 8. júlí að borga meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið í hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samamburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittunin sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds, og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nýtsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir,

en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins, eins og það var í árslok næst 116
á undan. Nú ber svo við að stjórn sparissjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, 8. júlí
vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má,
að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 40% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. með því að kaupa víxla, sem sparissjóðsstjórn álitur tryggja;
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparissjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparissjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparissjóðir skulu, til þess að tryggja sé, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslur á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 10% af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir að stjórn sparissjóðsins neyðist til þess að grípa til þess fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparissjóðsstjórnin tilkynna það sparissjóðseftirlitinu, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparissjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparissjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparissjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparissjóðsstjórnarinnar má sparissjóðurinn ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparissjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparissjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparissjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf, sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparissjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins þannig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparissjóðurinn gefa út handhafaávisanir á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmanaðar ár hvert.

28. gr.

- Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:
1. hve mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
 2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
 3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokinn og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagar hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal getið númers hvers innstæðueiganda, svo og ein-kennistölu lána.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skyllt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Endurskoðendur eiga frjálstan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

116

8. júlí

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaungæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugað, svo að úr verði hætt tafarlaust.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir lok marzmanaðar. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrir-mæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðunarmönnum fyrir starf þeirra. Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 8. júlí 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Bjargarsjóð“, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júlí 1944.

117

18. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bjargarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Bjargarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 10. júní 1944 af Guðjóni Guðmundssyni, bónda á Ljótunnarstöðum, til minningar um konu hans, Björgu Andrésdóttur. Eru á stofndegi sjóðsins liðin 77 ár frá því er hún fæddist, en hún andaðist 9. febr. 1929.

117

18. júlí

3. gr.
Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur. Heimilt er að auka sjóðinn með gjöfum og áheitum.

4. gr.

Ávaxta skal sjóðinn í Sparisjóði Hróttfirðinga, eða á annan eigi ótryggari hátt.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að góðri meðferð og öruggri fódruun búfjár í Bæjarhreppi, með því að veita verðlaun þeim, sem að álitum forðagæzlumanna skara fram úr öðrum um góða meðferð á búfé sínu og gætilegan ásetning, svo og síðar meir, þegar fjárhagur sjóðsins leyfir, sbr. 7. gr., að veita styrki til jarðræktar.

6. gr.

Verðlaun úr sjóðnum skal fyrst um sinn veita fimmta hvert ár, einum manni í senn, og má upphæð verðlaunanna ekki fara fram úr tvöföldum ársvöxtum af höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir yfir 100 krónur, má verja helmingi þeirra til verðlauna og styrks, samkvæmt 5. gr. Styrkur til jarðræktar skal einkum veittur fátækari, dugandi mönnum, og ganga þeir, að öðru jöfnu, fyrir, sem hafa stofnað nýbýli í hreppnum.

8. gr.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps hefur stjórn sjóðsins á hendi. Annast hún reikningshald sjóðsins, styrkveitingar og annað, er honum við kemur. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af sýslunefnd Strandasýslu, ásamt hreppsreikningum Bæjarhrepps.

9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Ljótunnarstöðum, 10. júní 1944.

Guðjón Guðmundsson.

118

1. ágúst

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi, nr. 185 13. nóvember 1941.

Öll gjöld samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar skulu innheimtast með 100% viðauka.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

119

4. ágúst

um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 9 11. jan. 1934.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað:

1. gr.

6. gr. lögreglusamþykktarinnar orðist þannig:

Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum, og bera logandi blys, nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku leyfi eða samþykki lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða fyrir almannafæri og hvergi að óþörfu á kaupstaðarlóðinni. Sömuleiðis er öll veiði með skotum og öll skot að óþörfu bönnuð í landareign kaupstaðarins og innan takmarka hafnarinnar. Eggjataka í Hólmunum og annars staðar í landareign kaupstaðarins er bönnuð.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 4. ágúst 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

SAMÞYKKT

120

8. ágúst

um breyting á samþykkt nr. 41 11. apríl 1929, um sýsluvegasjóð Dalasýslu.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Í Dalasýslu skulu vera þessir sýsluvegir:

1. Hörðudalsvegur. Af þjóðveginum hjá Hörðudalsá fram hjá Tungu.
2. Hálsbæjarvegur. Frá Snóksdalslæk að Bæjarbökkum.
3. Vegurinn frá Tunguárbrú ofan Sauðafells að Fellsendalæk.
4. Kvinnabrekkuvegur. Af þjóðveginum heim að Kvinnabrekku.
5. Haukadalsvegur. Frá Haukadalsbrú að Krossi.
6. Lækjarskógsvegur. Af þjóðveginum hjá Þorbergsstöðum að Lækjarskógi.
7. Laxárdalsvegur nyrðri. Frá þjóðveginum fyrir ofan Búðardal um Goddastaðahlíð að Gillastaðarétt.
8. Ljárskógavegur. Frá Hjarðarholti að Ljárskógum.
9. Sjúkraskýlisvegur. Af þjóðveginum heim að lækniþústaðnum í Búðardal.
10. Búðardalsvegur. Frá kaupfélaginu til sýslumannshússins.

- 120 8. ágúst 11. Laugavegur. Frá Þjóðveginum á Leysingjastaðamelum um Laugar að Sælingsdal.
 12. Hvammsvegur. Af Þjóðveginum hjá Skerðingsstöðum að Hvammi.
 13. Efribygðarvegur. Af Þjóðveginum hjá Hellu um Túngarð, Orrahól á Þjóðveginum hjá Kjarlaksstöðum.
 14. Dagverðarnesvegur. Af Þjóðveginum við Fábeinsá að Dagverðarnesi.
 15. Hnúksvegur. Af Þjóðveginum hjá Hnúki niður í Hnúksnes.
 16. Búðardalsvegur. Af Þjóðveginum við Búðardalsá að Búðardal.
 17. Staðarhólsvegur. Af Þjóðveginum hjá Kirkjuholi um Staðarhólsdal að Hvammsdal.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 102 1933 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

121

SAMÞYKKT

10. ágúst

um breyting á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu, nr. 137 7. júní 1943.

Aftan við 13. tölulið 1. gr. samþykktarinnar bætist:

14. liður: Glitstaðavegur: Frá Norðurárdalsbraut við Hreðavatnsskála að Svartagili og Glitstöðum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

122

GJALDSKRÁ

10. ágúst

fyrir notkun raforku í Borgarneskauptúni.

1. gr.

Verð á raforku um mæla skal vera eins og hér segir:

- Til ljósa í íbúðarhúsum: kr. 1.50 fyrir hverja kílóvattstund.
- Til ljósa í verzlunarhúsum, skrifstofum, skólum, samkomuhúsum, vinnustofum og vinnustöðvum, sláturhúsum og öðrum húsum, sem ekki eru notuð til íbúðar: kr. 3.00 fyrir hverja kílóvattstund.
- Til iðnaðar og götulýsingar: kr. 0.90 fyrir hverja kílóvattstund.
- Leiga fyrir kílóvattmæla rafveitunnar skal vera kr. 2.00 fyrir hvern ársfjórðung.
- Verð á raforku til hleðslu á rafgeymum, ákveður hreppsnefnd fyrir hvert ár í senn.

Hreppsnefnd hefur heimild til að lækka gjöld þessi um allt að 25%.

2. gr.

Gjöld fyrir raforku greiðist mánaðarlega um leið og lesið er á mæla. Sé gjald fyrir raforku eða mæli ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga, má rjúfa samband við veitu hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyrr en 3 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis hefur verið birt á heimili hans.

Gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

3. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 10 frá 23. janúar 1939, fyrir notkun raforku í Bargarneskauptúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi 15. ágúst 1944 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu
um fjallskil o. fl., nr. 121 24. júlí 1940.**

123

12. ágúst

1. gr.

Við 2. málsgr. 13. gr. bætist: og 2 hryssur 4 vetra og eldri sem 3 hross önnur.

2. gr.

Síðasti málsliður 2. málsgr. 47. gr. reglugerðarinnar orðist þannig: en fari slíkur kostnaður fram úr niðurjöfnuðu fjallskilagjaldi, skal sá hluti hans, sem umfram er, endurgreiddur fjallskilasjóði að hálfu af eiganda fjárins.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um starfssvið lögreglustjórans í Keflavík.

124

21. ágúst

Lögreglustjórinn í Keflavík hefur á hendi hreppstjórastörf í Keflavíkurbreppi og fer um starf hans að þessu leyti samkvæmt lögum og reglugerðum um störf hreppstjóra. Þó eru laun fyrir hreppstjórastörf, samkv. 1. gr. laga nr. 85 frá 1938, innifalin í launum lögreglustjórans, samkv. 3. gr. laga nr. 16 frá 1934.

Lögreglustjórinn hefur á hendi innheimtu þeirra tolla og gjalda, sem tilfalla í Keflavíkurbreppi í ríkissjóð eða aðra sjóði, ef sýslumaður hefur annast innheimtu gjaldanna eða innheimta þeirra er falin lögreglustjóranum sérstaklega með lögum eða reglugerðum.

Jafnframt skal hann vinna þau störf í sambandi við innheimtuna, sem lög eða önnur fyrirmæli ákveða.

Til þessara starfa heyrir:

- a. Innheimta allra aðflutningsgjalda og útflutningsgjalda, leyfisgjalda, eftirlitsgjalda, og annarra opinberra gjalda af innfluttum og útfluttum vörum, og innheimta gjalda af innlendum framleiðsluvörum.

Jafnframt þessu tollgæzla, eftirlit með ákvæðum gjaldeyrislaga og eftirlit með útflutningi vara, eftirlit með því, að öll lögboðin skilyrði séu fyrir hendi til innflutnings- og útflutningsvara og fyrirskipaðar skýrslugerðir og skýrslusafnanir í sambandi við þetta. Enn fremur eftirlit með því, að atvinnurekendur uppfylli lögboðin skilyrði fyrir því að mega stunda rekstur sinn.

- b. Innheimta allra skipakomugjalda af skipum, sem taka fyrstu höfn í umdæminu, og eftirlit með því, að öllum fyrirmælum um skipakomur og tollhafnir sé fylgt. Enn fremur innheimta annarra gjalda af skipum, sem til falla í umdæminu, svo sem vitagjalds og skoðunargjalds af skipum, sem þeir lögskrá á, og slysatryggingargjalda.
- c. Innheimta stimpilgjalds og stimplun skjala og eftirlit með þeim í umdæminu, sem ráðuneytið kynni að leyfa stimplun skjala.
- d. Innheimta aukatekna ríkissjóðs í umdæminu fyrir önnur verk en þau, sem sýslumaður umdæmisins framkvæmir.
- e. Innheimta allra manntalsbókargjalda í umdæminu, einnig þeirra, sem ekki eiga að renna í ríkissjóð, enda undirbúi lögreglustjóri innheimtuna að öllu leyti með samning manntalsbókar.
- f. Innheimta allra annarra opinberra gjalda í umdæminu, sem lögreglustjórum ber að innheimta, svo og innheimta gjalda, sem í sérstökum lögum kann að vera falin lögreglustjórum í hreppum og ekki er áður getið.
- g. Innheimtur í umdæminu, sem aðrir gjaldheimtumenn ríkissjóðs fela lögreglustjóranum.

Fyrir gjöldum þessum skal lögreglustjóri gera ríkissjóði og öðrum hlutaðeigandi skil eftir þeim reglum, sem á hverjum tíma gilda um skil opinberra gjaldheimtumanna.

Öll skil í ríkissjóð skulu gerð beint til ríkisféhirðis og skil á öðrum gjöldum til hlutaðeigandi aðila.

3. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi fógetavald í Keflavíkurbreppi og fer um starf hans sem fógeta svo sem lög mæla fyrir

4. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi lögreglustjórni í Keflavíkurbreppi. Þar til heyrir: Almenn löggæzla, umsjón með allsherjarreglu, umsjón með heilbrigðismálum, eftirlit með öryggi skipa, lögskráning sjómanna, firmaskráningar, útgáfa leyfisbréfa til atvinnureksturs, löggilding atvinnubóka, útgáfa vegabréfa, útgáfa meðlagsúrskurða, útgáfa vottorða um uppruna vöru, útnefning mats- og skoðunarmanna utan réttar, svo og önnur hliðstæð störf, allt að því leyti, sem störf þessi hafa áður heyrt undir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, svo og sams konar störf, er framvegis kunna að verða falin lögreglustjórum (sýslumönnum).

5. gr.

Lögreglustjórinn hefur dómsvald í lögreglumálum í Keflavíkurhreppi. Þar til heyrir: Öll meðferð almennra lögreglumála, svo og rannsókn allra annarra opinberra mála, þó þannig, að komi það í ljós við rannsókn máls, að hún gefi ótvírætt tilefni til höfðunar sakamáls, þá skal lögreglustjórinn víkja sæti og fá málið í hendur sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Auk þess fer hann með mál þau, er um ræðir í 1.--3. tölul., 3. málsgr., 5. gr. laga nr. 85 1936.

6. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita í Keflavíkurhreppi og fer um þau störf hans að lögum. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps og í nefndum hennar og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en fer eigi með atkvæði, nema hann sé einnig kosinn hreppsnefndarmaður. Lögreglustjóri stjórnar hreppsnefndarfundum.

7. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur löggilt lögreglustjóran sem fulltrúa sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu til þess að framkvæma ýmis verk, sem lög nr. 79 frá 1919 heimila að falin séu fulltrúum sýslumanna og bæjarfógeta.

8. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 16 1934, til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 1 1938, um starfssvið lögreglustjórans í Bolungavík.

1. gr.

Aftan við 5. gr. reglugerðarinnar bætist:

Auk þess fer hann með mál þau, er um ræðir í 1.--3. tölul., 3. málsgr., 5. gr. laga nr. 85 1936.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 14 1934 til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum og fleiru.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum, frá bryggjum sildarverksmiðja ríkisins, suður að svo kölluðu Anleggji og á móts við það og suður að því, en það eru eftirtaldir útgerðarstöðvar:

- Hraðfrystihús og lóðarréttindi h/f Hrimnis (Þormóðsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélagsins „Jarlinn“ (Þormóðsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Ólafs Henrikssen (Hinriksreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Hinriks Thorarensen (Búðarreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Egils Ragnars (Hjaltareitur).
- Vélsmiðja Siglufjarðar, eign Magdalenu Olsen.
- Sildarstöð og lóðarréttindi dánarbús Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Edvins Jacobsen (Sæbyreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi dánarbús Ingvars Guðjónssonar (Kveldúlfsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Jóns Hjaltalíns (Hjaltalínsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Sameignarfélagsins „Ísafold“ (Friðleifsreitur).
- Hraðfrystihús Sameignarfélagsins „Ísafold“ (Friðleifsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Alfons Jónssonar (Helgareitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Ole Tynes (Álalækjarreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi h/f „Sunnu“ (Ólagata 4).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Óskars Halldórssonar (Snorragata 1).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorragata 7).
- Sildarstöð og lóðarréttindi h/f „Njörður“ (Snorragata 9).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélags Ísfirðinga (Snorragata 11).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar h/f, ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.

Siglufjarðarkaupstað er enn fremur áskilinn forkaupsréttur að lóðarréttindum þeim, með tilheyrandi mannvirkjum, sem hér segir:

- Norðurgata 21, eign Garðars Guðmundssonar.
- Norðurgata 23, eign Jóhanns G. Sigurjónssonar.
- Norðurgata 27 til 32, eign barna Guðmundar Hannessonar.
- Ránargata 2, Kamsreitur, eign Ólíuverzlunar Íslands h/f.
- Þormóðsgata 1, eign Þormóðs Eyjólfssonar.
- Þormóðsgata 2 A, eign dánarbús Jónínu Jónasdóttur.

Samþykkt þessi öðlast gildi 7. september 1944 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. ágúst 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira,
frá 15. júlí 1941.

127

1. sept.

Í IV. kafla, 11. gr., í stað orðanna „því upprekstrarfélagi“ komi: þeim hreppi.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus“ til hjálpar bágstöddu, mállausu fólki á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 7. september 1944. 128
7. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus.

1. gr.

Nafn sjóðsins er „Styrktarsjóður Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus“ til hjálpar bágstöddu, mállausu fólki á Íslandi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 26. maí 1944 af meðlimum kvennaklúbbsins Zonta í Reykjavík með 6500 krónum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bágstadda málleysingja að afloknu skólanámi.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði eða með kaupum á bankavaxta- eða ríkisskuldabréfum.

5. gr.

Vextir og annað, er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við höfuðstólinn, unz hann er orðinn að upphæð 10000 kr. Eftir það má verja $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum sjóðsins til styrktar áðurnefndum málleysingjum, en $\frac{1}{4}$ skal leggja við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 20000 kr. má verja öllum ársvöxtum hans og öðrum tekjum eftir því, sem þurfa þykir, en höfuðstóllinn, 20000 kr., má ekki skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 konur, er kvennaklúbburinn Zonta í Reykjavík kys úr sínum hópi á aðalfundi til eins árs í senn. Reikningar sjóðsins skulu árlega

128 endurskoðaðir af 2 konum, er kosnar skulu með sama hætti. Sjóðstjórnin veitir 7. sept. styrki og sér um ávöxtun á eignum sjóðsins.

7. gr.

Sjóðstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundarsamþykktir, styrkveitingar og annað, er varðar sjóðinn. Enn fremur skal stjórnin halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikningana.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Óski kvennaklúbburinn Zonta þess síðar að láta af stjórn sjóðsins, skal hann afhentur kennslumálaráðherra, er þá skipar stjórn hans, og skal þá jafnan a. m. k. ein kona eiga sæti í stjórninni.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 18. ágúst 1944.

Í stjórn kvennaklúbbsins Zonta í Reykjavík.

Ellen Hallgrímsson,
form.

Anna Friðriksson,
gjaldkeri.

Katrín Söebeck,
ritari.

129
21. des.

REGLUGERÐ

um útvarpsrekstur ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 68 28. desember 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, svo og lögum um breytingu á þeim lögum, nr. 64 frá 31. desember 1939 og nr. 25 frá 28. febrúar 1943, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um skipulag og stjórn útvarps.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp á Íslandi. Hún lætur reka útvarpsstöð í Reykjavík, og má auka orku hennar, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin lætur reisa endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu, eftir því sem ástæður krefjast. Um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og byggingu endurvarpsstöðva fer eftir ákvörðunum Alþingis í hvert sinn.

Stöðvarnar og rekstur þeirra nefnist einu nafni: Ríkisútvarpið og ber undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins skal tekin sem sérstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju.

Tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess, má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skal honum falið að annast allt, sem lýtur að rekstri útvarpsins, skrifstofuhald, daglega umsjón og að hafa á hendi fjárreiður þess og reikningshald.

Ráðherra ræður starfsmenn útvarpsins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Laun starfsmanna Ríkisútvarpsins eru, þangað til launalög verða sett, ákveðin af menntamálaráðherra. Ráðningar- og skipunarbréf skulu undirrituð af útvarpsstjóra og send menntamálaráðuneytinu til staðfestingar.

4. gr.

Útvarpsráð skipa fimm menn, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi, á fyrsta þingi eftir hverjar almennar kosningar.

Menntamálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Menntamálaráðherra ákveður útvarpsráði þóknun fyrir störfun.

II. KAFLI

Um störf útvarpsráðs.

5. gr.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum, og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda. Það setur reglur um fréttáflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir, til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum.

6. gr.

Útvarpsráð kemur saman á fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði einu sinni í viku hverri. Teljast það reglulegir fundir útvarpsráðs. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Fundi skal boða með sólarhrings fyrirvara hið skemmsta, nema svo sérstaklega standi á, að nauðsyn beri til að kalla útvarpsráð saman með skemmri fyrirvara. Skytt er formanni að kveðja til aukafundar, ef útvarpsstjóri eða tveir menn úr útvarpsráði æskja þess.

Fundur er lögmaður, ef meiri hluti útvarpsráðsmanna er á fundi.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögu-rétt, en ekki atkvæðisrétt. Hann getur skotið ákvörðunum útvarpsráðs, þeim, er mjög varða fjárhag stofnunarinnar, undir úrskurð ráðuneytisins.

Útvarpsráð velur sér ritara innan ráðsins. Ritari eða annar sá maður, sem það er sérstaklega falið, færir í gerðabók ályktanir útvarpsráðs og annað það, er miklu þykir skipta, af því, sem fram fer á fundum. Skytt er að færa til bókar ágreiningsorð, eftir óskum einstakra útvarpsráðsmanna, svo og útvarpsstjóra. Nafnakall skal hafa við atkvæðagreiðslur, ef einhver útvarpsráðsmanna eða útvarpsstjóri óskar þess. Skal þá ágreiningsefnið, svo og atkvæðagreiðslan, fært í gerðabók.

Gerðabók skal lesa í lok fundar eða í upphafi næsta fundar. Formaður og ritari gerðabókar undirskrifa gerðabókina, er hún hefur náð samþykki fundar.

Nú fer útvarpsráðsmaður úr bænnum eða forfallast á annan hátt frá störfum í útvarpsráði, og skal þá, ef fram kemur ósk um það, kveðja varamann til starfs í útvarpsráði, meðan aðalmaður er frá störfum. Forfallist formaður útvarpsráðs,

129 tilnefnir menntamálaráðherra mann innan ráðsins til þess að gegna störfum hans, 21. des. á meðan á forföllum eða fjarvist stendur.

7. gr.

Útvarpsráð tekur, eigi síðar en 1. júlí ár hvert, höfuðákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað frá hausti til jafnlengdar næsta ár. Jafnframt gerir það tillögur til útvarpsstjóra um kostnað við útvarpsefni. Fari kostnaðaráætlun útvarpsráðs verulega fram úr áætlun fjárlaga, getur útvarpsstjóri krafizt þess, að leitað verði samþykkis ráðuneytisins um kostnaðinn, shr. 6. gr.

Útvarpsráð skiptir með sér verkum, eftir því sem henta þykir. Það getur falið nefndum, skipuðum útvarpsráðsmönnum og föstum aðstoðarmönnum útvarpsráðs, að hafa með höndum undirbúning sérstakra flokka útvarpsefnis. Tillögur og ályktanir nefnda skulu lagðar fyrir útvarpsráð í heild til samþykktar.

Dagskrá skal á hverjum tíma samin í höfuðdráttum með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara. Fullnaðardagskrá skal gera fyrir hverja viku í senn, og skal hún gefin út eigi síðar en fimmtudag hinn næsta á undan, en birt í útvarpinu föstudag næsta á undan.

Nú fellur niður fundur útvarpsráðs vegna forfalla eða önnur atvik hindra, að fullnaðarákvarðanir um dagskrá verði teknar í tæka tíð, og ber þá skrifstofustjóra dagskrár eða fulltrúa hans að taka ákvarðanir samkvæmt því, er venjur og atvik liggja til.

8. gr.

Útvarpsráð setur, í samráði við útvarpsstjóra, gjaldskrá fyrir flutning útvarpsefnis. Skrifstofustjóri útvarpsráðs eða fulltrúi hans ákveður greiðslur samkvæmt gjaldskránni, en skylt er honum að hafa samráð við útvarpsstjóra og formann útvarpsráðs, ef vafi getur leikið á um það, hversu ákveða skuli þóknun samkvæmt gjaldskránni. Sé um stærri greiðslur að ræða, vegna afbrigðilegrar dagskrár, stórra leikrita o. s. frv., skulu ákvarðanir teknar á fundi útvarpsráðs. Áætlun um kostnað við slíka dagskrárliði skal liggja fyrir til samþykktar, áður en þeir eru ákveðnir í dagskrá. Telji útvarpsstjóri, að um varhugaverð fordæmi sé að ræða eða freklega fjáreyðslu, getur hann samkvæmt 6. gr. skotið málságreiningi undir úrskurð ráðuneytis.

9. gr.

Nú forfallast maður, sem flytja á útvarpsefni, eða önnur ófyrirséð atvik raska framkvæmd dagskrár, og gerir þá útvarpsstjóri, í samráði við formann útvarpsráðs eða skrifstofustjóra dagskrár, ef til þeirra næst, og að öðrum kosti á eigin hönd, nauðsynlegar ráðstafanir um framkvæmd dagskrárinnar. Beri slíkar truflanir að höndum með skyndilegum hætti og svo standi á, að þulur nái ekki til að hafa samráð við yfirmenn stofnunarinnar, er honum skylt að ráða fram úr, eftir því sem venjur og atvik liggja til.

III. KAFLI

Um frétt aflutning og auglýsinga.

10. gr.

Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neins konar ádeilum né hlutsömum umsögnum um einstakar stjórnmálastefnur, stjórnmálaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, atvinnustofnanir eða einstaka menn.

11. gr.

129
21. des.

Ekki mega í fréttum Ríkisútvarpsins felast neins konar auglýsingar né tilkynningar aðrar en þær, sem varða sjálfar fréttirnar eða rekstur stofnunarinnar að öðru leyti.

12. gr.

Ekki mega í fréttum Ríkisútvarpsins felast ádeilur á útvarpið sjálft, enda hvorki lof né last um útvarpsstarfsemina né einstaka starfsmenn útvarpsins.

13. gr.

Við skráningu almennra fréttu Ríkisútvarpsins skal þess ávallt sérstaklega gætt, að heimildir fyrir hverri fregn séu sem fyllstar og að þær séu óyggjandi, og skal heimilda jafnan getið á handriti. Ekki mega í fréttum útvarpsins vera tilgátur né ágizkanir um atburði eða staðreyndir, og skal fremur skjóta á frest að greina frá atburðum eða frétt jafnvel niður falla heldur en að eiga það á hættu, að fregn verði borin til baka.

14. gr.

Útvarpsstjóri semur nánari reglur um frétttaflutning útvarpsins, eftir því sem þörf krefur og reynsla bendir til, og leggur þær hverju sinni undir samþykki útvarpsráðs, samkvæmt 5. gr.

15. gr.

Nú er útvarpsstjóri í vafa um það, hversu með frétt skuli fara, samkvæmt gildandi fyrirmælum í reglugerð og fréttareglum, og ber honum þá að skjóta vafaatriðinu undir úrskurð útvarpsráðs. Úrskurður útvarpsráðs skoðast þá sem regla, unz önnur ákvörðun kynni að verða tekin.

16. gr.

Auglýsingar þær og tilkynningar, sem Ríkisútvarpið tekur til flutnings, skulu um efni og innihald hlíta þeim reglum, sem fyrir er mælt í 10. grein. Útvarpsstjóri semur reglur um flutning auglýsinga og leggur þær fyrir útvarpsráð til samþykktar. Um úrskurði í vafasömum atriðum fer eftir þeim reglum, sem 15. gr. mælir fyrir um.

IV. KAFLI

Um hagnýtingu útvarps.

17. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja slíkar fregnir öðrum og heldur ekki hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, t. d. með upptöku þess á hljómplötur (grammofón), með útgáfu á prenti eða með því að selja aðgang að útvarpsviðtæki sínu.

Útvarpsviðtæki telst í reglugerð þessari hvert það tæki, sem hagnýtt er til viðtöku útvarpsefnis, þar með talið gjallarhorn, sem hagnýtt er með línu frá öðru heimili.

18. gr.

Heimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpið eftir vild með viðtækjum eða línunum til fleiri gjallarhorna og heyrnartækja, en aðeins innan síns eigin heimilis og í sumarhústöðum. Útvarpsheimili telst í reglugerð þessari:

1. Fjölskylduheimili.

- 129 2. Heimili einstaks manns, sem hefur sérskilinn fjárhag og sjálfstæða atvinnu.
 21. des. 3. Stofnun, hvers konar sem er, svo sem skóli, sjúkrahús, samkomuhús, atvinnu-
 stöð o. fl.
 4. Bifreiðar allar.
 5. Skip öll.

Nú er viðtæki notað með leiðslum til annarra heimila, og telst þá hvert heimili, sem þannig hagnýtir sér útvarpið, útvarpsnotandi.

19. gr.

Útvarpsnotandi er á hverjum tíma háður ákvæðum laga og reglugerða um eftirlit með hagnýtingu raforku og útvarpsviðtækja.

Eftirlitsmenn útvarpsins, landssímans og rafmagnsstjórnarinnar á hverjum stað skulu hafa óhindraðan aðgang til skráningar útvarpsviðtækja, eftirlits með slíkum tækjum og hlutum þeirra og allri hagnýtingu rafmagns í sambandi við útvarpsviðtæki, og skal þeim heimilt að fara talmunarlaust þessara erinda um lönd manna og hús, enda fari þeir ekki um hibýli manna á helgum dögum og ekki fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi virka daga.

V. KAFLI

Um afnotagjald og innheimtu.

Um gjaldskyldu útvarpsnotenda.

20. gr.

Til þess að standa straum af rekstri útvarpsins skal greiða til þess árlegt afnotagjald af hverju útvarpsviðtæki í landinu, sbr. 18. gr. Menntamálaráðherra ákveður afnotagjalðið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

21. gr.

Óheimilt er hverjum manni að hagnýta sér útvarp ríkisins, nema viðtæki hans hafi verið skráð og tilkynnt í skrifstofu Ríkisútvarpsins. Hvert það viðtæki, sem er hagnýtt, án þess að hafa verið skráð og tilkynnt í skrifstofu Ríkisútvarpsins, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til Ríkisútvarpsins. Heimilt er útvarpsstjóra að veita undanþágu frá þessu, ef maður sá, er hlut á að máli, greiðir fullt afnotagjald fyrir þann tíma, sem hann hefur hagnýtt sér útvarp ríkisins.

Skýrslugerð Viðtækjaverzlunar ríkisins og umboðsmanna hennar telst nægileg tilkynning um þau viðtæki, er verzlunin selur. Viðtæki, sem keypt er af öðrum en Viðtækjaverzluninni eða umboðsmönnum hennar, ber að tilkynna samstundis til skrifstofu Ríkisútvarpsins.

22. gr.

Útvarpsnotandi, sem selur eða lætur á annan hátt af hendi viðtæki sitt til annars manns, skal samstundis tilkynna það Ríkisútvarpinu eða innheimtumönnum þess og greina fullt nafn og heimilisfang viðtakanda.

23. gr.

Nú hefur útvarpsnotandi bústaðaskipti, og skal hann þá samstundis tilkynna það skrifstofu Ríkisútvarpsins eða innheimtumönnum afnotagjalda.

24. gr.

Gjalddagi afnotagjalds fyrir útvarp er 1. apríl.

Um innheimtuskipulag og innheimtugögn.

129

21. des.

25. gr.

Í Reykjavík annast innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins innheimtu afnotagjalda. Utan Reykjavíkur er póststofum og póstafrgreiðslum landsins falið að innkalla gjöldin, samkvæmt ákvæðum í reglugerð þessari og nánari fyrirmælum útvarpsstjóra. Heimilt er þó að fela innheimtuna öðrum, ef ástæða þykir til og nauðsyn krefur, að álitni útvarpsstjóra.

26. gr.

Fyrir 15. marz ár hvert sendir innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins póststofum, póstafrgreiðslum og öðrum innheimtumönnum gögn þau, er varða innheimtu afnotagjalda í umdæmi þeirra. Meðal innheimtugagna skulu vera:

1. Innheimtuskrá í tveimur eintökum yfir alla gjaldskylda útvarpsnotendur í póstumdæminu.
2. Kvittun fyrir afnotagjaldinu í tölumerktum reitum I.—III. Á eyðublaðið skal prentað:
 - a. Nafn og heimilisfang gjaldanda.
 - b. Fjárhæð gjaldsins, gjaldár og gjalddagi.
 - c. Útdráttur úr reglum um hagnýtingu og almenn not útvarpsins, sem varða innheimtuna.
 - d. Aðrar helztu leiðbeiningar fyrir útvarpsnotendur.
3. Skýrsluform yfir innheimt afnotagjöld fyrir hvern mánuð.
4. Önnur gögn, sem til greina kunna að koma.

Um innheimtu og skil pósthúsa.

27. gr.

Hverjum útvarpsnotanda utan Reykjavíkur ber að greiða afnotagjald á póststofu eða póstafrgreiðslu þess póstumdæmis, þar sem hann er búsettur, enda hafi innheimtan ekki verið falin öðrum í póstumdæminu.

Þegar greiðsla fer fram, fær gjaldandi afhentan eyðublaðshluta III., sbr. 26. gr., 2. tölul., með áritaðri kvittun innheimtumanns.

28. gr.

Póststofur og póstafrgreiðslur færa innheimt afnotagjöld jafnharðan og þau innheimtast á skrá yfir innheimt afnotagjöld, eyðublað nr. 5. Jafnframt kvitta þær fyrir gjaldinu á báðum eintökum innheimtuskrár póstumdæmisins, eyðublað nr. 3.

Í lok hvers mánaðar senda póststofur og póstafrgreiðslur landsins póstmála-skrifstofunni í Reykjavík skrá um innheimt afnotagjöld í mánuðinum, eyðublað nr. 5, og færa hinar innheimtu upphæðir póstsjóði til tekna í reikningum sínum og senda greiðslur, samkvæmt nánari fyrirmælum póststjórnarinnar. — Skránni skal fylgja eyðublaðshluti II. af kvittun fyrir innheimt afnotagjöld. — Eyðublaðshluta I. heldur innheimtumadurinn eftir í skjölum sínum.

Heimilt er póststofum og póstafrgreiðslum að leita aðstoðar bréfhirðinga við innheimtuna, ef þeim, vegna fjarlægðar eða örðugra samgangna, þykir það henta. Fer um þá innheimtu eftir samkomulagi milli innheimtumanns og bréfhirðingarmanns, enda er hún framkvæmd á ábyrgð póstmeistara eða póstafrgreiðslumanns.

29. gr.

Póstmálaskrifstofan í Reykjavík tekur mánaðarlega saman yfirlit um innsendar innheimtuskrár pósthúsa og færir á skrá, eyðublað nr. 6. — Síðan greiðir hún

129 skrifstofu Ríkisútvarpsins hinar innheimtu upphæðir, samkvæmt innheimtuskýrslu 21. des. um hvers mánaðar, og fær kvittun fyrir.

30. gr.

Póststofur og póstafgreiðslur fara í athugasemdadálk á báðum eintökum innheimtuskrár allar breytingar, sem verða á heimilisfangi útvarpsnotanda, útvarpsnotum þeirra og gjaldskyldu, samkvæmt ákvæðum í reglugerð þessari. — Breytingar þessar og athugasemdir skal fara jafnskjótt og þær koma fram.

31. gr.

Póststofur og póstafgreiðslur skulu hafa gert fullnaðarskil innheimtunnar, samkvæmt 28. gr., eigi síðar en 15. nóvember ár hvert.

Jafnframt ber þeim að senda til innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík eigi síðar en 15. nóvember annað eintak innheimtuskrárinnar með árituðu greiðsluvottorði, leiðréttingum og athugasemdum, sbr. 30. gr.

Öll skjöl og verðmæti varðandi innheimtuna skal senda í ábyrgðarpósti.

Menntamálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum útvarpsstjóra, innheimtumönnum afnotagjalda þóknun fyrir innheimtustörfin.

Um ráðstafanir vegna vanskila.

32. gr.

Nú er afnotagjald af útvarpi ekki greitt innan mánaðar frá því er það fellur í gjalddaga, og er þá heimilt að taka það lögtaki lögum samkvæmt.

33. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra, hvenær sem er, eftir 1. maí, að gera ráðstafanir til þess að láta taka úr notkun og setja undir innsigli Ríkisútvarpsins viðtæki þeirra útvarpsnotanda, sem ekki hafa greitt afnotagjöld sín fyrir þann tíma. Er þá útvarpsnotanda óheimilt að rjúfa innsiglið og taka viðtækið eða önnur viðtæki í notkun, nema leyfi Ríkisútvarpsins eða umboðsmanns þess komi til.

Mönnum þeim, sem eru í þjónustu Ríkisútvarpsins þessara erinda, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, enda fari þeir ekki um hífýli manna á helgum dögum og ekki fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi virka daga.

Nú greiðast afnotagjöld ekki á tilskildum tíma og óhjákvæmilegt reynist að leggja í sérstakan kostnað vegna innheimtu þeirra, og getur þá útvarpsstjóri, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, ákveðið, að dráttarvextir skuli falla á hin óinnheimtu gjöld, samkvæmt þeim reglum, er gilda um skattheimtu ríkissjóðs.

Nú innheimtast afnotagjöld ekki, þrátt fyrir framangreindar ráðstafanir, og snýr Ríkisútvarpið sér þá til fógeta með beiðni um innheimtu gjaldanna með lögtaki.

Um innsíglun viðtækja.

34. gr.

Þegar útvarpsstjóra þykir ástæða til, gefur hann út umboð til póstmeistara, póstafgreiðslumanna og annarra innheimtumanna til þess að taka úr notkun og setja undir innsigli viðtæki þeirra manna, sem ekki greiða afnotagjöld sín á tilskildum tíma, sbr. 33. gr.

Jafnframt setur hann nánari fyrirmæli um það, eftir því sem hann telur þurfa, hvenær innsíglun skuli koma til framkvæmda í hverju póstumdæmi.

35. gr.

129
21. des.

Nú er ákveðið að innsigla viðtæki, og skal þá eiganda tækisins tilkynnt það með viku fyrirvara hið skemmsta. Greiði hann ekki gjaldið á þeim tíma, skal tæki hans tekið úr notkun og innsiglað, sbr. 34. gr.

Nú greiðir útvarpsnotandi gjald sitt, eftir að viðtæki hans hefur verið innsiglað, og skal þá, svo fljótt sem við verður komið, taka viðtækið undan innsigli og setja það aftur í notkun.

Nú falla niður útvarpsnot vegna innsíglunar viðtækis af framangreindum ástæðum, og er þá útvarpsnotandi eigi að síður gjaldskyldur þann tíma, sem tæki hans hefur verið undir innsigli vegna vanskila frá hans hendi.

Rjúfi útvarpsnotandi innsigli Ríkisútvarpsins, varðar það refsingu samkvæmt refsiakvæðum laga um útvarpsrekstur ríkisins nr. 68 28. des. 1934, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Um uppsögn útvarpsnota og niðurfall afnotagjalds.

36. gr.

Hver sá, sem er eigandi viðtækis 1. janúar og hefur eigi sagt upp útvarpsnotum fyrir þann tíma, telst útvarpsnotandi og er gjaldskyldur, enda falli ekki niður útvarpsnot hans og gjaldskylda af ástæðum þeim, sem greinir í 37., 39. og 41. gr.

37. gr.

Nú óskar útvarpsnotandi að hætta útvarpsnotum á árinu, og skal hann þá tilkynna það skriflega skrifstofu Ríkisútvarpsins eða innheimtumönnum afnotagjalda eigi síðar en 15. júní og uppsögnin þá bundin við byrjun júlímánaðar, — eða fyrir 15. desember, og er uppsögnin þá bundin við áramót.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hefja útvarpsnot af nýju, fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því, er hann sagði upp útvarpsnotum.

Innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins eða umboðsmaður hennar gerir þær ráðstafanir, er þurfa þykir, um innsíglun viðtækja þeirra manna, sem sagt hafa upp útvarpsnotum. Fer þá um viðurlög við því að rjúfa innsigli samkvæmt því, er greinir í 35. gr.

38. gr.

Nú bilar viðtæki útvarpsnotanda og verður ónothæft, þrátt fyrir tilraunir til viðgerðar, og fellur þá niður gjaldskylda útvarpsnotandans, enda leggi hann fram vottorð löggilts viðgerðarmanns útvarpsviðtækja eða annað það vottorð, sem útvarpsstjóri metur gilt, um það, hvenær viðtæki hans hafi orðið ónothæft og sannanlega alveg ónýtt.

39. gr.

Nú selur útvarpsnotandi viðtæki sitt, og fellur þá niður gjaldskylda hans frá söludegi, enda greini hann nafn og heimilisfang kaupanda og leggi fram yfirlýsingu hans um það, að hann hafi gerzt eigandi að tækinu og teljist útvarpsnotandi frá þeim tíma. — Vanræki útvarpsnotandi að tilkynna sölu viðtækis síns og hverjum það er selt, ber hann ábyrgð á afnotagjaldi hins selda viðtækis.

40. gr.

Nú kaupir maður gjallarhorn og hagnýtir sér útvarpið með leiðslu frá viðtæki útvarpsnotanda á öðru heimili, og telst hann þá útvarpsnotandi, enda er hann háður öllum skyldum útvarpsnotanda samkvæmt reglugerð þessari.

Útvarpsnotandi, sem þannig hagnýtir sér útvarp, er háður afleiðingum útvarpstruflana, sem eigandi sjálfs viðtækisins kann að verða fyrir, meðal annars

129 vegna bilana viðtækisins. Hann er og háður afleiðingum af vanskilum tækiseig-
21. des. anda eins og tækiseigandinn sjálfur.

41. gr.

Nú fyrirmunast útvarpsnotanda, sem um ræðir í 40. gr., útvarpsnot af þeim ástæðum, er greinir í 37., 38. og 39. grein, og fellur þá niður gjaldskylda hans jafnsnemma og gjaldskylda eiganda þess viðtækis, er hann tengir við. — Enn fremur fellur niður gjaldskylda hans, ef honum fyrirmunast útvarpsnot vegna bústaðaskipta hans sjálfs eða viðtækiseiganda. Telst niðurfall gjaldskyldunnar frá þeim degi, er bústaðaskiptin urðu.

42. gr.

Nú deyr útvarpsnotandi, og fer þá um greiðslu afnotagjalds hans eins og um önnur lögskil dánarbúsins.

43. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra að fela póstmeisturum, póstafrgreiðslumönnum og öðrum innheimtumönnum afnotagjalda að útskurða um gjaldskyldu útvarpsnot- enda og niðurfall afnotagjalds samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

Ef innheimtumaður er í vafa um, hversu skera skuli úr atriðum varðandi inn- heimtuna, leitar hann úrskurðar útvarpsstjóra.

Um undanþágu.

44. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum útvarpsstjóra, að undanþiggja frá afnotagjaldi af útvarpi fátæka, blinda menn, eftir nánari ákvæðum í reglugerð þessari.

45. gr.

Undanþágu samkvæmt 44. gr. geta orðið aðnjótandi þeir blindir menn, er fyrir sakir umkomuleysis og fátæktar eru á opinberu framfæri eða svo eignalausir sjálfir eða á framfæri manna, sem eru svo eignalitlir, að þeir teljast ekki færir um að greiða afnotagjald af útvarpi.

46. gr.

Meðan Blindravinafélag Íslands starfar, sendast því umsóknir blindra manna, samkvæmt 45. gr. Umsóknnum fylgi vottorð sóknarprests og hreppsnefndaroddvita eða fátækrafulltrúa um efnahagsástæður og heimilishætti hinna blindu manna, einnig skattaframtal húsráðanda. Stjórn Blindravinafélagsins gerir síðan tillögur sínar til skrifstofu útvarpsstjóra. Fallist útvarpsstjóri ekki á tillögur nefndarinnar, gefur hann stjórn Blindravinafélagsins kost á að ræða við sig um ágreininginn, áður en slíkar tillögur eru endanlega afgreiddar til úrskurðar.

47. gr.

Nú úrskurðar ráðherra, að fátækur, blindur maður skuli undanþeginn afnota- gjaldi af útvarpi, og lætur skrifstofa Ríkisútvarpsins þá taka þann mann af skrá yfir gjaldskylda útvarpsnotendur og færa á sérstaka skrá.

Skrifstofa Ríkisútvarpsins sendir innheimtumönnum afnotagjalda og trúnaðar- mönnum sínum ár hvert skrá um þá menn, sem njóta undanþágunnar í póstum- dæmi þeirra, og felur þeim eftirlit með því, að viðtækin séu hagnýtt samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og misnotkanir eigi sér ekki stað í skjóli þessara

hlunninda. Útvarpsstjóri setur í bréfi nánari reglur um, hvernig því eftirliti skuli hagað. 129
21. des.

V. KAFLI

Um viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju.

48. gr.

Meðan hagkvæmt þykir og nauðsynlegt vegna útvarpsreksturs og hagfelldra útvarpsnota í landinu, lætur Ríkisútvarpið reka viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju, ásamt nauðsynlegum útbúum þeirra. Verkstofur þessar annast hvers konar viðgerðir viðtækja og hljóðmagnara, breytingar viðtækja og nýsmiði, fræðilegt og verklegt uppeldi starfsmanna Ríkisútvarpsins, almenna fræðslu um hagnýtingu og viðgerðir tækja og viðgerðiferðir, eftir því sem við verður komið.

49. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og verkfræðings. Um ráðningu og starfskjör annarra starfsmanna, svo og nema í viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju, skal fara eftir þeim reglum, sem almennt gilda á hverjum tíma um svipaðar verkstofur ríkisstofnana.

50. gr.

Fjárhagsáætlanir um tekjur og gjöld viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju skulu teknar sem sérstakir liðir í fjárlög ríkisins á ári hverju, sbr. 2. gr.

51. gr.

Ríkisútvarpið sér viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju fyrir starfsfé og tekur á sig halla, sem verða kann á rekstrinum.

Allur hagnaður, sem verða kann á rekstrinum, rennur til Ríkisútvarpsins, samkvæmt 2. gr.

52. gr.

Skylt er viðgerðarstofunni, svo og öllum þeim, sem öðlast hafa leyfi til þess að stunda viðgerðir og breytingar útvarpsviðtækja, að senda skrifstofu Ríkisútvarpsins mánaðarlega skrá um slíkar viðgerðir og breytingar, þar sem greint sé fullt nafn og heimilsfang eiganda, tegund og verksmiðjunúmer viðtækis og hvernær viðtækið er tekið til viðgerðar.

53. gr.

Útvarpsstjóri setur, með ráði verkfræðings, nánari reglur, samkvæmt 48. gr., um rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju, eftir því sem ástæða þykir til.

VII. KAFLI

Um einkasölu á útvarpsviðtækjum.

54. gr.

Ríkisstjórnin lætur, í sambandi við útvarpsrekstur ríkisins, reka einkasölu á viðtækjum fyrir útvarp, hlutum slíkra tækja og öðrum hlutum varðandi rekstur útvarps, sbr. 55. gr., og eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari. — Einkasala þessi nefnist: „Viðtækjaverzlun ríkisins“.

55. gr.

Engum nema Viðtækjaverzlun ríkisins er heimilt að flytja hingað til lands frá útlöndum, né verzla með neina af eftirtöldum vörutegundum:

129 Hvers konar loftskeytaviðtæki og útvarpsviðtæki, hvort heldur er fyrir hljóð-
21. des. varp, myndavarp eða sjónvarp eða hluta til þeirra, svo sem magnaralampa, af-
riðilslampa, þétta, spólur, spenna, viðnám, rafgeyma, rafhlöður, gjallarhorn,
heyrnartæki, útvarpstaugar, víra eða einangrara o. þvl., útvarpsgrammófóna og
hluta til þeirra, svo sem rafmagnshljóðdósir, grammófónhreyfla o. s. frv.

Magnara fyrir hátíðnisveiflur og hljóðsveiflur, svo og hluta þeirra.

Hleðslutæki og afriðla, sem eru gerðir fyrir útvarpsrafgeyma.

Mælitæki, sem eru sérstaklega ætluð til mælinga útvarpsviðtækja, eða starf-
rækslu útvarps að öðru leyti.

Hljóðnema, hljóðritunartæki og hvers konar önnur tæki, sem eru sérstaklega
ætluð fyrir starfrækslu útvarps.

Útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar og hluta þeirra.

Undanþegnar einkasölu þessari eru loftskeytastöðvar (þ. á m. radióvitar) og
dýptarmælar. Landssímanum er heimilt að flytja inn loftskeytataeki og önnur
slík tæki af framangreindum vörflokkum, sem hann þarfnast beinlínis vegna
starfrækslu sinnar, enda séu slík viðtæki aðeins notuð í afgreiðslustofum lands-
símans og í þágu starfrækslu hans.

Nú óskar útvarpsnotandi að selja viðtæki sitt, og er honum þá heimilt að selja
það hverjum sem er, sbr. þó 39. gr., enda hafi hann notað viðtækið um eitt ár hið
skemmsta. Óski hann að selja viðtækið fyrr, ber honum að leita til þess samþykkis
Ríkisútvarpsins.

Óheimilt er að selja notuð viðtæki í atvinnuskyni fyrir aðra eða verzla með
þau, eða annað það, er að ofan greinir, nema hafa hlotið til þess skriflega heimild
Ríkisútvarpsins.

56. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdarstjóra einkasölnunnar og ákveður
laun hans, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Ráðherra ræður og aðra starfsmenn
einkasölnunnar og ákveður laun þeirra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og fram-
kvæmdarstjóra.

57. gr.

Framkvæmdarstjórinn sér um daglegan rekstur einkasölnunnar, samkvæmt því
sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari. Hann hefur á hendi fjárreiður hennar og
reikningshald. Reikningsár einkasölnunnar er hið sama og reikningsár ríkisins.

Í byrjun hvers reikningsárs, svo fljótt sem við verður komið, sendir fram-
kvæmdarstjóri glögg reikningsskil fyrir undanfarið starfsár til menntamálaráðu-
neytisins og til skrifstofu útvarpsstjóra.

58. gr.

Reikningar einkasölnunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ríkissjóðs.

59. gr.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölnunnar.

Allur verzlunarhagnaður af einkasölnunni rennur til framkvæmdasjóðs Ríkis-
útvarpsins, sbr. 65. gr.

60. gr.

Einkasalan gerir samninga við menn eða félög úti um land, eins marga og
þörf krefur, um að hafa á hendi sölu viðtækja, ásamt uppsetningu viðtækja, gegn
saunngjarnri greiðslu, eftir nánari ákvæðum í samningi. Hún skal kosta fyllsta kapps
um að tryggja með samningi örugg skil af hálfu útsölumanna. Þóknun útsölu-
manna skal vera tiltekinn hundraðshluti af útsöluverði tækis eða tækishluta, eftir
nánari ákvæðum í samningi. Einkasölnunni er heimilt að veita útsölumönnum, ef

nægar tryggingar eru fyrir hendi, sérstakan gjaldfrest á viðtækjum, sem eru seld 129
afborgunarsölu. 21. des.

61. gr.

Heimilt er hverjum landsmanni að panta hjá einkasölnunni hvaða viðtæki, sem faanlegt er á heimsmarkaðinum, og útvegar hún það, þegar engir sérstakir örðugleikar eru fyrir hendi.

62. gr.

Viðtækjaverzlun ríkisins og umboðsmenn hennar úti um land færa nákvæma skýrslu um seld viðtæki og nýja útvarpsnotendur, og skal í skýrslunni tilgreint það, er hér segir:

1. Hlaupandi númer seldra viðtækja.
2. Sölu dagur viðtækis.
3. Nafn kaupanda.
4. Atvinna kaupanda.
5. Heimilisfang kaupanda, nákvæmlega tilgreint.
6. Hvort kaupandi er nýr útvarpsnotandi.
7. Hvort kaupandi hefur áður verið útvarpsnotandi.
8. Hvort eldra viðtæki hans er tekið úr notkun og ónýtt.
9. Hvort því er skilað eða það selt, og ef svo er:
10. Hver er hinn nýi eigandi viðtækisins.

Skýrslur um seld viðtæki skulu sendar í ábyrgðarpósti þegar við lok hvers mánaðar til skrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík. Sé ekkert selt í mánuðinum, sendist skýrsluformið eigi að síður útfyllt og undirritað.

Útvarpsstjóri lætur prenta skýrsluform samkvæmt fyrirmælum þessum og hefur umsjón með, að ávallt séu nægar birgðir af skýrsluformum á hverjum útsöluastað.

Útvarpsstjóra er heimilt að fela póstafgreiðslumönnum að fylgjast með þessari skýrslugerð útsölumanna Viðtækjaverzlunarinnar vegna innheimtu afnotagjalda.

63. gr.

Útvarpsstjóri heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði hverjum, þar sem til eru kvaddir verkfræðingur útvarpsins, framkvæmdastjóri Viðtækjaverzlunarinnar og forstöðumaður viðgerðarstofu og viðtækjasmíðju.

Á fundi þessum skal ræða samstarf viðkomandi stofnana og aðkallandi mál í rekstri þeirra, til tryggingar hagfelldum útvarpsrekstri og útvarpsnotum í landinu.

Fundargerðir skulu færðar í gerðabók útvarpsstjóra.

64. gr.

Útvarpsstjóri setur, í samráði við þá aðila, er greinir í 63. gr., reglur, eftir því sem nauðsynlegt þykir, varðandi samstarf og einstök atriði í rekstrinum.

VIII. KAFLI

Um framkvæmdasjóð.

65. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að leggja í sérstakan sjóð tekjuafgang, sem verða kann á rekstri Ríkisútvarpsins og starfsdeilda þess, sbr. 2. gr. og 59. gr.

129

21. des.

66. gr.
Sjóður þessi nefnist **Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins**, og skal fé hans varið til þess að standa straum af verklegum framkvæmdum stofnunarinnar til bættra húsakynna, vélakaupa og annarrar verklegrar útfærslu í rekstri stofnunarinnar.

67. gr.

Fé úr framkvæmdasjóði má aðeins verja samkvæmt því, er greinir í 66. gr., enda liggja fyrir hverju sinni heimild menntamálaráðuneytisins. — Þó getur ráðherra mælt svo fyrir, að fé sjóðsins megi verja til rekstrar Ríkisútvarpsins, ef aðrar tekjur þess hrökkva ekki til.

IX. KAFLI

68. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum. Þó skulu brot gegn 55. gr. varða sektum frá 200—2000 kr.

Hvert það viðtæki eða hluti tækis, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið með sem almenn lög-
reglumál.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld: Reglugerð nr. 10, dagsett 24. jan. 1936, um útvarpsrekstur ríkisins, og viðaukar við þá reglugerð, dagsettir 4. marz 1937 og 22. marz 1944.

Menntamálaráðuneytið, 21. desember 1944.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

130

16. sept.

REGLUGERÐ**um holræsi í Patrekshreppi.**

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupþingsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlýða í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar

sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 25.00 árlega, af hverju húsi og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húsanna, sem hér segir: 130

Af fyrstu kr. 5000.00 greiðist 5 %

Af næstu kr. 5000.00 greiðist 3 —

Af því, sem þar er fram yfir, greiðist 1,5—

Gjöld þessi getur hreppnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 25%.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. — Gjaldtagi holræsagjaldsins er 15. júlí ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 200.00, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. — Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldóru Snorra- dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. sept. 1944. 131
 Skipulagsskráin er þannig: 18. sept.

SKIPULAGSSKRA

fyrir Minningarsjóð Halldóru Snorradóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldóru Snorradóttur, og er stofnaður til minningar um hana, en hún var fædd 10. febr. 1841 að Arnarholti í Biskupstungum, þar sem hún ólst upp í föðurgarði, og bjó síðan þar til eiginmaður hennar féll frá. Hún andaðist að Höfða 12. nóvember 1932 á heimili sonar síns, Víglundar bónda Helgasonar, þá blind orðin fyrir mörgum árum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 3050 — þrjú þúsund og fimmtíu — krónur frá samtíðar- mönnum og ættingjum Halldóru, sem gefa það til minningar um hina látnu konu. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta árlega, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja blint og aldrað fólk í Biskupstungnahreppi.

131

18. sept.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa á hverjum tíma:

1. presturinn í Torfastaðaprestakalli, sem persónlega sjálfur afhendir styrkþegum það, sem þeir fá úr sjóðnum í hvert sinn;
2. héraðslæknirinn;
3. elzti afkomandi Halldóru Snorradóttur, sem á hverjum tíma á heima í Biskupstungnahreppi eða sá, sem hann felur umboð sitt. En verði einhverju sinni ekki vól neins afkomanda hennar, þá kjósi prestur og héraðslæknir konu, búsetta í sveitinni, í stjórn sjóðsins með sér.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Þó er stjórn hans heimilt að geyma hann í vel tryggðum ríkisskuldabréfum, enda sé að því sýnilegur vaxtahagnaður.

6. gr.

$\frac{1}{3}$ vaxta sjóðsins leggist ávallt við stofn hans, en $\frac{2}{3}$ má á hverju ári veita blindu fólki til styrktar og glaðnings. En komi það fyrir, að um engan blindan styrkþega verði að ræða í hreppnum eða úthlutunarupphæðin svo há, að stjórn sjóðsins telji óþarft að láta hana alla ganga til þeirra, er 3. gr. ræðir um, þá má hún styrkja með slíku umframfé blint fólk, þó annars staðar eigi heima, en þá sérstaklega þá, sem áður hafa átt heima í Biskupstungum.

7. gr.

Aldrei má nota fé sjóðsins til greiðslu á sveitarstyrk né til þess að koma í stað hans.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum og annast reikningshald hans, en endurskoðun þess heyrir undir sjúkratryggingu (sjúkrasamlag) Biskupstungnahrepps.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðindanna.

Laugarási, 30. júlí 1944.

Eiríkur Þ. Stefánsson,
sóknarprestur í Torfastaðaprestakalli.

Ólafur Einarsson,
héraðslæknir.

Guðrún Víglundardóttir,
Höfða.

132

18. sept.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðmundar Jónssonar og Sigríðar Gísladóttur frá Purkey“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. september 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðmundar Jónssonar og Sigríðar Gísladóttur frá Purkey.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðmundar Jónssonar og Sigríðar Gísladóttur frá Purkey.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1944 með dánargjöf Kristínar, dóttur nefndra hjóna, og er stofnfé hans 500 — fimm hundruð — krónur.

132

18. sept.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er þegar lagt fram, og getur það aukizt með tillögum þeirra afkomenda téðra hjóna eða annarra, sem síðar kynnu að vilja styrkja hann. Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, og má aldrei skerða höfuðstól hans.

4. gr.

Fyrstu 10 árin skulu vextir allir lagðir við höfuðstólinn. Að liðnum þeim tíma er stjórn sjóðsins heimilt að verja $\frac{2}{3}$ — tveim þriðju — vaxta hans til fátækra munaðarlausra únglinga 14 til 18 ára, er stunda vilja bóklegt eða verklegt nám og lögheimili eiga í Klofningshreppi í Dalasýslu.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, sýslumanni Dalasýslu, oddvita Klofningshreypps og sóknarpresti Dagverðarneskirkju, sem er formaður stjórnar sjóðsins. Ber stjórn sjóðsins að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa inn í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, og allt sem varðar hag og rekstur sjóðsins, enn fremur færi stjórnin bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, sem færast í ársreikning sjóðsins, sem gerður skal upp í janúarmánuði árlega, og sendur sýslunefndinni í Dalasýslu til endurskoðunar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

A R Ð S K R Á

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Rangæinga.

133

21. sept.

Djúpárhreppsdeild:	Einingar
Unuhóll I	5
Unuhóll II	5
Eystra Tobbakot	4
Vestra Tobbakot	4
Bali (með Gvendarkoti)	8
Húnakot	3
Hraukur	4
Litla-Rimakot	3
Stóra-Rimakot	4
Suður-Nýjabær	5
Vatnskot I	4
Vatnskot II	4
Hái Rimi	9
Norður-Nýjabær	7
Melur	5
Miðkot	5
Jaðar	5

133
21. sept.

Hábær	14
Skinnar	14
Brekka	3
Búð I	9
Búð II	4
Hávarðarkot	5
Dísukot með Hákotí	12
Vesturholt með Stöðulkoti	9
Oddspartur	3
Önnupartur	3
Skarð	7
Borgartún I	4
Borgartún II	4
Bjólujáleiga I	10
Bjólujáleiga II	4
Bjóla I	17
Bjóla II	13
Hrafntóftir I	8
Hrafntóftir II	4
Ægissíða I	12
Ægissíða II	5
Holtahreppsdeild:	
Árbæjarháleiga	4
Árbær	16
Árbæjarhellir	7
Vestur-Landeyjadeild:	
Eystri-Hóll	13
Grimstaðir	9
Ytri-Hóll I	8
Ytri-Hóll II	4
Hemla með Skeiði	10
Rangárvallahreppsdeild:	
Ártún með Ártúnskoti	14
Bakkakot	9
Fróðholt	6
Fróðholtsháleiga	12
Uxahryggur I	6
Uxahryggur II	6
Reynifell I	4
Reynifell II	4
Þorleifsstaðir	8
Rauðnefsstaðir	8
Foss	3
Hróarslækur	3
Ketilhúshagi	3
Vestri-Kirkjubær	13
Eystri-Kirkjubær	8
Gunnarholt	11
Reyðarvatn	3

Keldur	8
Stokkalækur	7
Minna-Hof	10
Stóra-Hof	19
Lambhagi	8
Oddhóll	13
Kragi	4
Vindás	5
Sólvellir	2
Langekra	5
Oddi	16
Varmidalur	13
Helluvað	10
Gaddstaðir	4
Selalækur	14
Nes	1

Hvolhreppsdeild:

Móeiðarhvolshjáleiga	4
Móeiðarhvoll I	15
Móeiðarhvoll II	15
Djúpidalur	3
Dufþaksholt I	7
Dufþaksholt II	8
Moshvoll	9
Litli-Moshvoll	5
Langagerði	7
Brekkur	11
Uppsafir	6
Stórólfshvoll	15
Gata með Ormsvelli	9
Króktún	6
Þinghóll	5
Miðhús	7
Efri-Hvoll	16
Völlur I	8
Völlur II	4
Bakkavöllur	3
Markarskarð	5
Árgilsstaðir I	7
Árgilsstaðir II	8

Fljótshlíðardeild:

Fljótsdalur	6
Barkarstaðir	17
Háimúli	5
Árkvörn	8
Eyvindarmúli	13
Múlakot I	11
Múlakot II	8
Hlíarendakot	9
Nikulásarhús	6

133
21. sept.

Hlíðarendi	8
Hallskot	6
Neðri-Þverá	8
Efri-Þverá	4
Deild	9
Heylækur I	9
Heylækur II	4
Teigur I	14
Teigur II	8
Butra	9
Ámundakot	7
Miðkot	3
Bollakot	7
Hellishólar	8
Kirkjulækur I	6
Kirkjulækur II	8
Kirkjulækur III	6
Kirkjulækjarkot	6
Kollabær I	5
Kollabær II	8
Eystri-Torfastaðir I	5
Eystri-Torfastaðir II	8
Vestri-Torfastaðir I	6
Vestri-Torfastaðir II	5
Vestri-Torfastaðir III	5
Fagrahlíð	4
Kotmúli	4
Sámsstaðir I	20
Sámsstaðir II	12
Sámsstaðir III	22
Bjargarkot	3
Aurasel	5
Breiðabólstaður með Há koti	21
Flókastaðir	9
Núpur I	9
Núpur II	11
Vatnsdalur I	7
Vatnsdalur II	7

Samtals 1151

Afðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. september 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Ekknasjóð Staðarsveitar“, út- **134**
 gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. september 1944. **23. sept.**
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ekknasjóð Staðarsveitar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ekknasjóður Staðarsveitar og er stofnaður með 50 þúsund króna gjöf frá hjónunum Margræti P. Jensen og Thor Jensen, forstjóra á Lágafelli í Mosfellssveit.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur í Staðarsveit, þar á meðal til þess að koma börnum sínum til mennta, ef fé er fyrir hendi til þess. Einnig má veita ógiftum einstæðingskonum í sveitinni styrk úr sjóðnum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarpresturinn á Staðastað og hreppstjórinn og oddvitinn í Staðarsveit, ef þeir vilja taka það starf að sér. Vilji einhver þessara manna ekki taka sæti í sjóðsstjórninni tilnefnið dómsmálaráðuneytið mann í hans stað. Enn fremur eiga tvær konur sæti í stjórn sjóðsins og skulu þær kosnar af sóknarnefnd Staðastaðarprestakalls til 5 ára í senn. Sóknarpresturinn skal vera formaður sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér störfum.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum sjóðsstjórnarinnar, en séu jöfn atkvæði ræður atkvæði formanns.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta með því að kaupa fyrir fé hans bankavaxtabréf veðdeildar Landsbankans, eða önnur verðbréf hins opinbera, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar eru jafntrygg þeim. Það, sem fyrir hendi kann að vera af peningum á hverjum tíma, skal ávaxtað í sparisjóði Landsbanka Íslands í Reykjavík.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Árlega skal leggja $\frac{1}{5}$ hluta vaxtanna við höfuðstólinn, en hinum hluta þeirra skal varið til styrkveitinga samkv. tilgangi sjóðsins. Í fyrsta skipti skal veita styrk úr sjóðnum á árinu 1945. Heimilt er stjórninni, hvenær sem henni þykir henta, að geyma þennan hluta vaxtanna að einhverju eða öllu leyti til næsta árs til úthlutunar þá, ef ekki þykir ástæða til að úthluta honum að fullu á því ári, sem þá stendur yfir, enda sé öll sjóðsstjórnin sammála um frestunina.

Nú kynni svo við að bera, að óvenjuleg þörf yrði fyrir styrk úr sjóðnum vegna mikils manntjóns í sveitinni, og skal þá sjóðsstjórninni heimilt að verja ársvöxtum að fullu til styrkveitinga, en þó ekki lengur en 5 ár í röð.

6. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir árlega með hæfilegum fyrirvara eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum, og úthlutar síðan styrkjum í samræmi við ákvæði skipulagsskrár þessarar. Hún skal þó ávallt gæta þess, að hver einstök styrkupphæð sé eigi lægri en svo, að hún sé hlutaðeiganda til verulegs gagns.

134

23. sept.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn sjóðsins hafa lokið við að semja reikning hans fyrir liðið ár og skal hann síðan endurskoðaður af tveim þar til hæfum mönnum, sem sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu nefnir til þess til þriggja ára í senn. Að lokinni endurskoðun skal stjórn sjóðsins sjá um, að reikningurinn sé birtur í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að skrá eignir sjóðsins, tekjur og gjöld, svo og ársreikninga hans í þar til gerða bók.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa gerðabók og skal í hana rita skipulagsskrá þessa, fundargerðir og skrá um umsóknir og styrkveitingar úr sjóðnum.

10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari. Henni má aldrei breyta nema því aðeins að eitthvert það embætti eða starf, sem nefnt er í skipulagsskránni verði lagt niður. Ákveður þá yfirstjórn dómsmála á Íslandi hvaða embættis- eða starfsmaður skuli koma í staðinn.

Lágafelli, 14. október 1943.

Margrét Þorbjörg Jensen. Thor Jensen.

135

26. sept.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Lárusar Helgasonar og Elínar Sigurðardóttur“, Kirkjubæjarklaustri, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. september 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Lárusar Helgasonar og Elínar Sigurðardóttur,
Kirkjubæjarklaustri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Lárusar Helgasonar og Elínar Sigurðardóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með almennum framlögum frá íbúum Vestur-Skaftafellssýslu og Kaupfélagi Skaftfellinga fyrir forgöngu undirritaðra manna í Kirkjubæjar- og Hörgslandshreppum með aðstoð Sambands Vestur-Skaftfellskra kvenna til minningar um hjónin Lárus Helgason og Elínu Sigurðardóttur á Kirkjubæjarklaustri.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 12577.18 — tólf þúsund fimm hundruð sjöttu og sjö krónur og átján aurar — og skulu kr. 8000.00 — átta þúsund krónur — lagðar í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands undir nafninu A, en kr. 4577.18 — fjögur þúsund fimm hundruð sjöttu og sjö krónur og átján aurar — skulu ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðsins um aldur og æfi undir nafninu B. A-deild sjóðsins skal

ávaxtast til þess tíma, er fært þykir að dómi sjóðsstjórnarinnar að reisa skóla- byggingu til húsmæðrafræðslu með tilstyrk sjóðsins á staðnum Kirkjubæjar- klaustri, nema ef hagkvæmari staður og samningar um hann fást fyrir stofnunina í næstu grennd. Fellur þá A-deild sjóðsins til útborgunar nema kr. 500.00 — fimm hundruð krónur —, sem ávaxtast áfram í Söfnunarsjóðnum með þeim skilmálum, að helmingur upphæðarinnar með vöxtum má jafnan falla til útborgunar er endur- bygging þarf skólabygginguna að miklu eða öllu leyti að dómi þeirrar stjórnar, er þar um ræður.

Í B-deild sjóðsins skulu allir ársvextir lagðir við höfuðstólinn þangað til að farið er að starfrækja fræðslustofnunina, hvort heldur er með námskeiðum, sem stúlkur eða konur úr Vestur-Skaftafellssýslu hvar sem er eiga jafnan aðgang að — eða sem skóli og það jafnt áður en skólabygging er reist. Falla þá vextir til út- borgunar þannig: $\frac{1}{3}$ — einn þriðji — eða $\frac{1}{2}$ — hálfir — ársvextir til reksturs þeirra eftir lengd námskeiðstímans. En þegar skóli er reistur og starfræktur falla $\frac{3}{4}$ — þrjú fjórðu — ársvaxtanna til reksturs hans og námskeiða við hann. Hinn hluti vaxtanna skal jafnan leggjast við höfuðstólinn. Sömuleiðis falla allir vextir við höfuðstólinn þau ár, sem fræðsla kann að falla niður.

Báðar deildir sjóðsins taka við gjöfum og áheitum frá þeim mönnum, sem vilja efla vöxt sjóðsins og styðja tilgang hans. Sömuleiðis frá stofnunum og félögum. Skal allt fé, sem sjóðnum áskotnast þannig, jafnan lagt við stofnféð.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn — karlar og konur —. Einn þeirra skal kosinn af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, annar af Sambandi Vestur-Skaftafellskra kvenna og sá þriðji af undirrituðum forgöngumönnum sjóðsstofnunarinnar, meðan a. m. k. tveir þeirra eru lífs og búsettir innan Vestur-Skaftafellssýslu. Þegar þeirra manna nýtur ekki lengur við, skal þriðji maðurinn valinn af hreppsnefndum Hörgslands- og Kirkjubæjarhreppa í sameiningu. Stjórnarmenn skulu kosnir til tjöggra ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum. Hún hefur á hendi reikn- ingsfærslu sjóðsins og ber ábyrgð á fé hans. Reikningur sjóðsins nær yfir almanaks- árið og skal hann árlega sendur sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu til athugunar. Reikningurinn birtist og í B-deild Stjórnartíðindanna.

Stjórnin heldur gerðabók og skulu í hana færðar allar fundargerðir, ályktanir og bréf, er hún ritar viðvikjandi sjóðnum, svo og reikningur sjóðsins. Hún varð- veitir og öll bréf hans og önnur skjöl, er til hennar berast sjóðnum viðkomandi.

5. gr.

Eflist sjóðurinn — A- eða B-deild — svo, að verksviði hans verði meira en full- nægt, má færa verksviðið út með því að styrkja hliðstæðar menningarstofnanir innan Vestur-Skaftafellssýslu fyrir karla.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

Staddir að Kirkjubæjarklaustri, 2. maí 1944.

Gísli Brynjólfsson,
Kirkjubæjarklaustri.

Bjarni Bjarnason,
Hörgsdal.

Dórarinn Helgason,
Þykkvabæ.

Helgi Jónsson,
Seglbúðum.

Sæm. Jónsson,
Hörgslandskoti.

Jón Jónsson,
Teygingalæk.

Björn Runólfsson,
Holti.

136

28. sept.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. desember 1943.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar verði svo hljóðandi:

Fyrir hvern rúmmetra vatns um vantsmæli skal greiða kr. 1.36 — eina krónu þrjátíu og sex auru — afnotagjald.

Hitaveitustjórinn skal áætla vatnsnotkunina, með hliðsjón af hitaþörf húss, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp. Sama gildir ef vatnsmælir bilar.

2. gr.

4. gr. verði svo hljóðandi:

Í 4½ mánuð að sumri til skal greiða helming afnotagjaldsins samkvæmt 3. gr., kr. 0.68 — sextíu og átta auru — fyrir hvern rúmmeter vatns, og miðast það tíma-bil við álestur á vatnsmæla sem næst 14. maí og 30. september.

3. gr.

Gjaldskrárbreytingar þessar koma til framkvæmda frá mælaálestri um 30. september 1944.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

137

30. sept.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Keflavíkurkaupþún, nr. 10 22. jan. 1942.

1. gr.

Í stað orðsins „Hafnargjöld“, sem er fyrirsögn 18. gr., komi: Lestargjöld.

2. gr.

c-liður 19. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll önnur skip, innlend og erlend, greiði 0.30 kr. fyrir smálest tvisvar á mánuði, ef þau koma á höfnina svo oft, eða oftar.

3. gr.

d-liður 19. gr. falli niður.

4. gr.

22. gr. falli niður.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 38. gr. hafnarreglugerðarinnar, sem verður 37. gr., skulu vera þessi fyrir eftirgreindar vörur:

Kol, 40 aurar fyrir hver 100 kg.

Salt, 40 aurar fyrir hver 100 kg.

Saltfiskur (þurr), 60 aurar fyrir hver 100 kg.
 Saltfiskur (óverkaður), 40 aurar fyrir hver 100 kg.
 Hraðfrystur fiskur, 50 aurar fyrir hver 100 kg.
 Fiskimjöl, 40 aurar fyrir hver 100 kg.
 Frosin sild, 25 aurar fyrir hver 100 kg.
 Olía, 40 aurar fyrir hver 100 kg.

137
 30. sept.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febrúar 1943, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. september 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

138
 2. okt.

um afnám reglugerðar nr. 75 16. maí 1944, um skömmtun á kaffibæti.

Reglugerð nr. 75 16. maí 1944, um skömmtun á kaffibæti, fellur hér með úr gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. október 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKT

139
 3. okt.

fyrir Vatnsveitufélag Hveragerðis.

1. gr.

Nafn félagsins er: Vatnsveitufélag Hveragerðis.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er í Hveragerði í Árnassýslu og varnarþing þess í Ölfushreppi í sömu sýslu.

3. gr.

Verkefni félagsins er að sjá félagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni, til heimilis- og búsparfa, iðnaðar og iðju, án orkunýtingar, með því að leggja vatnsæð um vegi og óbyggð svæði að Hveragerði og um götuæðar um Hveragerði, samkvæmt núverandi skipulagsupprætti, halda vatnsveitunni við og annast rekstur hennar.

Vatnsveitufélagið hefur einkasölu á vatni til hverra nota sem er á félagssvæðinu.

4. gr.

Félagssvæðið er landsvæði það, sem merkt er á upprætti skipulagsstjórans, dags. 2. október 1944., en landsvæði þetta takmarkast þannig:

Vesturhlíð: Geysir—Núpahnúkur að þjóðvegi.

139 Norðurhlið: Baðstofuhver—Geysir.
3. okt. Suðurhlið: Þjóðvegurinn austur að Varmárbrú frá punkti þeim, sem línan úr Geysi í Núpahnúk sker þjóðveginn.

Austurhlið: Vesturbakki Varmár milli Baðstofuhvers og Varmárbrúar.

Umráðamenn (eigendur og leigjendur) landareigna á þessu svæði og þar með félagar í vatnsveitufélaginu eru þeir, sem tilgreindir eru á sérstakri skrá, sem er í vörzlum félagsstjórnar.

5. gr.

Nú óska nýir menn inngöngu í félagið og skulu þeir þá senda stjórn félagsins skriflega umsókn þar um. Telji stjórnin að skylt sé samkvæmt landslögum að veita umsækjendum inntöku, getur hún gert það, ef umsækjendur skuldbinda sig til að hlíta samþykkt félagsins og þeim sérstöku skilyrðum, er félagsstjórn kann að setja umsækjendum. Að öðrum kosti skal stjórnin leggja umsóknir um inntöku í félagið fyrir félagsfund.

6. gr.

Um úrsögn úr félaginu fer sem segir í 111. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923.

7. gr.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum félagsmálum með þeim takmörkunum, sem í samþykkt þessari getur. Félagfundir eru lögmætir þegar löglega hefur verið til þeirra boðað, án tillits til þess, hve margir sæki fundi, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykkt þessari.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn innan félagssvæðisins í síðasta lagi fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til hans með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara.

Dagskrá skal greina í fundarboði.

9. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundarárályktun, eða þegar þess er krafist af minnsta kosti 5 félagsmönnum. Skal jafnframt kröfunni um fundinn skýrt frá því, í hvaða tilgangi fundarins er krafist. Skal stjórnin þá boða fundinn innan 14 daga frá því krafan kom henni í hendur, ella geta félagsmenn gert það sjálfir. Aukafundir skulu haldnir á sama stað og boðað til þeirra á sama hátt og til aðalfunda, shr. 8. gr. Dagskrár sé getið í fundarboðinu, enda verður aðeins tekin ályktun um þau mál, sem nefnd hafa verið í fundarboðinu, nema að minnsta kosti $\frac{1}{3}$ fundarmanna samþykki annað.

10. gr.

Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði á fundum félagsins.

Félagsmenn mega fela öðrum að fara með atkvæði sín á fundum, en stjórnendur geta eigi farið með umboð fyrir aðra.

11. gr.

Aðaltillögur þær, sem koma eiga fram á félagsfundum, skulu vera til sýnis hjá formanni félagsins 3 dögum fyrir fundinn. Þó má gera undantekningar frá þessu á fundum með $\frac{1}{3}$ greiddra atkvæða. Viðauka- og breytingartillögur við aðaltillögur, sem löglega eru fram komnar, má bera upp á fundinum sjálfum, þó félagsmönnum hafi eigi verið gefinn kostur á að kynna sér þær.

Þrem dögum fyrir hvern aðalfund, skal reikningur félagsins fyrir hið liðna

ár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum félagsstjórnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar, vera til sýnis fyrir félagsmenn hjá formanni félagsins. 3. okt. 139

12. gr.

Félagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sér fundarritara. Fundarstjóri sker úr öllu, sem snertir lögmati fundarins, form umræðna, meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslur. Þó skulu þær fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- a. Stjórn félagsins skýrir frá gerðum sínum og framkvæmdum á liðnu starfsári, leggur fram til úrskurðar endurskoðaða rekstrarreikninga fyrir hið liðna ár og efnahagsreikning með athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum.
- b. Kosin stjórn félagsins og endurskoðendur, samkvæmt ákvörðun samþykktar þessarar.
- c. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega.

14. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum. Þar sem tveir eða fleiri fá jafnmörg atkvæði við kosningu stjórnenda eða endurskoðenda, skal hlutkesti ráða. Samþykktum félagsins verður þó eigi breytt nema á fundi þar sem mættir eru a. m. k. $\frac{3}{5}$ félagsmanna og breytingar samþykktar með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða á fundinum. Ef eigi sækja nógu margir slíkan fund, skal boða til nýs fundar innan 14 daga á sama hátt og segir í samþykkt þessari.

Ræður sá fundur málinu til lykta með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða, án tillits til þess, hve margir félagsmanna sækja fundinn.

15. gr.

Rita skal í sérstaka gerðabók allar fundarsamþykktir og stutta skýrslu um annað, er gerist á fundum félagsins. Fundargerðin skal lesin upp í fundarlok og borin undir atkvæði og undirskrifuð af fundarstjóra og fundarritara. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess. er farið hefur fram á fundinum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum úr félaginu, sem aðalfundur kýs til eins árs í senn. Fyrsta stjórn félagsins sé kosin á stofnfundi. 3 stjórnarmenn skulu kosnir til vara.

17. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum þannig, að einn sé formaður, annar gjaldkeri, þriðji ritari og tveir meðstjórnendur. Á fundum stjórnar ræður afl atkvæða úrslitum. Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til funda þegar einhver meðstjórnenda krefst þess. Það, sem gerist á stjórnarfundum, skal bóka í gerðabók félagsins, og ritar stjórnin undir.

Ályktanir á stjórnarfundum eru því aðeins löglegar, að þrír stjórnendur a. m. k. séu á fundum, enda séu þeir sammála um atriði þau, sem ráða á fram úr. Stjórnin ræður öllum félagsmálum milli funda og getur skuldbundið félagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett þær.

Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til að veðsetja eignir félagsins. Stjórnin hefur umráð vatnsveitunnar og annast öll framkvæmdastörf, þar á meðal að sjá

139 um lagningu vatnsveitunnar að öllu leyti, ákveða hvar og hvenær vatnsæðar skuli lagðar, semja um kaup á öllu efni og áhöldum til vatnsveitunnar og alla vinnu við hana. Félagsstjórnin hefur og vald til að taka lán fyrir vatnsveitufélagið og veðsetja eignir þess til tryggingar, svo sem fyrr segir. Gjaldkeri innheimtir vatnsskatt og allar aðrar tekjur félagsins og kvittar fyrir.

18. gr.

Félagsstjórnin setur þær reglur, sem hún telur við þurfa um notkun vatnsins og meðferð þess, svo og um meðferð á vatnsæðum og tilhögun húsæða, efni í þær og vidd þeirra. Til þess að vatnsæð verði lögð frá aðalveitunni í hús, þarf skriflegt samþykki félagsstjórnarinnar og mega eigi framkvæma það starf né lögn húsæða, breytingar eða aðgerðir á þeim, aðrir en þeir, sem löggiltir eru vatnsvirkjar eða þeir, sem félagsstjórnin löggildir vatnsvirkja fyrir vatnsveitufélagið.

19. gr.

Félagsstjórninni eða eftirlitsmönnum, sem hún skipar, er heimilt að fara í hús félagsmanna til þess að athuga vatnsæðar og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Nú þykir félagsstjórninni eða eftirlitsmanni útbúnaði ábótavant að einhverju leyti og skal þá félagsmaður tafarlaust bæta úr því á þann hátt og innan þess tíma, sem félagsstjórnin eða eftirlitsmaður leggur fyrir, að öðrum kosti getur félagsstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað félagsmanna.

20. gr.

Félagsstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eigi greiða vatnsskatt á réttum gjalddaga, vanrækja aðgerðir samkv. 19. gr. eða eftir ítrekaðar áminningar, eyða vatni að óþörfu eða nota það svo óþrifnaði valdi, hvort tveggja að dómi félagsstjórnar. Sama er og ef félagsmaður vanrækir að halda vatnsæðum sínum vel við, að álitni félagsstjórnar, vanrækir að gera við þær, ef þær bila, eða gætir þess ekki að forðast að frjósi í vatnsæðum. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæð er lokað.

21. gr.

Starfsár félagsins er almanaksárið.

22. gr.

Til þess að standast kostnað þann, sem félagsskapurinn hefur í för með sér, skulu félagsmenn greiða vatnsskatt samkvæmt gjaldskrá, sem félagsstjórnin setur. Vatnsskattinn má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjaldtagi á vatnsskatti er 1. ágúst ár hvert.

23. gr.

Aðalfundur kýs tvo endurskoðendur og 1 til vara, til eins árs í senn. Stofnfundur kýs fyrstu endurskoðendur og varaendurskoðanda.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal gjaldkeri hafa lokið við reikning félagsins undanfarið starfsár og afhent hann endurskoðendum. Með útgjöldum skulu í reikningum taldar þær upphæðir til frádráttar á bókuðu eignarverði félagsins, sem félagsstjórn ákveður. Endurskoðendur skulu ljúka endurskoðuninni innan viku frá því reikningurinn kom þeim í hendur og afhenda hann formanni félagsstjórnar með athugasemdum sínum. Síðan skal félagsstjórn svara tafarlaust athugasemdum endurskoðenda og endursenda endurskoðendum, sem gera tillögur til úrskurðar

innan viku frá því þeir fengu svör stjórnarinnar og fá síðan formanni félagsins 139 aftur reikninginn. Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókom, 3. okt. skjölum og sjóði félagsins til eftir its.

24. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að leggja í endurnýjunar- og varasjóð tekjuafgang félagsins að öllu eða nokkru leyti, og má félagsstjórn eigi nota það sjóðfé nema með samþykki félagsfundar.

25. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum allt að 500 kr. og renna þær í félagssjóð.

Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti almennra lögreglu-mála. Sama og um brot á samþykkt þessari gildir og um brot á reglum þeim, sem settar eru um einkarétt félagsins til vatnssölu.

26. gr.

Félagsmönnum er skylt að fara vel með vatnsæðar og önnur mannvirki fé-lagsins og skulu skemmdir á þeim varða sektum allt að 500 kr. auk skaðabóta eftir almennum reglum.

27. gr.

Um tillögur til slíta á félaginu fer eftir sömu reglum sem um breytingar á samþykkt þessari. Félaginu skal slíta samkvæmt ákvæðum 112. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923. Fundur sá, sem ákveður að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins og greiðslu skulda. Jafnframt skal fara eftir 113. gr. téðra laga eftir því sem við á.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. október 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá nr. 173 1. september 1943, fyrir heimæðar
Hitaveitu Reykjavíkur.

3. gr. gjaldskrárinnar verði svo hljóðandi:

Gjalddagi heimæðagjaldsins er hinn 1. næsta mánaðar eftir að húsið fær sam-band við hitaveitukerfi bæjarins og reikningur fyrir gjaldinu er sendur húseiganda (húsráðanda). Með samningi við húseiganda má þó veita gjaldfrest á heimæða-gjaldinu, þannig að það verði greitt að fullu með allt að 5 árlegum afborgunum, $\frac{1}{5}$ hluta hverju sinni. Greiða skal þá 6% ársvexti af þeim hluta gjaldsins, sem eftir stendur á hverjum tíma og enn fremur skal húseigandi undirrita skuldaviðurkenn-ingu til bæjarsjóðs (hitaveitunnar).

Gjaldskrárbreyting þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Reykja-víkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, um hitaveitu

140 Reykjavíkur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem 10. okt. hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

141
16. okt.

GJALDSKRÁ

löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:

Þyngd	1 g til 5 g	kr.	0.40
—	10 g til 20 g	—	0.60
—	50 g	—	0.75
—	100 g til 200 g	—	0.80
—	½ kg	—	0.90
—	1 kg til 2 kg	—	1.20
—	5 kg	—	1.50
—	10 kg	—	2.20
—	20 kg	—	2.60

2. Metaskálar jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna	—	8.50
—	5 kg — —	—	10.50
—	10 kg — —	—	12.00
—	20 kg — —	—	14.50
—	30 kg — —	—	15.60
—	yfir 30 kg	—	17.00

3. Borðvogir jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna	—	10.50
—	5 kg — —	—	12.00
—	10 kg — —	—	14.50
—	20 kg — —	—	17.00
—	30 kg — —	—	19.50
—	yfir 30 kg	—	25.50

4. Tugavogir og hundraðsvogir (desímal og sentesímal):

Vogarþol	100 kg eða minna	—	14.50
—	200 kg — —	—	17.00
—	300 kg — —	—	19.00
—	500 kg — —	—	21.50
—	600 kg — —	—	23.00
—	1000 kg — —	—	26.50
—	2000 kg — —	—	36.00
—	yfir 2000 kg	—	54.00

Fyrir löggildingu á reizluvogum með mundangi (vogartungu) greiðist sama gjald og fyrir desimalvogir með sama vogarþoli og auk þess 10 aurar fyrir hvert mark eða skerðingu. 141 16. okt.

5. Reizlur (án mundangs):

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	3.60
—	10 kg — —	—	6.00
—	20 kg — —	—	7.50
—	50 kg — —	—	10.00
—	100 kg — —	—	12.00
—	300 kg — —	—	14.50

og auk þess 20 aurar fyrir hverjar 20 skerðingar.

6. Kvarðar:

Fyrir hvern mælikvarða, sem löggiltur er, kr. 1.50 og auk þess fyrir hverja 10 óskipta cm 15 aura, en ef sentímetranum er skipt í mm fyrir hvern cm 10 aur.

7. Mæliker:

Stærð	1 dl og 2 dl	kr.	1.00
—	½ lítri	—	1.50
—	1 lítri og 2 lítrar	—	2.00
—	5 lítrar	—	4.00
—	10 lítrar	—	6.00
—	20 lítrar	—	12.00
—	50 lítrar	—	15.00

Enn fremur aukagjöld fyrir hvern benzinmæli, þegar hann er löggiltur í fyrsta sinn kr. 30.00.

8. Sildarmæliker (löndunartæki) með 4 hólfum hvert fyrir 150 lítra kr. 160.00
Sildarmæliker (löndunartæki) með 4 hólfum hvert fyrir 300 lítra — 320.00

2. gr.

Eftirlitsgjöld.

1. Vogarlóð:

Þyngd	50 g eða minna	kr.	0.40
—	½ kg — —	—	0.80
—	5 kg — —	—	1.20
—	yfir 5 kg	—	1.60

2. Vogir:

Vogarþol	5 kg eða minna	kr.	4.00
—	30 kg — —	—	8.00
—	100 kg — —	—	12.00
—	300 kg — —	—	14.00
—	600 kg — —	—	16.00
—	yfir 600 kg	—	30.00

3. Kvarðar:

Lengd	½ m til 1 m	—	1.20
-------	-------------	---	------

4. Mæliker:

Stærð	½ lítri eða minna	—	1.00
—	yfir ½ lítra	—	2.00

141

3. gr.

16. okt.

Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram í löggildingarstofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar 5 kr. um klukkustund eða brot úr klukkustund, þó ekki meira en 40 kr. á dag, að viðbætti lögmælti verðlagsuppbót.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 186 6. nóv. 1942, um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

142

REGLUGERÐ

19. okt.

um breyting á reglugerð nr. 57 17. apríl 1944, um breyting á reglugerð nr. 133 28. desember 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Leyfa skal fyrst um sinn, þar til er öðru vísi verður ákveðið, 3 af hundraði af fasteignamati steinhúsa og 6 af hundraði af fasteignamati timburhúsa sem hámarks-afskrift til frádráttar skattskyldum tekjum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi, en kemur fyrst til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1945.

Fjármálaráðuneytið, 19. október 1944.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

143

GJALDSKRÁ

14. nóv.

fyrir dómtúlkun og skjalapýðingar.

1. gr.

Grunngjöld fyrir störf dómtúlka og skjalapýðenda skulu vera sem hér segir: Fyrir staka blaðsíðu heila kr. 19.40.

Fyrir hverja síðu í stærri þýðingu kr. 15.60.

Sé um tekniskt mál að ræða, hækkar grunngjald þetta um 50%.

Fyrir minnstu þýðingu kr. 10.00.

Skýlt er skjalapýðanda að láta frumriti fylgja tvö samrit endurgjaldslaust. Séu lätin af hendi fleiri samrit, skal fyrir hverja blaðsíðu samrits greiða kr. 2.50.

Við grunngjöld öll bæstist 30% uppbót og síðan verðstuðulsuppbót eftir vísitölu eins og hún er á hverjum tíma.

2. gr.

143

„Blaðsíða“ táknað í gjaldskrá þessari föllósiðu, 33 × 20 cm að stærð, vélritaða í aðrahvora línu á níu-stafa (nine-pitch) ritvél, og byrji lína í sextánda sæti á slíkri vél. 14. nóv.

3. gr.

Lágmarks-grunnjald fyrir dómtúlkun skal vera kr. 25.00 fyrir eina klukkustund eða skemmri tíma. Fyrir hverja klukkustund eða brot úr klukkustund þar fram yfir, skal greiða kr. 12.00. Þetta verðlag skal bætt upp eftir því sem segir í 1. grein.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32/1914.

Í dómsmálaráðuneytinu, 14. nóvember 1944.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

144

um eyðingu refa í Rangárvallasýslu.

21. nóv.

1. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn refaeyðingar í afréttum og heimalöndum sýslunnar, en hreppsnefndin annast eftirlit og framkvæmd þess starfs, hver í sínu umdæmi.

2. gr.

Leita skal grenja á hverju vori í afréttum og heimalöndum þar sem nokkrar líkur benda til að refir hafist við. Skal leit sú gerð oftast en einu sinni sama vorið, ef þurfa þykir. Skipar viðkomandi hreppsnefnd fyrir um leitir þessar, á þeim tíma, er hún telur heppilegastan. Eru búendur hreppsins skyldir að inna þetta starf af höndum eins og um fjallskil væri að ræða. Eigi tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman, annast þeir í sameiningu um grenjaleitir.

Heimilt er sýslunefnd að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum, er fullvíst þykir að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum hreppsins, eða þar hafi ekki orðið vart refa undanfarin ár.

3. gr.

Hreppsnefnd ræður einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu á sínu svæði og leggur honum til aðstoðarmann eða menn eftir því, sem þurfa þykir.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir, að reyna að vinna gren og taka yrðlinga úr þeim, nema atvik liggja svo til að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

4. gr.

Finnist gren utan leitar, skal ekki yfirgefa það, ef kostur er. En finni það einn maður, er honum skylt að forðast öli afskipti af því, en flýta för sinni til bæja og tilkynna skotmanni eða hreppsnefnd, sem sér um að farið verði á grenið þegar í stað.

5. gr.

Eitra skal fyrir refi að hausti og vetri, er þurfa þykir, bæði í heimalöndum og í afrétti þar, sem þeirra er helzt von.

144 Séu fuglar eitradir, skal annar vængur þeirra stýfður um miðju, til auðkennis.
 21. nóv. En hirða ber að vori þær leifar, er eftir kunna að vera og grafa þær eða urða þær niður svo rækilega, að hundar eða aðrar skepnur nái ekki til þeirra.

Starf það, sem um getur í þessari grein, sé eingöngu falið hinum gætnustu og trúverðugustu mönnum. Sé eitrad í heimalandi eða nærri byggð, skal þeim, er næstir búá, vera vel kunnugt um eitrunarstaðina.

Grenjaskyttur skulu hafa með sér eitur og eitra fyrir yrðlinga, ef þeir nást ekki.

6. gr.

Gæzlumenn grenja, skotmenn og þeir, er grenja leita, skulu fá kaup eftir því, sem um semur í hvert sinn. Auk dagpeninga fær skotmaður verðlaun, er greiðast úr sýslusjóði, 4 kr. fyrir fyrra dýrið, er við greni vinnst, en 12 kr. fyrir hið síðara, og 1 kr. fyrir hvern yrðling.

Fyrir hlaupadýr greiðist 15 kr. Skotmaður skal færa sönnur á, að hann hafi unnið til verðlaunanna. Vinnist gren af öðrum en skotmanni (sjá 3. gr.), ber að greiða honum sómasamlega fyrir það.

7. gr.

Eigi má ráða til grenjavinnslu aðra menn en þá, er vel kunna með skotvopn að fara, svo og önnur áhöld, sem við grenjavinnslu eru notuð. Skotmaður leggur sér til byssu, skotfæri og yrðlingasöx. Hreppsnefnd útvegur eitur og greiðist eitrið úr sýslusjóði.

Ekki má skotmaður yfirgefa gren fyrr en eftir þrjá sólarhringa, nema alunnið sé. Verði þeir, er til grenjavinnslu eru ráðnir, uppvísir að vanrækslu í því starfi, skulu þeir verða af kaupi sínu fyrir að liggja við það gren.

8. gr.

Öll dýr og yrðlingar, sem veidd eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eru eign þess sveitarfélags, eða þeirra sveitarfélaga, sem veiðina kosta, nema öðruvísi sé um samið.

9. gr.

Hreppsnefnd skal semja og halda skrá yfir öll þekkt gren í afrétti og heimalöndum og gera lýsingu á þeim.

Hvert gren skal merkja svo auðfunduð sé. Fjallkongur brýni fyrir leitar-
 mönnum að taka eftir nýjum grenjum og setja merki við ef finnast.

10. gr.

Kostnaður við refaveiðar greiðist úr fjallskila- eða sveitarsjóði hlutaðeigandi sveitar eða sveita, nema öðruvísi sé um mælt í reglugerð þessari (sjá 6. og 7. gr.). En fari kostnaður einhvers sveitarfélags fram úr 6 kr. á hvern búanda í hreppnum, greiði sýslusjóður ½ af því, sem fram yfir er.

11. gr.

Hafi sýslunefnd ástæður til að ætla að linlega sé unnið að eyðingu refa í einhverju sveitarfélagi, getur hún skipað sérstakan mann til þess að hafa eftirlit með refaeyðingarstarfinu í þeim hreppi. Skal hlutaðeigandi hreppsnefnd skylt að aðstoða hann og hlýða ráðum hans. Séu mikil brögð að tófugangi þrátt fyrir eyðingarstarf hinna einstöku sveitarfélaga, er rétt að sýslunefnd skipi sérstakan mann til þess að líta eftir og samræma refaeyðingarstörfin í upphreppum sýslunnar, þóknun til hans greiðist úr sýslusjóði.

12. gr.

144

Skýrslur um refaveiðar skulu sendar sýslumanni fyrir febrúarlok ár hvert. 21. nóv.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum 20 kr. til 5000 kr., er renna í sýslu-sjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri ákvæði í sýslunni um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. nóvember 1944.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

S A M Þ Y K K T

fyrir Sparisjóð Hólahrepps í Skagafjarðarsýslu.

145

24. nóv.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sparisjóður Hólahrepps og skal heimili hans og varnarþing vera Hólahreppur.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu vera búsettir í Hólahreppi og ábyrgjast þeir einn fyrir alla og allir fyrir einn 3000.00 krónur, til að bæta tjón, er sjóðurinn kann að verða fyrir og varasjóður ekki hrekkur til.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr hreppnum, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, flytji burt úr hreppnum eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal sá aðili, er kaus hann, tafarlaust velja annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

145 24. nóv. Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókaári

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sé við staddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávisun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er stjórninni að hafa þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafarlaust skrá á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar skal greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sparisjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprilmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 8 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundurinn er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

145

24. nóv.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborganir, vexti og vaxtagreiðslur og fleira.

13. gr.

- Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 króna í senn.
- Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 8000 krónur.
- Um eigur manna í sparisjóðnum verður ekki sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 100.00 til kr. 500.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og

145 upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi
24. nóv. skylt að borga meira en 500 krónur á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn hera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess viðskiptabókin sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samamburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast úr sjóðnum í gjaldgengri mynt, seðlum eða tékkum á bankainnstæðu og tilfærast útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðsins, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nýtsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í hreppnum.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inn eign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

145

24. nóv.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa rikisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 60% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn telur tryggja;
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregist hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum

145 sparisjóðsins fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur 24. nív. sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisanir á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal reikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glögg:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og í hver árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokinn og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagar hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glögg sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innlestir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, með hlutfalls-

kosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

145
24. nóv.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skýlt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en missirislega og verðbréfaeign sjóðsins sömuleiðis.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skýlt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir- mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasvert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasendum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um það, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð frá 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrir- mæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 24. nóvember 1944.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKTIR

um Sparisjóð Öfundarfjarðar.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn, sem stofnaður er 13. febrúar 1916, heitir Sparisjóður Öfundarfjarðar og skal heimili hans og varnarþing vera á Flateyri.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu allir vera búsettir í Öfundarfirði, og ábyrgjast þeir hver um sig, með kr. 200.00 — tvö hundruð krónum — til að bæta tjón, er sjóðurinn kann að verða fyrir og varasjóður ekki hrekkur til.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu vera 20. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða ef maður verður óreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en hinn þriðji af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni þrjú ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að þrem árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli niður ábyrgð hans á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í hága við hagsmunum sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins. Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins, og hverjir undirriti kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna hans, endurskoðenda eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæta þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráði tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera tveir starfsmenn, féhirðir og bókarari. Það skal að jafnaði vera aðalregla, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum né í hann, nema tveir starfsmenn séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust inn í bækur sjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslu í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnendur sparisjóðsins hafi þessi störf með höndum. Aðalfundur ákveður þóknun stjórnarnefndarmanna fyrir eitt ár í senn.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í.

Greiðsla afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hafi verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft, sem þurfa þykir og ákveður stjórnin hvernig haga skuli daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í apríl ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum þrem dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundurinn er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lög-
mætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborganir, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 króna í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist í innstæðubók og fær hver maður reikning.

- 146 c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu 24. nóv. yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta sinn.
- d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10 þúsund krónur.
- f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir eigi í minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 500 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu upphæð, en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðir frá 100 kr. til 300 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp, og upphæðir þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er eigi skylt að borga meira en 500 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldreí má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega skrá á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það

skal gert næst, þegar bókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en sérstök kvittun hafi verið gefin. Við samannburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin. **146** 24. nóv.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgun í reikning eiganda í innstæðubókinni.

Greiðist innstæðufé að fullu skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár til að laka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagi lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar eru birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu.

Þegar svo er komið hag sjóðsins, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögu sparisjóðsstjórnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

21. gr.

Varasjóður skal vera í tryggum, auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa vegna ófyrirsjáanlegra útborgana og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- með því að kaupa rikisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $\frac{3}{4}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins

146
24. nóv.

- árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórnin álitur tryggja;
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegt.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af lánnum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluta sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst $\frac{1}{10}$ hluta af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæður mega þó aldrei vera minni en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna það sparisjóðseftirlitinu, er í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi vera búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta skrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess þá gætt að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera það með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marz mánaðar ár hvert.

28. gr.

- Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glögg:
1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og allar útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og árslok;

2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, sem hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu efni semja reikning yfir rekstur sjóðsins; 146 24. nóv.
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslok og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagar hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við árslok sundurliðaða skrá yfir inneignir allra innstæðueiganda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju láni, svo glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir. Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innlestir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxilréttar hafi verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers lántakanda eða einkennistölu skuldabréfa, svo og einkennistölu viðskiptabókar.

Loks skal semja skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, og skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn. Skulu þeir kosnir af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins og verðbréfaeign hans að minnsta kosti einu sinni á ári. Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókuum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaungæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókuum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á ef eitt-hvað er athugavert, svo að úr verði bætt.

146

24. nóv.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marz mánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur á milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman um, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð viðskiptamálaráðuneytisins frá 15. febr. 1942.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

37. gr.

Með samþykktum þessum falla úr gildi lög fyrir Sparisjóð Öfundarfjarðar, dagsett 13. febr. 1916, og breytingar þær, er síðar hafa verið gerðar á þeim.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 24. nóvember 1944.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

147

29. nóv.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Árneshrepps.

I. KAFLI

Um ábyrgð og stjórn sjóðsins o. fl.

1. gr.

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Árneshrepps.

2. gr.

Ábyrgðarmenn séu tuttugu, allir búsettir í Árneshreppi. Heimili sjóðsins og varnarþing skal vera í Árneshreppi, og skrifstofa hans þar sem stjórnin ákveður fyrir 1 ár í senn.

3. gr.

Sérhver ábyrgðarmaður ábyrgist með allt að kr. 200.00 — tvö hundruð kr. — að sjóðurinn standi í skilum. Ef ábyrgðarmaður hefur orðið að greiða nokkuð fyrir sjóðinn, á hann rétt til hlutfallslegs endurgjalds frá meðábyrgðarmönnum sínum, samkvæmt reglum þeim, er gilda þegar fleiri en einn eru, allir fyrir einn og einn fyrir alla, sjálfskuldarmenn fyrir upphæð.

4. gr.

Nú deyr ábyrgðarmaður, flytur burtu úr hreppnum, eða fær sig lausan við ábyrgðina, og skal þá útvega nýjan ábyrgðarmann í hans stað.

5. gr.

Ábyrgðarmenn kjósa úr sínum flokki tvo menn til að stjórna sjóðnum, og skulu þeir vera búsettir í Árneshreppi, en sýslunefnd Strandasýslu kýs einn mann í stjórnina. — Stjórnin kýs sér sjálf formann. Enn fremur kýs sýslunefnd tvo endurskoðendur fyrir sjóðinn. Varamenn séu kosnir á sama hátt.

147

29. nóv.

6. gr.

Ábyrgðarmenn skulu hafa fund með sér í marzmánuði ár hvert. Á þeim fundi, sem er aðalfundur, skal leggja fram reikninga sjóðsins með athugasemdum endurskoðenda, og svörum stjórnarinnar, og leggur aðalfundur úrskurð á reikningana. Aukafundi boðar formaður þegar honum þykir þörf á, eða þá er helmingur af ábyrgðarmönnum óska þess. Á fundum ræður meiri hluti atkvæða. Lagabreytingar má þó aðeins gera á aðalfundi, og því aðeins að í fundarboðinu hafi verið aðvarað um, að tillaga til lagabreytinga komi til umræðu, og hvers efnis hún sé. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu ár hvert fullsamdir fyrir 14. dag febrúarmánaðar og afhendast þá þegar endurskoðendum, og skal endurskoðuninni lokið fyrir lok mánaðarins. Eftir það skulu reikningar sjóðsins, ásamt fylgiskjölum, liggja innstæðueigendum til sýnis á skrifstofu sjóðsins til aðalfundar.

II. KAFLI

Um samlög í sjóðinn, inn- og útborganir, vaxtagreiðslur, varasjóð o. fl.

7. gr.

- a. Störfum sjóðsins verður gengt á þeim stað, stund og degi, sem stjórnin auglýsir. Á þessum tíma skulu að minnsta kosti tveir starfsmenn sjóðsins vera til staðar til þess að sjá um inn- og útborganir, og annast afgreiðslustörf o. s. frv. Lán úr sjóðnum mega ekki aðrir en stjórnin veita.
- b. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum, en ekki minna en ein króna í hvert skipti.
- c. Það, sem lagt er í sjóðinn, færast inn í innstæðubók. Fær þar hver samlagsmaður dálk.
- d. Sem skirteini fyrir innstæðufé fær hver innstæðueigandi viðskiptabók með sömu yfirskrift og í aðalbók stendur, og skal greiða fyrir hana eina krónu. Á bókina skal greinilega letrað, að gildandi reglugerðir og samþykktir sjóðsins séu til sýnis hjá afgreiðslu sjóðsins.
- e. Ef sérstaklega stendur á, má neita viðtöku á fé í sjóðinn, eða gera að skilyrði að féð skuli standa óbreytt að minnsta kosti í sex mánuði, en þó skal meiri hluti stjórnarinnar vera því samþykkur.

8. gr.

Af fé því, sem lagt er í sparissjóðinn, verða fyrst um sinn greiddir sömu vextir og Landsbankinn greiðir. Aðalfundur getur, fyrir ár hvert, ákveðið hve háa vexti skuli greiða af innlögum. Vaxtatal byrjar þá er innstæða nemur 3 krónum. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, frá næsta degi eftir að féð er lagt inn, þó eigi í minni þörtum en heilum eyri.

9. gr.

Vextir reiknast til 31. des. ár hvert, og leggist þá þegar við höfuðstól. Af upphæðum, er nema 500 kr. eða þar yfir, er sparissjóðurinn ekki skyldur að greiða vexti nema þær standi fulla tvo mánuði í sjóðnum.

147

29. nóv.

10. gr.

Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóðnum, skal það um leið vera ritað í viðskiptabókina. Vexti skal innfæra í viðskiptabækurnar þegar þær fyrst ár hvert eru sýndar á skrifstofu sjóðsins. Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um eða eitthvað af því.

11. gr.

Af innstæðufé verður greitt það, er menn óska eftir, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér sér það fært. En eigi er sjóðurinn skyldur til að borga upphæðir, er nema 200—400 krónum, með minna en tveggja mánaða fyrirvara. 500—1000 krónur með sex mánaða fyrirvara. Stjórn sjóðsins á rétt á, að innstæðueigandi taka á móti uppsögðu fé strax við uppsögn til gjalddaga, enda greiðir sjóðurinn enga vexti frá þeim degi, sem greiðsla er framboðin, og eigi eftir gjalddaga.

12. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með tveggja til þriggja mánaða fyrirvara eftir fjárhæðinni, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru í 11. gr. og með sömu skilmálum og þar eru teknir fram.

13. gr.

Ef öll innstæðan ásamt vöxtum, er tekin út, skal skila viðskiptabókinni án endurgjalds. Glatist viðskiptabókin, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

14. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingi hans vitjar ekki fjárisins í 15 ár til að taka við vöxtum eða höfuðstól, og heldur ekki innan 6 mánaða eða áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan með vöxtum orðin eign sjóðsins.

15. gr.

Af ágóða sparisjóðsins skal greiða allan kostnað við stjórn hans, svo sem ritföng, prentun bóka og auglýsinga, peningahirzlu, húsnæði o. s. frv. Aðalfundur ákveður árslaun starfsmanna sjóðsins. Afgangurinn leggst í varasjóð. Tilgangur þess varasjóðs er að standa straum af tjóni því, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir. Ef meiri hluti allra ábyrgðarmanna samþykkir það á fundi og samþykki stjórnarráðs er fengið, má þó verja fé úr varasjóði í almenningsþarfir, hvort heldur er til alþýðumenntunar, samgöngubóta eða annarra verklegra fyrirtækja innan takmarka Árneshrepps. Með þessu móti má þó aldrei skerða varasjóðinn meira en svo, að hann nemi 10% af innstæðufénu.

16. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta þannig:

- a) Með því að kaupa rikisskuldabréf, veðdeildarbréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð.
- b. Með því að lána til einstakra manna, gegn áreiðanlegu fasteignaveði í jörð eða húseign, er sé váttryggð. Lána má í hæsta lagi $\frac{5}{8}$ af virðingarverði veðsins.
- c. Með því að lána einstöku mönnum gegn sjálfskuldarábyrgð. Ábyrgðarmenn séu þó minnst tveir, er meiri hluti stjórnarinnar taki gilda. Ábyrgðarlán má ekki fara fram úr þúsund krónum og veitist ekki til lengri tíma en eins árs í senn. Enginn úr stjórninni má vera skuldskeyttur sjóðnum, hvorki sem lántakandi né ábyrgðarmaður.
- d. Kaupa víxla, eða á einhvern annan hátt, er stjórnendur sparisjóðsins álita hyggi-

legan. Ekkert lán má veita úr sjóðnum, nema því aðeins, að meiri hluti stjórnarinnar sé lánveitingunni samþykkur.

147
29. nóv.

17. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hve háir útlánsvextir skulu vera, þó svo að þeir séu aldrei hærrí en í aðalbönkum landsins, nema með leyfi aðalfundar. Vexti af lánum skal ætíð greiða fyrirfram. Séu vextir eða höfuðstóll ekki greiddir á gjalddaga, skal greiða 2% dráttarvexti árlega, auk hinnar umsömdu leigu.

18. gr.

Íbúar Árneshrepps skulu ganga fyrir öðrum til að fá lán úr sjóðnum. Að öðru leyti fer um starfsemi, skyldur og réttindi sparisjóðsins, sem lög um sparisjóði mæla fyrir.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. nóvember 1944.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Kinnunga í Ljósavatnshreppi.

148
29. nóv.

I. KAFLI

Ábyrgð og stjórn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Kinnunga. Heimili og varnarþing hans er í Ljósavatnshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er tryggður með 3000 kr. — þrjú þúsund krónum — í stofnfé og hljóðar hvert stofnbréf upp á 50 kr. — fimmtíu krónur —. Eigi skulu stofnfjäreigendur vera færri en 25.

3. gr.

Við eigendaskipti stofnbréfa, hvort sem er við sölu eða erfð, skal rita á bréfið sjálft, nafn hins nýja eiganda og sömuleiðis í gerðabók sjóðsins. Eignarréttur að bréfunum er því aðeins gildur, að þetta sé gert.

Nú vill einhver selja stofnbréf, eitt eða fleiri, og skal hann þá aðvara stjórn sjóðsins og sér hún um söluna og full skil ándvirðis.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipi þrír menn, tveir kjörnir af aðalfundi, úr hópi stofnfjäreigenda, og tveir til vara, og hefur hver stofnfjäreigandi eitt atkvæði án tillits til þess hvort hann á eitt stofnbréf eða fleiri. Einn er kosinn af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu, ásamt einum varamanni. Hlutfallskosningu skal viðhafa ef óskað er. Kosningin gildir til eins árs. Stjórnin skiptir með sér verkum þannig, að einn er formaður, annar gjaldkeri og þriðji ritari.

148

29. nóv.

Tilkynna skal sparissjóðseftirlitinu og auglýsa árlega í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir kjörnir eru stjórnendur og starfsmenn sjóðsins, og hverjir undirriti skuldbindingar hans gagnvart viðskiptamönnum.

Stjórnendur sjóðsins ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn að fé hans fari eigi forgörðum fyrir hirðuleysi.

5. gr.

6. gr.

Stjórnendur sjóðsins mega ekki taka eða ábyrgjast lán úr sjóðnum, né reka neina starfsemi, er komið geti í bága við hagsmunum hans.

7. gr.

Stjórnendur annast að jafnaði rekstur sjóðsins, þó mega þeir ráða aðra starfsmenn, ef þörf krefur.

Bókhald sjóðsins skal vera samkvæmt gildandi lögum um sparissjóði.

8. gr.

Hafi gjaldkeri sjóðsins þóknun fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. á ári eða meira, skal hann setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Sparissjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingarinnar, að fengum tillögum sparissjóðsstjórnar.

9. gr.

Aðalfund skal halda árlega, eigi síðar en í febrúarlök. Skulu þar lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar sjóðsins og kosnir tveir menn í stjórn og tveir til vara.

Aðalfundur er lögmaður, ef helmingur stofnfjäreigenda er mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó má eigi breyta lögum sjóðsins nema $\frac{3}{4}$ hlutar fundarmanna, á lögmaðum fundi, samþykki. Mæti eigi helmingur stofnfjäreigenda skal boðað til fundar að nýju og er hann þá lögmaður hversu fáir sem mæta.

II. KAFLI

Innlög, útborganir og vaxtakjör.

10. gr.

- a. Innlög eru tekin í sjóðinn í gjaldgengum peningum og eigi minna en ein króna í senn. Minni upphæð en tíu krónur ber ekki vexti. Vextir teljast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lagt er í sjóðinn.
- b. Sem viðurkenningu fyrir innlögum fær viðskiptamaður sparissjóðsbók með sömu yfirskrift og númeri og er á viðskiptareikningi hans í innlánsbók sjóðsins. Sé í henni útdráttur úr lögum sjóðsins. Viðskiptamaður greiði andvirði hókarinnar við móttöku.
- c. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má neita viðtöku á fé í sjóðinn eða gera að skilyrði, að það standi óhreyft að minnsta kosti eitt ár.
- d. Sparissjóðurinn getur einnig neitað einstökum viðskiptamönnum um að hafa hærri innstæðu en kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —.
- e. Starfsmenn sjóðsins eru bundnir þagnarheiti um skipti einstaklinga við hann.

11. gr.

Stjórn sparissjóðsins ákveður vexti á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði gildandi laga. Vextir reiknast af mánuði þritugnættum.

Sjóðnum er ekki skylt að greiða vexti af þúsund krónum, eða meira fé, ef það stendur þar ekki lengur en tvo mánuði.

12. gr.

Innstæðum í sjóðnum, allt að 400 krónum, má segja upp með mánaðar fresti. 500—1000 kr. með tveggja mánaða fresti, en stærri upphæðum með sex mánaða fyrirvara.

148

29. nóv.

13. gr.

Aldrei mé greiða neina upphæð af innstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabók sé sýnd, og upphæðin í hana skráð.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi löglega heimild eiganda til þess að fá útborgað fé úr henni.

Þegar innlögum í sjóðinn er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og gildir hún þar til viðskiptabók er lögð fram, enda færast upphæðin í hana, og afhendist þá kvittunin gjaldkera.

14. gr.

Greiðist innstæða að fullu, skal viðskiptabók skilað án endurgjalds og merkt ógild og þess getið í bókum sparisjóðsins.

Glatist viðskiptabók, verður með hana farið svo sem lög mæla fyrir.

15. gr.

Ef eigandi innstæðufjár, eða erfingjar hans, vitja eigi innstæðu sinnar í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan, ásamt vöxtum, orðin eign sparisjóðsins.

16. gr.

Sparisjóðurinn getur sagt lausu innstæðufé með þriggja mánaða fresti, en auglýsa skal það á lögmatan hátt.

17. gr.

Hreinan ársarð sparisjóðsins skal leggja í varasjóð. Borga má úr varasjóði tjón, er sparisjóðurinn verður fyrir og ársarður hrekkur eigi til að greiða, en annað eigi, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af innstæðufé sam- anlögðu. Þegar svo er komið, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögu sparisjóðs- stjórnar, að verja megi fé úr varasjóði til nytsamra fyrirtækja í almenningsparfir í Ljósavatnshreppi.

18. gr.

Varasjóður skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða innstæðu í islenskum bönkum með ríkisábyrgð. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en nemi 5% af innstæðufé í árslok næst á undan. Nú er sparisjóðurinn neyddur til að grípa fé þetta til óvæntra útborgana, og skal hann þá, svo fljótt sem verða má, koma því í samt lag aftur.

III. KAFLI

Um útlán.

19. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur verðbréf jafngild;
- b. með því að lána fé gegn fasteignaveði, þó eigi yfir $\frac{3}{5}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, og gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga;

- 148 c. með því að kaupa víxla, er sparisjóðsstjórnin álitur tryggja;
29. nóv. d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

20. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 2% árlega í dráttarvexti, um þann tíma, sem borgun hefur dregizt.

IV. KAFLI

Um reikninga.

21. gr.

Reikningsár sparisjóðsins er almanaksárið. Skytt er sparisjóðnum að færa reikninga sína eftir því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna, og skulu þeir þannig gerðir, að glögggt yfirlit fáiist um starfsemi sjóðsins á liðna árinu og eignir og skuldir í árslok.

V. KAFLI

Um endurskoðun o. fl.

22. gr.

Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu skal kjósa tvo endurskoðendur til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, og tvo til vara. Val endurskoðenda skal tilkynna sparisjóðseftirlitinu.

23. gr.

Endurskoðendum er skytt að hafa öruggt eftirlit með öllum rekstri sparisjóðsins og bókfærslu hans. Enda eiga þeir jafnan frjálsan aðgang að bókum hans, skjölum og verðbréfum. Heimilt er þeim að rannsaka sjóðforða hvenær sem er og bera saman við bækurnar. Ársreikning skulu þeir endurskoða og skila honum með árituðum vottorðum fyrir aðalfund, til endanlegs úrskurðar. Skal reikningurinn síðan sendur því ráðuneyti, sem með bankamál fer.

24. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda og stjórnenda um rekstur sparisjóðsins eða bókfærslu hans, skal leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

25. gr.

Leggist sparisjóðurinn niður, skal varasjóður hans og aðrar skuldlausar eignir verða eign Ljósavatnshrepps. Skulu stofnfjáreigendur sjóðsins hafa rétt til að ráðstafa fé því nánar, með samþykki stjórnarráðsins.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. nóvember 1944.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1944.

Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915, undirskrifuð af forsetanum 20. desember 1944, nr. 75.

Lög um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 76.

Lög um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 77.

Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1944, nr. 66.

Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, undirskrifað af forsetanum sama dag, nr. 67.

Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 68.

Lög um lendingarbætur í Djúpvogi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 69.

Lög um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 70.

Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1944, nr. 71.

Fjárlög fyrir árið 1945, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 72.

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 73.

Lög um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 74.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

149

5. des.

I. Raforka.

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem raforkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 75 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemil-mæli á 100 kr. hvert árshektowatt, og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. og bil milli tveggja stillinga eigi minna en 15% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld samkv. gjaldskrárlíð A. 1. Samkv. þessum líð má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.
3. Um kwst.-mæli á 20 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 100 kr. á ári fyrir allt að 25 m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 2.70 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3,5.
4. Um tvígjaldsmæla, ef um meir en 2,5 kw. afl er að ræða og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári á 75 aura á kwst. á ljósátíma en 20 aura á kwst. utan ljósátíma.

Ljósátími skal talinn þessi:

Í apríl til ágúst frá kl. 20½ til kl. 22.

149
5. des.

Í sept. og marz frá kl. 19 til kl. 22.
Í okt. og febr. frá kl. 17½ til kl. 22.
Í nóv. og jan. frá kl. 16 til kl. 22.
Í des. frá kl. 15 til kl. 22.

Ef ársnotkun er meiri en 10000 kwst., má veita afslátt á notkun utan ljósa-
tíma samkv. ákvæðum gjaldskrárliðs C. 4.

Verði tvígjaldsmæli ekki við komið, er heimilt að nota einfalda ljósmæla
undir þessum gjaldskrárlið, og skal þá reikna 7 kwst ársnotkun á hvern fermetra
gólfflatar sem notkun á ljósatíma, en alla notkun umfram það sem notkun utan
ljósatíma, eins og ákveðið er hér að ofan.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvöenna kwst.-mæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla. Um ljósamælinn
reiknast ljósa gjald samkv. A. 1., á hinn mælinn 20 aurar á kwst.
2. Um einn kwst.-mæli á 14 aura hver kwst. og auk þess fastagjald kr. 20.00 af
hverju íbúðarherbergi heimilisins. Leiga af mælinum er innifalín í fastagjaldinu.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gisti-
húsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða taldir heimili, enda sé þá rafmagnið
selt um sérmæli og leiga goldin af sérmælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.

3. Um hemil-mæla 600 kr. hvert árskw. og auk þess 16 aura á kwst fyrir umfram-
notkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött að viðbættum 100 wöttum fyrir
hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

Þennan gjaldskrárlið, B. 3., má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlánir og
verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við
500 wött fyrir fyrstu 25 m² gólfflatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja
12 m² eða minna, og skal m² reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir
gjaldskrárlið A. 3.

Reglur um útreikning herbergja.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi
o. þ. h., en ekki eldhús, baðherbergi, göng og geymslur. Borðstofueldhús skal telja
sem herbergi. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem
tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 m² má reikna með þeirri
meðalstærð.

C. Vélar.

Þar, sem raforka er notuð til vélarekstrar, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 40 aura kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma á ári,
má krefjast minnsta ársgjalds frá 50 til 80 kr. á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforku til barna- og unglingaskóla,
sjúkrahúsa, kirkna og annarra þess háttar opinberra stofnana. Svo og til vinnu-
lagna við byggingar meðan á byggingu stendur.

2. Um mestu mæla fyrir mesta notað afl á árinu þannig:

160 kr. á árskw. fyrir fyrstu	10 kw,
130 — — — — næstu	15 —
100 — — — — —	25 —
80 — — — — —	umfram 50 —

og skal auk þess greiða kwst.-gjald, er reiknast þannig:

Fyrstu	25000 kwst. ársnotkun á 7.0 aura hver kwst.
Næstu	25000 — — — 6.5 — — —
—	50000 — — — 6.0 — — —

Næstu	100000	kwst.	ársnotkun	á	5.5	aura	hver	kwst.
—	150000	—	—	—	5.0	—	—	—
—	250000	—	—	—	4.5	—	—	—
Umfram	600000	—	—	—	4.0	—	—	—

149

5. des.

- Um hemilmæla á 360 kr. árskw. og 20 aura á kwst. öll umframnotkun. Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemilmælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.
- Um tvígjaldsmæli, ef um meira en 5 kw. afl er að ræða, og notkunartíminn er meira en 500 klst. á ári, á 75 aura á kwst. á dýra tímanum, sem talinn skal frá kl. 10.45 til kl. 12.00, en 20 aura á kwst. endranær.

Ef ársnotkun utan dýra tímans er meiri en 10000 kwst., má veita afslátt á þeirri notkun, er reikna skal þannig:

Fyrstu	10000	kwst.	á	óðýra	tímanum	20	aura	á	kwst.
Næstu	20000	—	—	—	—	18	—	—	—
—	20000	—	—	—	—	16	—	—	—
—	50000	—	—	—	—	14	—	—	—
—	50000	—	—	—	—	12	—	—	—
Umfram	150000	—	—	—	—	10	—	—	—

D. Hitun.

- Um kwst.-mæli á 9 aura kwst. enda sé þá minnsta notkun 10000 kwst. á ári.
Heimilt er að rjúfa strauminn með klukkurofa, frá kl. 10.45 til 12, þar sem það eigi truflar verulega rekstur, að dómi rafmagnsstjóra. Sameina má þennan gjaldskrárlið B. 2., enda skal þá talið á B. 2.-lið 1000 kwst notkun fyrir einherbergisíbúðir og 600 kwst að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er framýfir, allt að 3000 kwst. á ári.
- Um kwst.-m. á 5 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa frá kl. 9 til 12 og í 7 klst. á tímanum frá kl. 14 til 23.
- Um kwst.-m. á 3.5 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa frá kl. 8 til 23.
- Um hemilmæli samkvæmt gjaldskrárlið C. 3.
- Um tvígjaldsmæli á 5 aura hver kwst. frá kl. 23 til kl. 8 og 20 aura hver kwst. frá kl. 8 til 23.
Selja má rafmagn samkv. þessum gjaldskrárlið til véla, sem uppfylla skilyrði fyrir gjaldskrárlið C. 4., ef straumur er rofinn af lögninni með klukkurofa, frá kl. 10.45 til kl. 12.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar:

- Að vélaafl, gölulinur og spennur þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra.
- Að notandinn kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki gerð samkvæmt fyrirráðum Rafmagnsveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- Að, ef um húsahitun er að ræða sé straumurinn rofinn með klukkurofa allt að tveimur klst. fyrir hádegi og 2 klst. á eftirmiðdögum á tímabilinu 16—20.
- Skilyrði í 1. lið D. um minnstu eyðslu gildir eigi, þegar um húsahitun er að ræða.

E. Afgangsorka.

Afgangsorku má selja þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem þarf, að dómi rafmagnsstjóra.

- 149 Fyrir 100 kw. afl eða meira um kwst.-mæli á 9 aura hverja kwst. fyrir 50000 kwst.
5. des. ársnotkun. Fyrir næstu 50000 kwst. ársnotkun má veita afslátt, er nemur 10% og fyrir næstu 50000 kwst. 20% afslátt o. s. frv. allt upp í 50% afslátt fyrir alla notkun umfram 250000 kwst.

F. Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

G. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjarráðs.

H. Fyrir hver 10 stig, sem verðlagsvisitala Hagstofunnar hækkar eða lækkar er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar um 2%.

II. Mælaleiga.

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Ársleiga í kr.		
	upp að 30 amp.	35—75 amp.	yfir 75 amp.
Einfasa kwst.-mælar, einfasa hemilmælar og hemlar	12.00	„	„
Þrífasa kwst.-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttar- mælar, lausir	24.00	36.00	48.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar	36.00	48.00	60.00
Lausar skiptiklukkur, einar sér	12.00	„	„

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælisverðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. Ýmis gjöld.

1. Opnunargjöld.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 4 krónur.

2. Sektir fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 4 króna gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og skal verðlag á rafmagni samkvæmt gjaldskránni gilda um notkun á rafmagni eftir aflestur rafmagnsmæla um mánaðamótin desember 1944—janúar 1945. Birtist gjaldskráin til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og fellur, jafnframt því er hún kemur til framkvæmda, úr gildi gjaldskrá um sama efni útgefin 12. desember 1940, ásamt bráðabirgðabreytingu á þeirri gjaldskrá útgefinni 29. nóvember 1943.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. desember 1944.

Emil Jónsson.

Vígfús Einarsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Hafnarfjarðar.

150
18. des.

Samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar hinn 26. september 1944.

I. Raforka.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar sem orkan er aðallega notuð til lýsingar skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 1 kr. hver kwst.
2. Um hemilmæli á 120 kr. hvert árshektowatt (hw) og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. Umframnotkun skal hér seld á 1 kr. hver kwst.
3. Um kwst.-mæli á 25 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 4 kr. á ári af hverjum fermetra (m²) gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Þar sem gólfpletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósamagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkv. reglum, er rafveitustjórn setur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvenna kwst.-mæla, annan til ljósa en hinn til heimilissvéla, suðu og hitunar. Um ljósamælinn reiknast 1 kr. á hverja kwst., en á hinn mælinn 20 aurar.
2. Um einn kwst.-mæli á 14 aura hver kwst. af fyrstu notkun, er nemi:

50 kwst. á m ² á ári af fyrstu 25 m ² gólfplatar	
30 — — — — — næstu 25 — —	
15 — — — — — — — 25 — —	

en notkun umfram þetta greiðist með 9 aurum hver kwst.

Notandi greiði hér fastagjald, er nemi 25 aurum á hvern m² á mánuði, er notandi er tengdur við rafveituna.

Miða skal við gólfplöt allrar íbúðarinnar, sem telst herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús.

Heimilt er að takmarka ákvæði gjaldliðs þessa þannig, að gólfplötur heimilis reiknist eigi yfir 25 m² á hvern mann á heimilinu. Þó skal til þess koma leyfi rafveitustjórnar í hvert sjón.

3. Um kwst.-mæli á 16 aura hver kwst. af fyrstu notkun, er nemi:

Í íbúð, sem er 1 herbergi og eldhús	1000 kwst. á ári
- — — — — 2 — — — —	1300 — — — —
- — — — — 3 — — — —	1600 — — — —
- — — — — 4 — — — —	1800 — — — —
- — — — — 5 — — — —	2000 — — — —
- — — — — 6 — — — —	2100 — — — —
- — — — — 7 — — — —	2200 — — — —

Notkun umfram þetta greiðist með 9 aurum hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald kr. 2.30 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús.

150

18. des.

C. Vélur.

Þar sem orkan er seld til vélareksturs skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 50 aura hver kwst.
2. Um hemilmæli á 360 kr. árskw., og 22 aura öll umframnotkun. Rafveitustjóri ákveður stillingu hemilmælis í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.
3. Um tvígjaldsmæli, ef um meira en 10 kw. afl er að ræða, og ársnotkunartíminn er meiri en 500 klst. á 100 aura á tíma mesta álags, en 22 aura utan þess tíma.

Heimilt er að reikna tíma mesta álags allt að 2 klst. um hádegi og 2 klst. að kvöldi.

Ef ársnotkun um einn mæli er meiri en 10000 kwst., má veita afslátt á notkun utan tíma mesta álags, þannig:

Fyrir fyrstu	10000 kwst. utan tíma mesta álags	22 aurar
— næstu	20000 — — — — —	20 —
— —	20000 — — — — —	18 —
— —	50000 — — — — —	16 —
— —	50000 — — — — —	14 —
og notkun umfram	150000 — — — — —	12 —

4. Um mæla þannig reiknað:

160 kr. árskw. fyrir fyrstu	10 kw.
130 — — — —	næstu 15 —
100 — — — —	— 25 —
80 — — — —	umfram 50 —

Auk þess greiðist kwst.-gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu	25000 kwst. ársnotkun á	7.0 aura hver kwst.
Næstu	25000 — — — —	6.5 — — — —
—	50000 — — — —	6.0 — — — —
—	100000 — — — —	5.5 — — — —
—	150000 — — — —	5.0 — — — —
—	250000 — — — —	4.5 — — — —
Umfram	600000 — — — —	4.0 — — — —

D. Hitun.

Þar sem orkan er notuð til hitunar má selja:

1. Til upphitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins:
 - a. Um sérmæli fyrir hitalögnina á 3.5 aura hverja kwst.
 - b. Um sérmæli á 2.4 aura hverja kwst., enda hafi rafveitan rétt til að rjúfa strauminn að hitalögninni í eina klst. um hádegi.
 - c. Um sérmæli á 2 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn að hitalögninni í 2 klst. um hádegi og í 1 klst. að kvöldi, þegar álag rafveitunnar er mest
 - d. Um tvígjaldsmæla fyrir hitalagnir á 1.6 eyri fyrir hverja kwst. frá kl. 22 til kl. 8, en á 2.2 aura frá kl. 8 til kl. 22. Straumurinn sé rofinn á sömu tímum og við D 1 c.
 - e. Um sama mæli sem til annarrar heimilisnotkunar samkvæmt gjaldskrárlíð B 2 og B 3, þannig að verð á umframnotkun lækki úr 9 aurum í 2.4 aura, ef fullnægt er skilyrðum D 1 b, í 2 aura ef fullnægt er skilyrðum D 1 d, og reiknast þá öll næturotkun á 1.6 aura.
 - f. Um kwst.-mæli á 1 eyri fyrir hverja kwst. næturotkunar, er fer fram frá kl. 22 til kl. 8, enda sé eingöngu eða því nær eingöngu notað næturráfmagn til upphitunar hússins.

2. Til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri á 3.5 aura, enda sé þá minnsta notkun 10000 kwst. á ári.
3. Til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri um tvígjaldsmæli á 2.0 aura hverja kwst. frá kl. 22 til 8 og á 9 aura frá kl. 8 til kl. 22.

150
18. des.

Heimilt er að breyta gjaldskrárlíðum hlutfallslega við kolaverð og miðast þá framangreint verð á D við 70 kr. útsöluverð á kolum (tonn).

Sala samkvæmt gjaldskrárlíð D 1 til fullrar húshitunar er bundin því skilyrði, að götulínur og spennubreytar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

Notandi skal kosta tengingu sjálfvirks klukkurofa fyrir hitalögnina, og greiða leigu fyrir hann samkv. sömu reglum og gilda fyrir leigumæla.

E. Sumarnotkun.

Rafveitustjórn er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um tölurverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

F. Þegar sérstaklega stendur á

má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafveitustjórnar.

G. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu

ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.

II. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri. Heimilt er að taka leigu fyrir mælitæki, er nemi allt að 20% árlega af verði þeirra.

III. Heimtaugargjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

	Brunabótamat	Heimtaugargjöld	
		Jarðlína	Loftlína
1.	0— 5000 kr.	300 kr.	170 kr.
2.	5000— 10000 —	380 —	230 —
3.	10000— 12500 —	450 —	280 —
4.	12500— 15000 —	510 —	330 —
5.	15000— 17500 —	560 —	370 —
6.	17500— 20000 —	600 —	420 —
7.	20000— 25000 —	700 —	510 —
8.	25000— 30000 —	780 —	600 —
9.	30000— 40000 —	880 —	650 —
10.	40000— 50000 —	980 —	700 —
11.	50000— 60000 —	1060 —	750 —
12.	60000— 70000 —	1100 —	790 —
13.	70000— 80000 —	1140 —	830 —
14.	80000— 90000 —	1170 —	870 —
15.	90000—100000 —	1200 —	900 —
16.	100000—125000 —	1250 —	950 —
17.	125000—150000 —	1300 —	1000 —
18.	150000—200000 —	1400 —	1050 —
19.	yfir 200000 —	1500 —	1100 —

18. des. **150** Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og gildleiki víra meiri en 2×70 qmm, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

IV. Ýmis gjöld.

1. Opnunargjöld.

Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt 3 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

2. Sektir fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt 3 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Rafveitustjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá rafveitunnar nr. 26 frá 9. marz 1940 og síðari breytingar á henni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. desember 1944.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

27. nóv. **151**

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún, nr. 165 9. sept. 1939.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu frá og með 1. janúar 1945 innheimtast með 100% hækkun.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 23 13. jan. 1938, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1944.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.


Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 65. tbl. Lögbirtingablaðsins 1944, um endurnýjun ferðaskírteina skipa eftir boði brezku flota-stjórnarinnar. 152
17. nóv.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslensku ríkisstjórninni að nauðsynlegt sé að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. desember 1944 ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir: Í Reykjavík hjá brezka aðal-konsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flota-stjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 66. tbl. Lögbirtingablaðsins 1944, um bannsvæði í og utan við Faxaflóa. 153
23. nóv.

Brezka herstjórnin hefur talið nauðsynlegt vegna kafbátahættu að banna alla umferð skipa í myrkri um ákveðið svæði í og utan við Faxaflóa. Takmörk svæðis-ins eru sem hér segir:



153
23. nóv.

- (a) Geirfugladrangur
- (b) 63.40 $\frac{3}{4}$ N. 22.49 V.
- (c) 64.06 $\frac{3}{4}$ N. 22.49 V.
- (d) 64.07 N. 22.33 V.
- (e) 64.26 N. 22.33 V.
- (f) 64.26 N. 23.18 V.

Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að banna fyrst um sinn, þar til öðru vísi verður ákveðið, fiskveiðar, siglingar og umferð allra skipa um þetta svæði í myrkri.

Skip, sem eru stödd utan þessa svæðis, en innan 60 sjómílna fjarlægðar frá Reykjavík, skulu vera svo vel lýst sem frekast er unnt.

Það er alvarlega brýnt fyrir mönnum að hlýða banni þessu. Hver sá, er út af því bregður, á það á hættu að verða fyrir hernaðaraðgerðum.

154
14. nóv.

G J A L D S K R Á

fyrir dómtúlkun og skjalapýðingar.

1. gr.

Grunngjöld fyrir störf dómtúlka og skjalapýðenda skulu vera sem hér segir:

Fyrir staka blaðsíðu heila kr. 19.40.

Fyrir hverja síðu í stærri pýðingu kr. 15.60.

Sé um teknískt mál að ræða, hækkar grunn gjald þetta um 50%.

Fyrir minnstu pýðingu kr. 10.00.

Skylt er skjalapýðanda að láta frumriti fylgja tvö samrit endurgjaldslaust. Séu látin af hendi fleiri samrit, skal fyrir hverja blaðsíðu samrit greiða kr. 2.50.

Við grunn gjöld öll bætist 30% uppbót og síðan verðstuðulsuppbót eftir vísitölu eins og hún er á hverjum tíma.

2. gr.

„Blaðsíða“ táknað í gjaldskrá þessari folíósíðu, 33 × 20 cm að stærð, vélritaða í aðrahyora línu í níu-stafa (nine-pitch) ritvél, og byrji lína í sextánda sæti á slíkri vél.

3. gr.

Lágmarksgrunn gjald fyrir dómtúlkun skal vera kr. 25.00 fyrir eina klukkustund eða skemmri tíma. Fyrir hverja klukkustund eða brot úr klukkustund þar fram yfir, skal greiða kr. 12.00. Þetta verðlag skal bætt upp eftir því sem segir í 1. grein

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32/1914.

Í dómsmálaráðuneytinu, 14. nóvember 1944.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

155

24. nóv.

1. gr.

Sjóðstjórnin má gera það að skilyrði fyrir upptöku starfsmanna í flokki þeirra, sem greindir eru í 1.—3. tölulið 4. gr. laga nr. 101 1943, í tölu sjóðfélaga, að allir starfsmenn stofnunar þeirrar, sem starfsmaðurinn vinnur í, bæjar-, sýslu- eða sveitarfélags, sem eru 20 ára eða eldri og uppfylla skilyrðin fyrir því að geta verið sjóðfélagar, gangi í sjóðfélagið.

2. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal kjósa einn mann í stjórn lífeyrissjóðsins í stað sjóðfélaga eða félagsskaps þeirra, sbr. 6. gr. laga nr. 101 1943.

3. gr.

Starfstími sjóðfélaga telst sá tími, sem hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Starfstíminn þarf ekki að vera samfelldur.

Starfstími þeirra sjóðfélaga, sem keypt eru réttindi vegna starfa, er þeir hafa haft með höndum áður en þeir gerðust sjóðfélagar, ákvarðast með tilliti til þessa.

4. gr.

Heimild 5. gr. laga nr. 101 1943 nær til allra þeirra sjóðfélaga, er sökum aldurs síns við upptökin í sjóðfélagið gætu ekki öðlast hámarksréttindi fyrir sig og maka sinn, þótt þeir störfuðu til 65 ára aldurs.

Enginn, sem er 56 ára eða eldri, getur orðið sjóðfélagi nema honum séu keypt réttindi fyrir fyrri starfstíma.

5. gr.

Sjóðfélagi, sem öðlast hefur réttindi til hámarkslífeyris og orðinn er fullra 65 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og starfstími er 95 ár, þarf ekki að greiða iðgjöld í sjóðinn.

6. gr.

Reynist fullur elli- eða örorkulífeyrir lægri en 60%, ef fullur lífeyrir maka er lægri en 40% af meðalgrunnlaunum síðustu 10 ára áður en sjóðfélagi lét af starfi, að viðbættum upphótum, svo sem greitt er á laun opinberra starfsmanna, skal hann hækkaður í þá fjárhæð, en ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum mismuninn, á meðan framfylgt er ákvæðum þingsályktunar frá 28. ágúst 1942, og heimild 2. mgr. 1. gr. laga nr. 48 1942, um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins, er notuð. Tilsvarendi reglur gilda um þá, sem ekki hafa öðlast hámarksréttindi.

7. gr.

Gjöld sjóðfélaga skulu innheimt mánaðarlega að $\frac{1}{2}$ hluta. Meðan mánaðarlaun eru breytileg vegna breytinga á framfærsluvisitölu má innheimta mánaðarlega áætlaðan $\frac{1}{2}$ hluta af ársiðgjaldi, en jöfnuður skal þá gerður í desembermánuði ár hvert.

Þeir aðilar, sem innheimta iðgjöld í umboði Tryggingastofnunarinnar skulu senda henni skilagrein yfir innheimt iðgjöld fyrir 15. næsta mánaðar eftir gjald-daga þeirra, en full skil fyrir öllum iðgjöldum skulu þeir hafa gert fyrir 31. jan. ár hvert. Um greiðslu iðgjaldafjárhæðarinnar fer að öðru leyti eftir samningi Tryggingastofnunarinnar við hvern einstakan innheimtuaðila.

155

24. nóv.

8. gr.
Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslu lífeyris. Heimilt er henni þó að semja við einstaka launaafgreiðsluaðila um greiðslu lífeyris í umboði hennar. Árslífeyri skal greiða með $\frac{1}{2}$ mánaðarlega fyrir fram, nema þeir, sem lífeyris njóta, óski færri gjalddaga.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 101 30. des. 1943 og lögum nr. 48 30. júní 1942, öðlast þegar gildi. Ákvæði hennar gilda frá þeim tíma, er lög nr. 101 1943 öðluðust gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. nóvember 1944.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

156

24. nóv.

SAMÞYKKTIR

Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis, og skal heimili hans og varnarþing vera í Þórshöfn.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 105 stofnbrefum, upphæð hvers stofnbrefs 100 kr. og má auka stofnféð með samþykkt aðalfundar.

Eigendum sé greiddur árlega arður af stofnbrefum, er sá jafnhár ársvöxtum af nafnverði stofnbrefanna eins og innlánsvextir sparisjóðsins eru ákveðnir.

Stofnfjäreigendum heimilast eigi að selja stofnbref sín, nema með samþykki og í samráði við stjórn sjóðsins. Þegar eigendaskipti verða, hvort heldur er með afsali eða með erfðum, skal rita það á stofnbrefið og einnig í gerðabók sjóðsins. Eigi mega fleiri en 10 — tíu — stofnbref vera í eins manns eigu.

3. gr.

Stofnfjäreigendur mega ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að stofnfjäreigendur verði aldrei færri. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki stofnfjäreigenda, en hinn þriðji af sýslufundi (sýslunefnd) Norður-Þingeyjarsýslu á sama ári, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað, og hefur hver stofnfjäreigandi eitt atkvæði án tillits til þess, hvort hann á eitt stofnbref eða fleiri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af stofnfjäreigendum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan löglegan hátt, skal þegar í stað kalla

saman fund stofnfjäreigenda og kjósa annan í stað hans fyrir það sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lög-
mætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að
sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórn sjóðsins reka eigin lánastarf-
semi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum fram-
kvæmdum sjóðsins.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því að
ekkert fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins
fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna
sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutað-
eigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu,
eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum.
Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu jafnan vera tveir starfsmenn, féhirðir og bókari, og
skulu þeir annast um allar greiðslur sjóðsins og bókfærslu. Heimilt er að stjórnin
hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun til starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum
tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir eigi til skemmri tíma en eins árs í senn,
og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvara-
laust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund stofn-
fjäreigenda þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir, enda sé
hann ráðinn til starfans af stjórninni utan hennar sjálfrar. Stjórnarráðið ákveður
fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbók-
ina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslur afborgana og vaxta
af lánnum skal jafnan rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig
tafarlaust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig
ritaðar, að enginn vafi geti á leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt,
sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt
hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir eftir því, sem stjórnin ákveður og henni þurfa
þykir. Stjórnin ákveður hvernig haga skuli daglegri starfrækslu sjóðsins.

156

24. nóv.

12. gr.

Eigi síðar en í aprilmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum stofnfjäreigendur 6 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða þegar minnst 5 stofnfjäreigendur æskja þess. Fundurinn er lögmaður þegar helmingur stofnfjäreigenda mætir. Mæti eigi helmingur stofnfjäreigenda, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmaður hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmautum fundi samþykki þær.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti, vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

- Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 króna í senn.
- Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færirst í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóða, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið aðgang að þeim þar, ef þeir óska þess. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 7500 krónur.
- Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafist þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni hlutum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1200 krónum eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna, þegar hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 200—400 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum

þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að greiða meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók. **156**
24. nóv.

16. gr.

Aldreí má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tókka, án þess viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað í bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því eigi veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, sem viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin verður sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið í hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi ekki verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð viðskiptabókar og innstæðubókar, þegar sú fyrrgreinda er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögín séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé, eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er birt sé í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar flytur.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum fráðregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, sem sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóðurinn nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nýtsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

156

24. nóv.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins, eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

21. gr.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði og veði í skipum, í hæsta lagi 50% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má þó aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álitur tryggja;
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánnum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum, minnst $\frac{1}{10}$ hluta af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess, að grípa til þess fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórn sparisjóðsins ákveður, hvenær skuli, í síðasta lagi, vera búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum

sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig bera ljóslega með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu. 24. nóv. 156

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sparisjóðsins fyrir lok marz mánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokinn og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efna-hagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagar hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Semja skal sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo glöggst sjáist, hversu mikið greitt er fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjaldldagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar eignir sjóðsins, svo og skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skyllt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn. Skulu þeir kosnir af sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu, til eins árs í senn. Sýslunefndinni ber að skipa varaendurskoðendur, er gangi í stað aðalmanna í forföllum þeirra. Endurkjósa má endurskoðunarmenn.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

156

24. nóv.

33. gr.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, svo og sjóðforða, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir-mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins.

Skulu endurskoðendur benda á, ef eitthvað er athugavert, svo úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir boðun aðalfundar. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið.

Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókhald snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmatgur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð sparisjóðsins sjálfs og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 24. nóvember 1944.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

157

24. nóv.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Arnfirðinga, Bíldudal.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Arnfirðinga, og skal heimili hans og varnarþing vera í kaupúninu Bíldudalur.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 30. Skal stjórn sjóðsins skylt að gera það sem í hennar valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Sérhver ábyrgðarmaður ábyrgist með allt að eitt hundrað krónum, að sjóðurinn standi í skilum. Ef ábyrgðarmaður hefur orðið að greiða nokkuð

fyrir sjóðinn, á hann rétt til hlutfallslegs endurgjalds frá meðábyrgðarmönnum sínum, samkvæmt reglum þeim, er gilda þegar fleiri eru en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla, sjálfskuldarábyrgðarmenn fyrir sömu upphæð. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. 157
24. nóv.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en sá þriðji af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu, fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmetan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa þeir annan í hans stað fyrir það sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á annan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra er við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera a. m. k. tveir starfsmenn, féhirðir og bókarí.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu ekki viðstaddir.

Heimilt er að stjórnin hafi störf þessi með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun til starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til þess.

157 Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur 24. nóv. sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafarlaust skrá á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar, og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megí hverju breytt hafi verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þurfa þykir, og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 14 dögum fyrir fundinn.

Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundurinn er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

- Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en ein króna í senn.
- Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði sparisjóðsbókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta sinn.
- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sjóðinn eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum um að hafa hærri innstæðu en 10000 krónur.
- Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði gildandi laga. Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við hver árslok. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum og gjaldast vextir í eigi minni hlutum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 500 krónum og þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum. Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það sem innstæðubókin telur. Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubókina, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttu skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 500 krónum til 1000 krónum sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meir en 1000 krónur á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá uphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá sem skráð var í viðskiptabókina saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins. Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhaf.

Það er ekki á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verði rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi ekki verið sýnd en aðeins sérstök kvittun gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgun í reikning eigenda í innstæðubókinni. Greiðist innstæðan að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur, án endurgjalds og glatist viðskiptabók verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi innstæðufjár eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

157

24. nóv.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldauglýsingar skulu birtar í. Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því sem upp er sagt.

18. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum fráðregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður hrekkur eigi til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsparfir í héraðinu.

19. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

20. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- með því að kaupa rikisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $\frac{2}{3}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán, með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórnin álitur tryggja;
- á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

21. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánnum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðan en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregið hefur að borga fram yfir gjalddaga.

22. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem rikið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum, minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þess fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin

tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það. Þegar verðbréf, sem sparisjóðurinn kaupir, hljóða á nafn, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin, sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaeign sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki. 157 24. nóv.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar, má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf, sem handveð til tryggingar slíkum lánnum og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sjóðsins.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glögg:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar í greint, hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og í hver árslok;
2. hverjar tekur hann hafi haft á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilfæra tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokina og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist glögg, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau útlán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna. Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glögg sjáist hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum og eins af hverjum lánnum vextir eru vangoldnir. Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjaldalagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxilréttar hefur verið gætt. Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, er hann er í við aðra.

157
24. nóv.

29. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðunarmenn sparisjóðsins.

32. gr.

Skylt er endurskoðunarmönnum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins einu sinni á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega. Endurskoðendur eiga frjálstan aðgang að öllum bókom, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir- mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir henda á, ef eitthvað er athugasemdi, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka þegar eftir að hann er saminn og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmanaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar. Eins skal fara að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð frá 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrir- mæli, og stjórn sjóðsins hætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra. Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 24. nóvember 1944.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Aðaldæla.

158
29. nóv.

I. KAFLI

Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Aðaldæla, og skal heimili hans og varnarþing vera á þingstað hreppsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 3000 krónur og skiptist í hluti, 25 krónur hver, er stendur sem trygging fyrir innstæðufé viðskiptamanna. Vextir af stofnfé skulu eigi vera hærri en í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands á hverjum tíma, og greiðist hlutfum við hver áramót.

Nú verða eigendaskipti á stofnbréfi, hvort heldur við sölu eða erfð, skal þá rita nafn hins nýja eiganda á bréfið sjálft og sömuleiðis í gerðabók sjóðsins. Er eignarréttur af bréfunum því aðeins gildur, að svo sé gert.

3. gr.

Árságóði sjóðsins, að frádregnum öllum reksturskostnaði, skal lagður í sérstakan sjóð og er það varasjóður sparisjóðsins og stendur sem trygging fyrir viðskiptum hans.

4. gr.

Aðalfund skulu stofnfjäreigendur eiga með sér í aprílmánuði ár hvert. Skulu þar lagðir fram endurskoðaðir reikningar sjóðsins til samþykktar og kosnir tveir menn í stjórn hans til þriggja ára og sömuleiðis tveir varamenn. Sýslunefnd Suðurlingeyjarsýslu kýs 1 mann í stjórnina og einn til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. lög um sparisjóði frá 27. júní 1941. Á fundi ræður afl atkvæða og hefur hver fundarmaður eitt atkvæði, án tillits til þess, hvort hann á eitt stofnbréf eða fleiri. — Fundur er lögmætur sé hann boðaður með viku fyrirvara og mæti fullur helmingur fulltrúa.

5. gr.

Starfsmenn sjóðsins skulu bundnir þagnarheiti, að viðlögðum drengskap, um öll viðskipti sjóðsins við einstaklinga eða stofnanir, og aldrei skýra neinum frá þeim, nema þeir séu tilskyldir að lögum. Þagnarheitið skal skráð í gerðabók sjóðsins, undirritað af þeim sjálfum.

II. KAFLI

Innlög og vextir.

6. gr.

Um innlög í sparisjóðinn gilda þessar meginreglur:

- Hver innlagseigandi skal fá viðskiptabók með sömu áritun og er í höfuðbók sjóðsins. Gildir viðskiptabók sem samningur við sjóðinn og skal hún undirrituð af formanni sjóðsins. Aldrei má láta af hendi innstæðu, nema það sé um leið fært í viðskiptabók aðila.
- Stjórn sjóðsins getur, þegar henni þykir ástæða til, hafnað innlögum í sjóðinn eða áskilið að þau standi allt að því árlangt.

7. gr.

Um uppsagnir og útborganir innlagsfjár gilda þessar reglur:

- a. Enginn getur sagt upp innstæðu, nema hún hafi staðið í sjóðnum að minnsta kosti tvo mánuði. Greiðslufrestur á innstæðum yfir 500 krónur skal vera tveir mánuðir.
- b. Engir vextir greiðast af innstæðu frá þeim degi, er henni var sagt upp. Skylt er eiganda að veita móttöku uppsagðri innstæðu nær sem er eftir uppsagnardag.
- c. Sé innstæða tekin öll út, skal eigandi afhenda viðskiptabók sína með áritaðri viðurkenning. Glatist viðskiptabók ber eiganda hennar að fá hana ógilta að lögum áður en hann fær krafizt útborgunar af hálfu sparisjóðsins.

8. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

III. KAFLI

Um útlán.

9. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa rikisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $\frac{2}{3}$ af virðingarverði því, sem lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má þó því aðeins veita, til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé henni að fullu lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn telur tryggja;
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

10. gr.

Stjórnendur sparisjóðsins mega hvorki taka sjálfir fé sjóðsins að láni né heldur vera ábyrgðarmenn annarra lánþega hans.

II. KAFLI

Um reikninga sparisjóðsins og endurskoðun.

11. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og reikningur hans vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

12. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst yfirlit yfir starfsemi sjóðsins á liðna árinu og eignir og skuldir í árslok.

13. gr.

Endurskoðun á reikningum sjóðsins hafa á höndum tveir menn, þar til kjörnir af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. Eiga þeir aðgang að öllum bókuum og reikningum sjóðsins nær sem er, og ber þeim að vera vel á verði um allan hag hans.

V. KAFLI
Önnur ákvæði.

158
29. nóv.

14. gr.

Þau atriði, sem eigi eru í samþykktum þessum, en varða þó sparisjóðinn, skal fara með samkvæmt lögum um sparisjóði frá 27. júní 1941 og reglugerð fyrir sparisjóði frá 15. febrúar 1942.

15. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og séu $\frac{2}{3}$ framkominna atkvæða með breytingunni, enda séu breytingarnar staðfestar af stjórnarráðinu.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. nóvember 1944.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING
um skömmtnun á bensíni.

159
30. nóv.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzins og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl 1945:

A. Fólksbifreiðir:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8000 lítrar
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga-bifreiðir	4000 —
3. Leigubifreiðir þær, sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500 —
4. Einkabifreiðir:	
a. Læknabifreiðir	800 —
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400 —
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	250 —
d. Bifhjól	50 —

B. Vörubifreiðir:

1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900 —
2. — $1\frac{1}{2}$ tonn	1800 —
3. — $\frac{3}{4}$ — $1\frac{1}{4}$ tonn	1300 —
4. — smábifreiðir	600 —

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtnunarhefti til annarra nota en bifreiðaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínskömmtnunarmiðar frá árinu 1944 falla úr gildi 1. janúar 1945.

4. gr.

Benzínskömmtnunarmiðar, sem menn kunna að eiga ónotaða frá 1. skömmtnunartímabili ársins 1945, skulu gilda áfram á 2. skömmtnunartímabili 1945.

159
30. nóv.

5. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannlutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. nóvember 1944.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

160
1. des.

AUGLÝSING

um bann gegn flutningi jurta o. fl. milli landshluta innanlands.

Í framhaldi af auglýsingu ráðuneytisins, útgefinni 6. desember 1943, er hér með samkvæmt lögum nr. 17 13. maí 1927 bannað að flytja káljurtir, rófur og önnur krossblóm (t. d. Levköj og næturfjólu) með rót eða mold úr görðum, þar sem æxlaveiki (Kaalbrok, Klumpróð) hefur orðið vart síðustu 6 árin.

Sömuleiðis er bannað að flytja áburð undan gripum, sem fóðraðir hafa verið á æxlaveiku káli eða rófum á staði, þar sem veikin er ekki.

Brot gegn ákvæðum þessum varða 100—5000 króna sektum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. desember 1944.

Pétur Magnússon.

Vigfús Einarsson.

161
7. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðar-kaupstað, nr. 48 frá 29. maí 1934.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver fjáreigandi skal hafa glögg eyrnamark á fé sínu og brennimark eða önnur skýlaus einkenni, ef mark verður óglögg. Auk þess skal hann brennimerkja allt fé sitt veturgamalt eða eldra, sem hyrnt er, framan á hægri horni með brennimarki þess hrepps, sem hann er heimilisfastur í í fardögum. Nú flytur einhver búferlum milli hreppa og skal hann þá afmá brennimark þess hrepps, er hann flutti úr, en brennimerkja fé sitt brennimarki þess hrepps, er hann flytur í, eins og fyrr greinir. Enginn má hafa fleiri en tvö eyrnamörk. Ekki má hafa tölustafi fyrir brennimark nema bókstafur fylgi með. Heimilt er hverjum markeiganda að nota fjármark sitt á hesta sína.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver hreppur skal hafa brennimark sem hér segir: Skeggjastaðahreppur N 1, Vopnafjarðahreppur N 2, Jökuldalshreppur N 3, Hlíðahreppur N 4, Tungu- hreppur N 5, Fellahreppur N 6, Fljótsdalshreppur N 7, Hjaltastaðahreppur N 8, Borgarfjarðahreppur N 9, Loðmundarfjarðahreppur N 10, Seyðisfjarðahreppur N 11 og Seyðisfjarðar-kaupstaður N 12.

3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Markaskrá skal samin 5. hvert ár, þegar ártalið stendur á hálfum tug eða heilum. Sýslunefndir Múlasýslna kjósa sinn manninn hvor í markadóm. Rísi ágreiningur milli þeirra, tekur og sæti í markadómi formaður Búnaðarsambands Austurlands.

Markadómur raðar skipulega og rétt fjármörkum sýslanna 5. hvert ár næst á undan að markaskrá á að ganga í gildi. Markadómur annast útgáfu og prentun markaskrár.

Markadómurinn skal vinna að því, að markaskrár séu gefnar út í Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-Skaftafellssýslu samtímis og í Múlasýslum. Markadómur Múlasýslna skal vinna eftir sameiginlegum reglum, er skapaðar séu af markadómum í áðurnefndum sýslum, með það sérstaklega fyrir augum, að fyrirbyggja varhugaverðar sammerkingar.

Sveitarstjórnir skulu safna mörkum hver í sínum hreppi og greiðir hver mark-eigandi ákveðna borgun fyrir markið, samkvæmt ákvörðun markadóms. Gjald þetta skal ákveða svo hátt, að kostnaður við samningu og útgáfu markaskrárinnar fáiast greiddur af gjöldum þeim, er inn koma fyrir fjármörkin.

Mörkum þeim, er sveitarstjórnir safna ásamt gjöldum fyrir þau, skal komið í hendur markadóms innan þess tíma, er hann ákveður.

Nýjum markaskráum skal útbýtt svo tímanlega, að þær séu komnar á hvert heimili fyrir fyrstu löggöngur á því ári, sem þær eiga að koma til notkunar. Falla þá úr gildi gömlu markaskrárnar, sem sönnunargagn fyrir eignarrétti til fjár.

Skilagrein fyrir tekjum og kostnaði við útgáfu markaskrár skilar markadómur til sýslunefnda Múlasýslna að lokinni útgáfu markaskrár.

Nú sýnir það sig við röðun marka, að fleiri en einn hafa tekið upp sama markið eða svo lík mörk, að ætla má, að misdráttur geti orðið af og skal þá markadómur tilkynna það hlutaðeigendum og eftir því sem unnt er rannsaka, hver hefur fyrsta rétt til marksins. Sá skal hafa fyrsta rétt sem tekur upp gamalt erfðamark, þó niður hafi fallið um hrið. Eigi maður, sem flytur í fjallskilaumdæmið sama mark og maður sem fyrir er, og hagi svo til að misdráttur geti stafað af, þá skal sá, sem aðfluttur er, breyta marki sínu.

Ef ekki verður úr því skorið, hver hafi fyllstan rétt til eignar á marki og ekki næst samkomulag um breytingu á mörkum, sker markadómur úr og er honum rétt að breyta mörkum og prenta þau, eins og hann telur bezt fyrir hlutaðeigendur. Tilkynna ber breytinguna markeiganda.

4. gr.

6. gr. orðist svo:

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá, t. d. þeir er flutzt hafa úr öðrum sýslum, þá skulu þeir lýsa mörkum sínum fyrir sveitarstjórn þar, sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal sveitarstjórn skrifa upp og senda fyrir 1. júlí til sveitarstjórna í nálægum sveitum, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Ber hlutaðeigandi sveitarstjórn að sjá um, að mörkin séu færð inn í gildandi markaskrár sem notaðar eru við drátt í lögréttum og við hreppaskil.

Reglugerð þessi, sem samin hefur verið og samþykkt af sýslunefnd Norður-Múlasýslu og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt

161 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi 7. des. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1944.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

162
12. des.

REGLUGERÐ

um meðferð og mat nýrra þorskhrogna.

1. gr.

Öll þorskhrogn, sem ætluð eru til útflutnings ný eða hraðfryst, skulu látin í sérstaka vel hreina kassa jafnóðum og fiskurinn er slægður. Skulu þau afhent í kössunum á ákvörðunarstað, hvort sem um er að ræða frystihús, skip eða aðra móttökustaði, þar sem búið er um hrognin til útflutnings. Kassa þessa má ekki nota undir annað en hrogn.

Skip eða bátar, sem ekki leggja afla sinn á land daglega, heldur geyma hann um skeið ísaðan í lest, skulu ísa hrognin í þessa kassa.

2. gr.

Hrogn, sem á að flytja út héðan ný eða hraðfryst, skulu metin og flokkuð af fiskimatsmönnum undir umsjón fiskimatsstjóra og yfirfiskimatsmanna. Skal það gert um leið og þau eru afhent til frystingar eða útflutnings. Séu hrognin fryst, skal því lokið ekki síðar en einum sólarhring eftir að veiðiskip, er hrognin afhenti, kom að landi og hafi þá veiðitími skipsins ekki verið lengri en heimilaður er fyrir fisk, sem ekki er ísvarinn, í 3. gr. reglugerðar um freðfiskmat frá 10. júlí þ. á.

Hafi hrognin verið ísuð í landi strax að aðgerð lokinni, má frystingin dragast allt að tveimur sólarhringum. Hafi þau hins vegar verið ísuð í veiðiskipi jafnóðum og aðgerð fór fram, og hafi veiðitíminn verið þrjár sólarhringar eða lengri, skal frystingu á þeim hrognum lokið 12 klukkustundum eftir að skipið kom að landi.

3. gr.

Tímatakörk þau, sem sett eru um aldur hrogna til frystingar í 2. gr., skulu einnig gilda um þau hrogn, sem á að flytja út ísvarin. En um þau skal búa til útflutnings og ísa strax eftir móttöku. Skulu þau þá sett í gisna poka, 14 lbs. í hvern, og ísuð í kassa eða stíur, er mega ekki vera hærri en 40 cm.

4. gr.

Hrognin skulu flokkuð í fyrsta og annan flokk. Í fyrsta flokk fara hrogn, sem eru ógotin, ekki blóðhlaupin og eru ósködduð af sprungum, mari, hnifsprettum og ekki gölluð að öðru leyti. Annars flokks hrogn mega vera nokkuð skorin eða rifin og jafnvel hálf, ef þau eru gallalaus að öðru leyti, en ekki kramin hrogn eða blóðhlaupin að neinu ráði.

Fiskimatsstjóri og yfirfiskimatsmenn gefa nánari fyrirmæli um framkvæmd matsins. Þeir skera úr vafaatriðum um mat og flokkun og úr ágreiningi, er fyrir kann að koma.

5. gr.

Kassar þeir, er nefndir eru í 1. og 2. gr., skulu vera úr hefluðum borðum og ekki úr þynnra efni en 2 cm. Borð á hliðum og göflum séu plægð, en botninn gisinn og

þó ekki meira bil milli fjala en 0,5 cm. Utan á göflunum séu okar úr sama efni og höldur úr kaðli eða tréklossar, sem hægt er að taka í þegar kössunum er lyft. 162
12. des.

Stærð kassanna skal vera þessi að innanmáli:

Lengd 62,5 cm, breidd 40 cm og hæð 20 cm.

Á kössunum eiga að vera lok, svo að ekki renni úr þeim í flutningi.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun, umbúðir og útflutning á sjávarafurðum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 1945 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. desember 1944.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Neskaupstað.

163
13. des.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Neskaupstaðarhöfn tekur yfir Norðfjörð, vestan línu, sem hugsast dregin úr Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmumsjón Stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefnd annast framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvoru tveggja, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar. Heimilt er þó hafnarnefnd, að fela bæjarstjóra eða öðrum, er hún ákveður, daglegar framkvæmdir og reikningshald, svo og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum.

Fé hafnarsjóðs má verja til hafnarbóta og hvers konar mannvirkja, er miða að því að bæta aðstöðu við höfnina.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að ráða hafnarvörð, eftir tillögum hafnarnefndar, sem setur honum erindisbréf. Þá getur hún einnig ráðið fleiri starfsmenn og sett þeim starfsreglur, ef þurfa þykir.

4. gr.

Hafnarnefnd er skipuð 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir. Nefndin kýs sér sjálf formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir og á sama hátt.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust og enn fremur þeirra starfsmanna, er hún setur, til þess að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð og sérstaklega skal gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki stað. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu frá ákvæði þessu, þegar sérstaklega stendur á og í einstöku tilfellum.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar í hvert sinn.

8. gr.

Seglfestu eða öðru, er valdið getur skemmdum, má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka, nema með leyfi hafnarnefndar og landeigenda. Einnig er bannað að kasta fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði í sjóinn frá skipum, er liggja við hafnarbryggjuna.

9. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, þetta eldri skip eða framkvæma viðgerðir á þeim á annan hátt, nema leyfi hafnarnefndar komi til. Einnig þarf leyfi hafnarnefndar til þess að leggja skipum í fjörur hafnarinnar. Báta, sem ekki eru notaðir að jafnaði, má ekki geyma á stöðum, þar sem þeir eru, að dómi hafnarnefndar eða lögreglustjóra, til óþrifnaðar eða óþæginda.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða starfsmanna hennar um það, hvar skulu leggjast.

EKKI MÁ LEGGJA skipum eða bátum svo nærri bryggjum, að eigi sé, að dómi hafnarnefndar, nægilegt og gott pláss fyrir önnur skip að komast að og frá, né heldur má leggja netum eða duflum svo nálægt bryggjum, að aðgangur verði ógreiður skipum.

Skip mega aldrei liggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

11. gr.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannláus við festar á höfninni, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er tekið geti á móti fyrirskipunum hafnarstarfsmanna og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Vélbátum, sem heima eiga í Neskaupstað, eða gerðir eru út þaðan og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarnefnd getur ákveðið hvar og hvernig legufæri þeirra skulu lögð.

Enginn má flytja legugögn báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

13. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða skipun hafnarnefndar eða umsjónarmanns, um að flytja skip sitt eða bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

14. gr.

Eigi má festa skipum við uppfyllingar eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða uppfyllingum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast, að úr því sé bætt tafarlaust.

Skýlt er að hafa tryggar hlifar milli skips og bryggju eða uppfyllingar.

15. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans, og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Notkun á hafnarbryggjum og geymsluhúsum.

16. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa að öðru jöfnu rétt til þess að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau að vika meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að vika fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjunni, áliti hún það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreinigur rís, ræður hafnarnefnd í hverri röð skip komast að bryggjunni.

17. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða uppfyllingu, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabráum.

Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

163

18. gr.

13. des.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, má hafnarnefnd láta gera það á þeirra kostnað.

19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt og hún krefst þess. Hafnarnefnd getur heimt að gjald eftir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarsjóðs.

20. gr.

Fyrir geymslu á vörum eða varningi í húsum hafnarinnar, sem til þess eru sérstaklega ætluð, og ekki eru leigð öðrum með samningum, skal eigandi eða umráðandi varningsins greiða gjald, er í hvert sinn ákveðst af hafnarnefnd. Gjald þetta skal greitt áður en varningurinn er fluttur úr húsum hafnarinnar.

VI. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

21. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða mannvirki, né heldur breyta eða auka við þau mannvirki, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka frá landi, nema bæjarstjórn hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað. Skjóta má úrskurði bæjarstjórnar til úrskurðar stjórnarráðsins. Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slík mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því.

22. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingar einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt næst eiganda.

23. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, getur hafnarnefnd krafizt að sé umsjónarmaður, sem hún tekur gildan.

24. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

VII. KAFLI

Hafnargjöld (lestargjöld).

25. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, stærri en 12 smálestir brúttó, hvort sem þau eru tóm, hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjald (lestargjald) í hvert sinn, er þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn og hafa eitthvert samband við land. Undanþegin eru þó herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkis-

sjóðs, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, visindaleg rannsóknarskip og skip, sem leita hafnar í neyð. **163**
13. des.

Hafnargjaldið (lestargjaldið) reiknast af nettó burðarmagni skipsins, talið í heilum smálestum, og er hálf smálest talin sem ein heil, en minna broti sleppt.

26. gr.

Hafnargjaldskrá:

- A. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 2 krónur af hverri brúttó smálest, þó aldrei minna en 15 kr. Auk þess greiða þau heimaskip, er stunda millilandasiglingar, 10 aura af hverri nettósmálest í hvert sinn er þau koma á höfnina úr millilandasiglingu. Lægsta gjald skal þó vera 5 krónur.
- B. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 10 aura af hverri smálest í hvert sinn er þau leggjast í Neskaupstaðarhöfn.
- C. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 20 aura af hverri smálest.

27. gr.

Ef skip liggur á höfninni lengur en 10 daga, skal það greiða hálf hafnargjald að nýju, fyrir hverja 10 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðir, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi, né heldur þegar skip liggja á höfninni vegna þess að hafís lokar henni.

VIII. KAFLI

Bryggjugjöld.

28. gr.

I. Gjöld af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða uppfyllingar eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en broti skal sleppt. Greiða skal gjaldið fyrir hvern sólarhring, en hluti úr sólarhring telst sem heill. Undanþegin bryggjugjaldi eru varðskip, herskip og visindaleg rannsóknarskip.

Gjöldin greiðast sem hér segir:

- A. Af öllum aðkomuskipum greiðast 10 aurar af hverri nettósmálest. Minnsta gjald skal þó vera 5 krónur.
- B. Bátar og skip, heimilsföst í Neskaupstað, að stærð 10 smálestir og þar yfir, greiði 1 krónu af hverri brúttó smálest á ári. Minni bátar greiði 5 krónur á ári.

Heimilsföst skip í Neskaupstað, sem stunda millilandasiglingar, greiði þó auk þess bryggjugjald eins og aðkomuskip, meðan á þeim siglingum stendur.

- C. Fyrir sérstaka notkun á hafnarbryggjum eða uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, síldarsöltun o. fl. skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald fyrir eða semja við viðkomandi aðila.

II. Gjald af bryggjum einstakra manna eða félaga:

Bryggjueigendur greiði ekkert bryggjugjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, sem stunda sjávarútveg frá Neskaupstað og leggja upp afla sinn á bryggjur þeirra, eða taka vistir sínar og aðrar nauðsynjar til eigin notkunar.

Öll gjaldskyld skip, samkv. framansögðu, sem nota bryggjur einstakra manna, greiði hafnarsjóði hálf bryggjugjald.

IX. KAFLI

Festargjald.

29. gr.

Skip og bátar, önnur en herskip og varðskip, sem nota bryggjufestar sem hafnarsjóður á, skulu greiða 2 auru af hverri nettó smálest, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 5 krónur á sólarhring.

X. KAFLI

Vörugjöld.

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

31. gr.

Af vörum, sem samkv. farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

32. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé svo ákveðið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur, sem ekki er á farmskrá.
- d. Vörur og teki til hafnarinnar og annarra fyrirtækja bæjarins.

33. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst heil. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri eða skipaafgreiðslan skyld að láta starfsmönnum hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá skipsins.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagnið, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Við útreikning vörugjalds skal leggja saman hvern vöruflokk, sem samanstendur á skránni, ef móttakandi eða sendandi hér er einn og sami aðili.

34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðast eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald minna en 50 auru.

Ef vafi leikur á því, í hvaða flokki skal telja einhverja vöru, skal bæjarstjóri skera úr, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

35. gr.

Vörugjaldskrá:

1. flokkur: Gjald 35 aurar fyrir hver 100 kg: Saltfiskur, nýr fiskur með haus, síld, ís, kol, salt, cement, kornvörur, sykurl, kartöflur og rófur.

2. flokkur: Gjald 45 aurar fyrir hver 100 kg: Lýsi, fiskimjöl, síldarmjöl, nýr fiskur afhausaður, oliur og járn. **163**
3. flokkur: Gjald 55 aurar fyrir hver 100 kg: Freðfiskur, flatfiskur, fiskflök og kjöt. 13. des.
4. flokkur: Gjald 70 aurar fyrir hver 100 kg: Allar aðrar vörur, er reiknast eftir þyngd.
5. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir teningsfet af trjáviði og öðrum vörum, er reiknast eftir rúmmáli.
6. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hvert stykki: Tómar tunnur.
7. flokkur: Gjald 3 krónur fyrir hvern stórgrip.
8. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hverja sauðkind og minni gripi.

XI. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

36. gr.

Bæjarstjóri sér um alla innheimtu á tekjum hafnarsjóðs.

37. gr.

Gjalddagi lestargjalds (hafnargjalda) er þegar skipið hefur lagzt á höfnina, gjalddagi bryggjugjalda, þegar skip hefur lagzt við bryggju eða skip, og gjalddagi vörugjalda, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, ef um aðfluttar vörur er að ræða. Sé um útfluttar vörur að ræða, fellur vörugjald af þeim í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem eiga að greiðast einu sinni á ári, er 1. júlí.

38. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds (hafnargjalds) og bryggjugjalds. Eigandi skips ber þó alltaf ábyrgð á greiðslu allra gjalda samkv. reglugerð þessari.

Móttakandi ábyrgist vörugjald af aðfluttum, en sendandi af útfluttum vörum, annars skipstjóri, ef farmur skips er ekki skráður. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum fyrir skipagjöldum, en í vörum fyrir vörugjöldum, unz gjöldin eru að fullu greidd.

39. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

40. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því undirmati var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en 10%. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

163

13. des.

41. gr.
Sá, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má ekki fara hurt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

42. gr.

Enginn má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, sem innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða, samkv. reglugerð þessari.

43. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi. Ef stýrimaður er heldur ekki við, má gera einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—1000 krónum, nema þyngri refsing liggí við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lög-
reglumál.

46. gr.

Þegar reglugerð þessi öðlast gildi, er um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, Norðfirði, frá 3. maí 1929, og reglugerðir um breytingar á sömu reglugerð frá 15. des. 1939 og 17. sept. 1940, svo og öll önnur ákvæði, er kunna að fara í hág við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 frá 4. júlí 1942, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1945, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. desember 1944.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um skömmtun á fiskilínnum.

164

15. des.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Bannað er að selja hvers konar fiskilínur, nema gegn sérstökum innkaupaleyfum, sem út eru gefin af Fiskifélagi Íslands í umboði skömmtunarskrifstofu ríkisins.

2. gr.

Leyfin skulu gefin út til ákveðins tíma og skulu þau stíluð á eigendur tiltekinna báta og miðuð við þyngd fiskilínanna, sem leyfðar eru.

3. gr.

Allir þeir, sem eiga birgðir af ónotuðum fiskilínunum, skulu þegar í stað senda Fiskifélagi Íslands skýrslu um birgðir sínar af fiskilínunum og efni í þær, og skulu skýrslurnar komnar eigi síðar en 23. des. 1944.

164
15. des.

4. gr.

Hver sá, sem óskar að fá keyptar fiskilínur, skal senda Fiskifélaginu umsókn um það.

Í umsókninni skal taka fram:

1. Heiti báts og stærð.
2. Útgerðartíma.
3. Útgerðarstað.

Þá skal umsækjandi og skuldbinda sig til að afhenda Fiskifélaginu til ráðstöfunar þá línu, sem hann kynni að fá út á innkaupsleyfið, ef hann ekki notar hana á hinum tiltekna tíma. Fiskifélagið tekur síðan ákvörðun um, hvort og að hve miklu leyti umsóknin skuli tekin til greina.

5. gr.

Sá, sem hefur í höndum innkaupsleyfi frá Fiskifélaginu, snýr sér til þeirra, sem framleiða eða verzla með fiskilínur og fær þar afhentan jafnmikinn þunga af fiskilínunum og leyfið hljóðar um, gegn afhendingu leyfisins.

Línuframleiðendur og verzlanir skulu senda Fiskifélagi Íslands um hver mánaðamót öll þau innkaupaleyfi, sem afgreidd hafa verið, ásamt skýrslu um birgðir, innkaup og sölu í mánuðinum.

Nær skylda þessi til skýrslugerðar einnig til hráefnis, sem unnið er úr, og skulu skýrslurnar sýna, hve mikið hefur verið unnið úr því hráefni, hvort sem það eru fiskilínur eða annað.

6. gr.

Hver sá, sem flytur inn fiskilínur eða efni í þær, skal þegar í stað tilkynna Fiskifélagi Íslands innflutninginn.

7. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, kannað birgðir verzlana og framleiðenda af fiskilínunum og hráefni í þær.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

Viðskiptamálaráðuneytið, 15. desember 1944.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Höfðhverfinga.

I. KAFLI

Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Höfðhverfinga og skal heimili hans og varnarþing vera í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 15 og ábyrgðarfé ekki minna en kr. 3000.00. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að sjá um að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr hreppnum, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauða-samninga eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til þriggja ára. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrri en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burtu úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í hans stað fyrir það sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til þess að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánstarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins. Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans. Stjórnendum sjóðsins ber einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókarí. Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr spari-

sjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömu leiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir 3 ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu, eða vika þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagbókina, og aðrar þær bækur, er greiðslan á að koma í. Greiðsla afborgana og vaxta á lánum skal jafnframt ritast á hlutaðeigandi skuldabréf.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hafi verið. Dagsetningar skal greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir þegar þörf krefur og ákveður stjórnin hvernig haga skuli daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Eigi síðar en í febrúarlok skal aðalfundur haldinn og boðar formaður til hans skriflega með viku fyrirvara. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt þegar honum þykir þörf á, eða minnst 8 ábyrgðarmenn óska þess. Fundur er lögmaður þegar helmingur ábyrgðarmanna mæti. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt og er hann þá lögmaður hversu fáir sem mæta. Á fundum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmaðum fundi samþykki.

II. KAFLI

Um innlög í sjóðinn, inn- og útborganir, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

- Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en ein króna.
- Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu

165
20. des.

yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins þegar hann hefur lagt inn í hana í fyrsta skipti.

- d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn eða gera að skilyrði að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —.
- f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

- 228 loftþjappara og mótorá, kambása stillta með lofti, afhleðslutæki fyrir loftþjappara, úða- og skoltæki, stillilokur og loftsiur til að nota við úðadreifitæki, snúningsloftrellur, car washers, járnbrautarskiptitæki, smurningstæki fyrir járnbrautir, skiptistengur, skiptilokur, burðarlegur, öxultengingar, rennibrautir til að nota þegar skipt er um hluta í vélum, lyftum og þess háttar, öxla með áfastri stétt, austurdælur og dælur til notkunar í iðnaði, fötur til uppmoksturs, ausur fyrir vélskóflur, stengur, trönur, skiptitæki, hjól og keðjuhjól, keðjur fyrir lyftur og flutningatæki, skiptitæki.

Skrás. 1944, nr. 38.

Tilkynnt 3. júlí 1944, kl. 11 f. h., af American Safety Razor Corporation, verk-smiðjurekstur, Brooklyn, New York, Bankaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 22. júlí s. á.



Mynd af stjörnu, en undir henni, lítið eitt til vinstri, stendur orðið: STAR. Samkvæmt tilkynningu 17. apríl 1905, er merkið skrásett í Washington 21. maí 1907 fyrir rakvélar, rakvélablöð og líkþornahnífa. Skrásetning merkisins hefur verið endurnýjuð 21. maí 1927.

Skrás. 1944, nr. 39.

Tilkynnt 8. júlí 1944, kl. 11 f. h., af Birds Eye Foods Limited, verzlun, Histon, Cambridge, Englandi, og skrásett 22. júlí s. á.

Orðin:



og mynd af fugli á flugi.

Merkið er skrásett í London 25. september 1941, 29. flokki, fyrir: Kjöt, alifugla, veiðidýr, fisk, grænmeti, egg, smjör, rjóma, ost, svínafeiti, mjólk, yoghurt, og ávexti, allt hraðfryst.

Skrás. 1944, nr. 40.

Tilkynnt 12. júlí 1944, kl. 2 e. h., af The George W. Luft Company, Inc., verk-smiðjurekstur, Long Island City, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 22. júlí s. á.

Orðið:

"AMADO"

Samkvæmt tilkynningu 29. marz 1923, er merkið skrásett í Washington 18. marz 1924 fyrir ilmvörur, ilmefni, snyrtivötn, hárvötn, baðvötn, rísduft, deig, og liti fyrir andlit og varir, hvort heldur er mjúkt eða þurr, og fyrir kemisk efni til að búa til ilmvörur.

Skrás. 1944, nr. 41.

228

Tilkynnt 12. júlí 1944, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 22. júlí s. á.
Orðið:

TANGEE

Samkvæmt tilkynningu 17. maí 1928, er merkið skrásett í Washington 15. jan. 1929 fyrir varastifti, rautt krem (creme rouge), samanhjappaðan rauðan lit (compact rouge), hreinsikrem, dagkrem, næturkrem, núningskrem, andlitsáburð, herpiandi, andlitsduft, samanhjappað duft, fegrunarmeðul fyrir augnhár, augnabrúnir og hár, hárpentla, naglafegrunarefni, ilmvörur og snyrtivötn.

Skrás. 1944, nr. 42.

Tilkynnt 13. júlí 1944, kl. 2 e. h., af Associated Distributors, verzlunarfélag. Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 22. júlí s. á.
Orðin:

C
H
E
N
Y
U

Samkvæmt tilkynningu 4. október 1944, er merkið skrásett í Washington 29. apríl 1941 fyrir varastifti, rauð fegrunarsmyrsl, andlitsduft, liti (mascara) fyrir augnahár og augnabrúnir, púða, sem innihalda efni, sem eyða lykt og svita, krem fyrir hendur og andlit, hreinsipúða, sem innihalda áburð, efnablöndur fyrir húð, hár og fingurneglur, og ilmvörur.

Skrás. 1944, nr. 43.

Tilkynnt 15. júlí 1944, kl. 11 f. h., af Blyth & Platt, Ltd., verksmiðjurekstur, Watford, Hertfordshire, Englandi, og skrásett 26. júlí s. á.



- 228 Hringmyndaður flötur. Efst á fletinum stendur orðið: COBRA, en undir orðinu er stutt, breitt band. Til vinstri á fletinum er mynd af slöngu, sem ris upp. Merkið er skrásett í London 23. ágúst 1943, 3. flokki, fyrir efnablöndur til fágunar og hreinsunar á leðri, skófatnaði, gólfum, húsgögnum o. fl.

Skrás. 1944, nr. 44.

Tilkynnt 15. júlí 1944, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 26. júlí s. á.



Hringmyndaður flötur, sem skipt er í tvennt með breiðu bandi. Á efri fletinum stendur orðið: COBRA. Til vinstri á fletinum er mynd af slöngu, sem ris af bandinu. Merkið er skrásett í London 23. ágúst 1943, 3. flokki, fyrir efnablöndur til fágunar og hreinsunar á leðri, skófatnaði, gólfum, húsgögnum o. fl.

Skrás. 1944, nr. 45.

Tilkynnt 18. júlí 1944, kl. 11 f. h., af Long John Distilleries, Ltd., vínverzlun, London, Englandi, og skrásett 26. júlí s. á.

Orðin:

LONG JOHN

Merkið er skrásett í London 6. sept. 1932, 43. flokki, fyrir whisky.

Skrás. 1944, nr. 46.

Tilkynnt 20. júlí 1944, kl. 3 e. h., af The Tunnel Portland Cement Company, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 26. júlí s. á.



Hringmyndaður einkennismiði. Á miðanum er mynd af jarðgöngum, en umhverfis myndina er letrað: THE TUNNEL PORTLAND CEMENT COMPANY LIMITED, LONDON. 228

Merkið er skrásett í London 2. desember 1911, 17. flokki, fyrir steinlím. Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 2. desember 1939.

Skrás. 1944, nr. 47.

Tilkynnt 20. júlí 1944, kl. 2 e. h., af Personna Blade Co., Inc., verksmiðju-rekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 26. júlí s. á.

Orðið:

PERSONNA

Samkvæmt tilkynningu 22. marz 1936, er merkið skrásett í Washington 18. ágúst 1936 fyrir rakblöð.

Skrás. 1944, nr. 48.

Tilkynnt 27. júlí 1944, kl. 10 f. h., af C. F. Taylor & Co., Limited, spunaiðnaður, Shipley, Yorkshire, Englandi, og skrásett 23. ágúst s. á.

Orðin:

Golden Eagle

yfir tveimur bandprjónum.

Merkið er skrásett í London 9. sept. 1937, 33. flokki, fyrir garn úr ull, ullarbandi [worsted] eða hári.

Skrás. 1944, nr. 49.

Tilkynnt 11. apríl 1944, kl. 10 f. h., af Conrad Razor Blade Co. Inc., verksmiðju-rekstur, Long Island City, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 30. ágúst. s. á.

Orðið:

GLIX


Samkvæmt tilkynningu 12. okt. 1931 er merkið skrásett í Washington 1. marz 1932 fyrir rakvélar og rakvélablöð.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 3. marz 1932.

228

Skrás. 1944, nr. 50.

Tilkynnt 11. apríl 1944, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 30. ágúst s. á.



Einkennismiði. Tveir ilangir réthyrndir fletir, sem eru að mestu leyti einlittir, en þverröndóttir í annan endann. Á einlita hlutanum stendur orðið CONRAD. Einnig standa þar orðin: REG. U. S. PAT. OFF. MADE IN U. S. A. Undir báðum flötunum standa orðin: DOUBLE-EDGE BLADES, og þar undir er ilangur flötur þverröndóttur. Fyrir ofan neðri flötinn standa milli tveggja lína orðin: Guaranteed by KONRAD RAZOR BLADE CO, INC., en þar undir LONG ISLAND CITY, New York. Undir neðri fletinum standa, milli tveggja lína, orðin: The ALL-AMERICA BLADE. Sitt hvorum megin við neðri flötinn stendur þversum milli tveggja lína: 4 BLADES 25.

Samkvæmt tilkynningu 8. febrúar 1932, er merkið skrásett í Washington 8. nóvember 1932 fyrir rakvélablöð.

Skrás. 1944, nr. 51.

Tilkynnt 11. apríl 1944, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 30. ágúst s. á.

Merkið:

E-Z-FLO

Samkvæmt tilkynningu 29. maí 1940, er merkið skrásett í Washington 25. marz 1941 fyrir rakvélar og rakvélablöð.

Skrás. 1944, nr. 52.

Tilkynnt 12. ágúst 1944, kl. 11 f. h., af Imperial Chemical Industries, Limited, verzlun og iðjurekstur, Slough, Buckinghamshire, Englandi, og skrásett 1. september s. á.

Orðið:

VYNIDE

Merkið er skrásett í London 1. marz og 18. ágúst 1943, 16., 18., 20. og 27. flokki, fyrir leðurduki, gervileður eða leðurlíki, allar vörur gerðar eingöngu eða aðallega

úr þessum efnum, efni til bókbands og því líks og svipuð efni til veggfóðrunar og 228 til notkunar á húsgögn.

Skrás. 1944, nr. 53.

Tilkynnt 28. ágúst 1944, kl. 11 f. h., af Motor Products Corporation, verksmiðju-
rekstur, Detroit, Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 1. septem-
ber s. á.

Orðið:

Deepfreeze

Samkvæmt tilkynningu 24. október 1940, er merkið skrásett í Washington 16.
september 1941 fyrir frystivélar og hluta úr þeim.

Skrás. 1944, nr. 54.

Tilkynnt 30. ágúst 1944, kl. 4 e. h., af Maiden Form Brassiere Company, Inc.,
verzlun, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 11. september s. á.

Orðin:


Maiden Form

skráð með venjulegu skriflettri með bogadreginni línu undir orðunum.

Samkvæmt tilkynningu 13. janúar 1936, er merkið skrásett í Washington 9.
nóvember 1937 fyrir lifstykki, höfuðbönd, sokkabönd, brjóststúkur, brjóstverjur,
mittisbönd, buxur og buxnabelti.

Skrás. 1944, nr. 55.

Tilkynnt 15. september 1944, kl. 3 e. h., af Scott & Turner, Limited, verksmiðju-
rekstur, Gallowgate, Newcastle-on-Tyne, Englandi, og skrásett 7. október s. á.



Ílangur einkennismiði. Á ofanverðum miðanum eru skráð orðin: ANDREWS,
EFFERVESCENT, ANDREWS, en á neðanverðum miðanum orðin INVIGORATING,
LAXATIVE, CLEANSING. — Miðinn er í þremur reitum og eru útreitirnir auðir,
nema hvað í öðrum stendur nafn og heimili tilkynnanda. Í miðreitnum er mynd

228 af vatnsglasi, sem fyllt er að $\frac{3}{4}$ hlutum af vökva. Ferhyrndur reitur sést fyrir aftan glasið, en fyrir ofan reitinn er skráð orðið ANDREWS og fyrir neðan LIVER SALT.

Merkið er skrásett í London 7. febrúar 1944, 5. flokki, fyrir lyfjasólt til notkunar við lifrarsjúkdómum í mönnum.

Skrás. 1944, nr. 56.

Tilkynnt 11. október 1944, kl. 11 f. h., af Mead Johnson & Company, framleiðsla og verzlun, Evensville, Indiana, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 8. nóvember s. á.



Orðið: MEADA'S skráð með upphafsstöfum venjulegs prentleturs á hvítum, hringmynduðum grunni, en á þeim grunni er lítill ferhyrningur fyrir ofan og neðan orðið MEAD'S. Á svörtum hring, sem umlykur hvíta grunninn, er skráð með hvítu lettri orðið SERVAMUS að ofan og orðið FIDEM að neðan, bæði orðin skráð með upphafsstöfum venjulegs prentleturs.

Samkvæmt tilkynningu 18. febrúar 1932, er merkið skrásett í Washington 12. júlí 1932, fyrir sérstaklega tilbúinn mat handa ungbörnum og sjúklingum, sérstaklega tilbúinn kornmat, bruggara-gerduft og nautabeinaduft til manneldis.

Skrás. 1944, nr. 57.

Tilkynnt 11. október 1944, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 8. nóvember s. á.



Orðið: MEAD'S skráð með upphafsstöfum venjulegs prentleturs á hvítum, hringmynduðum grunni, en á þeim grunni er lítill ferhyrningur fyrir ofan og neðan

orðið MEAD'S. Á svörtum hring, sem umlykur hvíta grunninn, er skráð með hvítu lettri orðið SERVAMUS að ofan og orðið FIDEM að neðan, bæði orðin skráð með upphafsstöfum venjulegs prentleturs. 228

Samkvæmt tilkynningu 28. marz 1932, er merkið skrásett í Washington 6. september 1932 fyrir þorskalýsi og viosterol (ultrafjólublár vínandi í föstu formi), það er að segja sterkt ergosterol (sveppáfengi í föstu formi) í olíu.

Skrás. 1944, nr. 58.

Tilkynnt 11. október 1944, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 8. nóvember s. á.



Orðið: MEAD'S skrá með upphafsstöfum venjulegs prentleturs, með hvítu lettri á svörtum grunni, sem líkist sporöskju.

Samkvæmt tilkynningu 10. júní 1939, er merkið skrásett í Washington 9. júlí 1940 fyrir viosterol, það er að segja sterkt ergosterol í olíu, lúðulýsi, lýsi úr lifur hrygg- og uggafiska (percomorphfiska); lýsi úr lifur hrygg- og uggafiska með malti og sírópi, þorskalýsi, styrkt með lýsi úr lifur percomorphfiska, þorskalýsi með viosterol, þorskalýsi, thiamín klórtöflur og C-vitaminsúrar töflur.

Skrás. 1944, nr. 59.

Tilkynnt 11. október 1944, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 8. nóvember s. á.



Orðið: MEAD'S skráð með upphafsstöfum venjulegs prentleturs með hvítu lettri á svörtum grunni, sem líkist sporöskju.

Samkvæmt tilkynningu 10. júní 1939, er merkið skrásett í Washington 12. marz 1940 fyrir sérstaklega tilbúna fæðu í duffformi handa börnum og unglingum, sérstaklega gerð kalkkennd ostefni til þess að búa til eggjahvítumjólk, nýmjólkurduft, sérstaklega tilbúinn kornmat, bættan matarefnum, sem hafa inni að halda stein-efni og fjörvi, bruggara-gerduft og töflur, nautabeinamjöl til manneldis, súrmjólk og eggjahvítumjólk.

Skrás. 1944, nr. 60.

Tilkynnt 11. október 1944, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 8. nóvember s. á.

Orðið:

PABLUM

skráð með upphafsstöfum venjulegs prentleturs.

Samkvæmt tilkynningu 13. júní 1933 er merkið skrásett í Washington 4. okt. 1932 fyrir sérstaklega gerða kornmatarfæðu, þar sem blandað er saman hveiti-

228 mjöli, haframjöli, gulkornmjöli, sem í hefur verið bætt hveitisæði, þurrkuðu geri, muldum og þurrkuðum alfaalfa blöðum og nautabeinamjöli búnu til manneldis.

Skrás. 1944, nr. 61.

Tilkynnt 11. október 1944, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 8. nóvember s. á.
Orðin:

DEXTRI-MALTOSE

skráð með upphafsstöfum í prentletri, með bandstriki á milli orðanna.

Samkvæmt tilkynningu 22. nóvember 1921, er merkið skrásett í Washington 18. apríl 1922 fyrir matarefni handa ungbörnum og sjúklingum.

Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 25. nóvember 1941.

Skrás. 1944, nr. 62.

Tilkynnt 11. október 1944, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 8. nóvember s. á.
Orðið:

PABENA

skráð með upphafsstöfum venjulegs prentleturs.

Samkvæmt tilkynningu 2. nóvember 1942, er merkið skrásett í Washington 16. marz 1943 fyrir matvörur handa ungbörnum, sjúklingum og fullorðnum, sem gerðar eru úr haframjöli, að viðbættu fjörvi og steinefnum, vandlega matbúið og þurrkað.

Skrás. 1944, nr. 63.

Tilkynnt 11. október 1944, kl. 11 f. h., af Pro-Phy-Lac-Tic Brush Company, framleiðsla, Northampton, Massachusetts, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 8. nóvember s. á.

Orðið:

MASSO

skráð með upphafsstöfum venjulegs prentleturs.

Samkvæmt tilkynningu 20. júlí 1928, er merkið skrásett í Washington 28. maí 1929 fyrir tannbursta.

Skrás. 1944, nr. 64.

Tilkynnt 11. október 1944, kl. 11 f. h., af Atlas Imperial Diesel Engine Co., iðja og verzlun, Oakland, California, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 8. nóvember s. á.

Orðin:

ATLAS IMPERIAL

skráð með upphafsstöfum venjulegs prentleturs.

Samkvæmt tilkynningu 22. janúar 1932, er merkið skrásett í Washington 24. maí 1932 fyrir dieselmótórvélar. 228

Skrás. 1944, nr. 65.

Tilkynnt 25. júlí 1944, kl. 11 f. h., af General Aniline & Film Corporation, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 9. nóvember s. á.

Orðið:



Samkvæmt tilkynningu 12. september 1908, er merkið skrásett í Washington 26. janúar 1909 fyrir ljósmyndapappír.

Tilkynnindi skráður eigandi merkisins frá 29. des. 1939.

Skrásetning merkisins hefur síðast verið endurnýjuð 1. janúar 1929.

Skrás. 1944, nr. 66.

Tilkynnt 25. júlí 1944, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 9. nóvember s. á.

Orðið:

Agfa

Samkvæmt tilkynningu 23. nóvember 1925, er merkið skrásett í Washington 20. júlí 1926 fyrir ljósmyndavélar og hluta úr þeim.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 29. desember 1939.

Skrás. 1944, nr. 67.

Tilkynnt 25. júlí 1944, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 9. nóvember s. á.

Orðið:

ANSCO

Samkvæmt tilkynningum 26. janúar 1940 er merkið skrásett í Washington 11. og 25. júní 1940 fyrir kemisk efni og efnablöndur og samsetning þeirra, til notkunar við ljósmyndagerð, ljósmyndavörur, sérstaklega ljósmyndavélar og filmur og næman ljósmyndapappír.

228

Skrás. 1944, nr. 68.

Tilkynnt 16. október 1944, kl. 2 e. h., af Motor Wheel Corporation, verzlun, Lansing, Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 18. nóvember s. á.
Orðið:

DUO-THERM

Samkvæmt tilkynningu 25. júlí 1935 er merkið skrásett í Washington 11. febr. 1936 fyrir oliubrennara og oliuofna til hitunar og oliueldavélar til matarsuðu.

Skrás. 1944, nr. 69.

Tilkynnt 16. október 1944, kl. 11 f. h., af Transworth Television & Radio Corporation, verzlun, Fort Wayne, Indiana, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 18. nóvember s. á.

Orðið:

Panamuse

Samkvæmt tilkynningu 15. júní 1938, er merkið skrásett í Washington 25. okt. 1938 fyrir sambyggð útvarpsviðtæki og sjálfvirka hljóðrita (phonographs).

Skrás. 1944, nr. 70.

Tilkynnt 16. okt. 1944, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 18. nóvember s. á.
Orðið:

Capehart

Samkvæmt tilkynningu 27. janúar 1941 er merkið skrásett í Washington 27. maí 1941 fyrir sambyggð útvarpsviðtæki og sjálfvirka hljóðrita (phonographs).

Skrás. 1944, nr. 71.

Tilkynnt 26. okt. 1944, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 18. nóv. s. á.
Orðið:

Transworth

Samkvæmt tilkynningu 24. okt. 1936, er merkið skrásett í Washington 27. apríl 1937 fyrir radiosenditæki og radioviðtæki, sjónvarpssenditæki og sjónvarpsviðtæki, sjónvarpsmyndavélar til myndkönnunar eftir electronuaðferðinni og tilheyrandi hluti ásamt myndtíðni- og hljóðtíðnimögnurum, sjónvarpsvélar til myndkönnunar kvikmynda ásamt sveifluföskum fyrir samfösunarmerki og formögnurum, háspennu- og lágspennuorkugjafa og loftnetsbúnað, tæki í sjónvarpssal fyrir hljóðtíðni og myndtíðni, hátíðniorkulínur og myndsjá fyrir sjónvarpsgæzlu, electrónumargfaldara, sveiflufaka og mótorá, tíðnimargfaldara og mögnunarstig til einangrunar, sveiflufaka fyrir skábylgjukönnun, sveiflufaka fyrir millilínukönnun og sveiflufaka fyrir allar tíðnir, enn fremur hluta af ofantöldum samstæðum. 228

Skrás. 1944, nr. 72.

Tilkynnt 27. október 1944, kl. 10 f. h., af A. L. Mailman, J. L. Mailman Estate of Sarah Mailman (A. L. Mailman og J. L. Mailman Executors), Mary M. Langner, Bessie M. Kraus og Otto E. Kraus, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 21. nóv. s. á.

Orðið:

TOKEN

Samkvæmt tilkynningu 18. apríl 1930 er merkið skrásett í Washington 9. sept. 1930 fyrir rakblöð.

Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 16. desember 1942.

Skrás. 1944, nr. 73.

Tilkynnt 16. nóv. 1944, kl. 2 e. h., af John Walker & Sons, Limited, framleiðsla, London, Englandi, og skrásett 21. nóv. s. á.



Ílangur, réttþyrndur einkennismiði. Til vinstri er mynd af tveimur hjórum, er standa hvor sinu megin við eins konar skjaldarmerki, sem á eru skráðir stafirnir W & S. Fyrir ofan merkið er hönd, og í kringum það er lettað á boga: Confido Gold Berry. Auk þessarar myndar er lettað eftirfarandi á einkennismiðann: Old Scotch Whisky — John Walker & Sons Ltd., Kilmarnock.

Merkið er skrásett í London 23. maí 1882, 43. flokki, fyrir hvers konar vínföng.

Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 30. maí 1923 og skrásetning merkisins síðast endurnýjuð 23. maí 1938.

228

Skrás. 1944, nr. 74.

Tilkynnt 18. sept. 1944, kl. 2 e. h., af Efnagerð Siglufjarðar h.f., efna- og gosdrykkjagerð, Siglufirði, og skrásett 24. nóv. s. á.



Einkennismiði. Efst er blár þríhyrningur með grænum blöðum og rauðum ávöxtum. Á ská yfir þveran miðann er gulur reitur með orðunum: Valash, prentað með rauðu og ÁVAXTADRYKKUR HRESSANDI BLÓÐAUKANDI SVALANDI, prentað með bláum upphafsstöfum. Þar undir er blár þríhyrningur með grænum blöðum og rauðum ávöxtum heilum og sundurskornum. Neðst er dökk rönd með rauðu letri og stendur á henni: EFNAGERÐ SIGLUFJARÐAR H.F., SIGLUFIRÐI.

Merkið er skrásett fyrir gosdrykki úr appelsínusafa og ber að skoða orðið Valash sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir þessa vörutegund.

Skrás. 1944, nr. 75.

Tilkynnt 4. des. 1944, kl. 2 e. h., af Aktiebolaget Electrolux, verksmiðjurekstur, Stokkhólmi, Svíþjóð, og skrásett 29. s. m.

Orðið:

ELECTROLUX

með upphafsstöfum venjulegs prentleturs.

Samkvæmt tilkynningu 3. des. 1927, er merkið skrásett í Stokkhólmi 17. jan. 1928 fyrir ljós-, hitunar-, suðu-, þurrkunar- og loftræstingartæki, vatnsleiðslu-, bað- og vatnssalernislagnir, óunna og að nokkru unna málma aðra en góðmálma, hnífa og skæri og þess háttar eggjárn, ljái, sigðir, högg og lagvopn, gleraðar og tinhúðaðar vörur, efni í járnbrautaryfirbyggingar, járnvörur, lása og smíðatól, málm-spengur, vörur úr málmþræði og málmþynnum, akkeri, keðjur, stálkúlur, málm-spengur á aktygi, klukkur og bjöllur, skauta, peningaskápa og geymsluhólf, vél-unnin „profil“ járn, valsaða og steypa hluta til bygginga, vélahluta, farartæki (þó

ekki reiðhjól) til ferða á landi, sjó og í lofti, svo og hluta í þau, bifreiðir með öllu tilheyrandi, eldsneyti, vax, ljósmeti, olíu og feiti á vélar, smurningsfeiti, benzín, kerti, náttlampa, kveiki, lækna-, hjúkrunar-, björgunar- og slökkvitæki og áhöld, eðlisfræði-, efnafræði, ljósfræði-, landmælinga-, sjómælinga- og raffræðileg, vogar-, merkja-, athugunar- og myndavélar, tæki og áhöld, vogir, vélar og vélahluta, véla-reimar, pípur (slangar), sjálfsala, peningshúsa-, garðyrkju- og landbúnaðarverk-færi, efni til að forða með matvælum frá skemmdum, bursta, burstavörur, slökkvi-tæki, þéttiefni og þéttihringa, hita- og rafmagnseinangrunarefni, asbestvörur (þó ekki gúm), gasglóðarlampa, lóðlampa, olíu- og gasvélar alls konar, ryksugur alls konar, svo og varahluta í þær og allt tilheyrandi, áhöld, vélar og verkfæri til gólf-hirðingar og húsgagna, sérstaklega gljávélar og áhöld, gljábursta, gljávax og olíur, kælítæki og kælivélar, kæliskápa og kælilagnir alls konar, svo og hluta úr þeim og allt tilheyrandi, upphvotta- og þvottavélar og áhöld alls konar, vatnshreinsunar- og vatnsmýkingaráhöld og lagnir alls konar svo og varahluti og allt tilheyrandi, sér-staklega vatnssíur, síuefni, sem mýkir vatn, smáhreyfla alls konar, mæli-, grein-ingar- og eftirlitstæki fyrir gas, svo og brennara alls konar, búsáhöld, vélar og verkfæri allra tegunda, alls konar eldhúsáhöld, svo og hluta úr þeim og allt til-heyrandi, einnig þerriklúta og rykþurrkur.

Skrásetning merkisins er síðast endurnýjuð 10. janúar 1938.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 43 13. nóvember 1903, um vörumerki, hafa eftir-greind merki verið **endurnýjuð** á árinu:

Skrás. 1914, nr. 7.

H.f. Eimskipafélag Íslands, Reykjavík, frá 6. júní.

Skrás. 1924, nr. 1.

Norsk Hydro-Elektrisk Kvælstofaktieselskab, Oslo, Noregi, frá 10. janúar.

Skrás. 1924, nr. 2.

Sjóváttryggingarfélag Íslands, Reykjavík, frá 10. janúar.

Skrás. 1924, nr. 6.

General Motors Corporation, Detroit, Michigan, U. S. A., frá 1. febrúar.

Skrás. 1924, nr. 8.

H.f. Hreinn, Reykjavík, frá 7. marz.

Skrás. 1924, nr. 9.

Aktieselskabet Aalborg Portland-Cement-Fabrik, Aalborg, Danmörku, frá 27. marz.

Skrás. 1924, nr. 10.

J. Wix & Sons, Limited, London, Englandi, frá 27. marz.

228

Skrás. 1924, nr. 14.

Det Danske Petroleum-Aktieselskab, Kaupmannahöfn, frá 27. marz.

Skrás. 1924, nr. 24.

Mishawaka Rubber and Woolen Manufacturing, Company, Mishawaka, Indiana, U. S. A., frá 12. júní.

Skrás. 1924, nr. 25.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 31.

Colgate-Palmolive Peet Company, Chicago, Illinois, A. S. A., frá 5. júlí.

Skrás. 1924, nr. 32.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1924, nr. 37.

Hlutfélagið „Hamar“, Reykjavík, frá 23. ágúst.

Skrás. 1924, nr. 38.

Aarhus Oliefabrik A/S, Aarhus, Danmörku, frá 17. október.

Skrás. 1924, nr. 39.

The B. F. Goodrich Company, New York, U. S. A., frá 22. nóvember.

Skrás. 1934, nr. 1.

Sandvikens Jernverks Aktiebolag, Sandviken, Svíþjóð, frá 23. janúar.

Skrás. 1934, nr. 2.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1934, nr. 3.

Hlutfélagið „Shell“ á Íslandi, Reykjavík, frá 1. febrúar.

Skrás. 1934, nr. 4.

Standard Oil Company of New Jersey, Wilmington, Delaware, og New York, N. Y., U. S. A., frá 1. febrúar.

Skrás. 1934, nr. 5.

Olíuverzlun Íslands, h.f., Reykjavík, frá 1. febrúar.

Skrás. 1934, nr. 6.

Sami, frá s. d.

228

Skrás. 1934, nr. 7.

Lever Brothers, Port Sunlight, Limited, Port Sunlight, Cheshire, Englandi, frá 16. febrúar.

Skrás. 1934, nr. 10.

Peter Larsen Mogensen, Reykjavík, frá 10. apríl.

Skrás. 1934, nr. 11.

Otto Mönsted A/S, Kaupmannahöfn, frá 21. apríl.

Skrás. 1934, nr. 12.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1934, nr. 13.

Aktieselskabet H. E. Gosch & Co. Tændstikfabriker og Aktietændstikfabrikken Godthaab, Kaupmannahöfn, frá 11. maí.

Skrás. 1934, nr. 14.

Sælgætis- og efnagerðin Freyja h.f., Reykjavík, frá 22. maí.

Skrás. 1934, nr. 17.

Socony-Vacuum Oil Comp., Inc., New York, U. S. A., frá 29. maí.

Skrás. 1934, nr. 18.

Standard Oil Company of New Jersey, Wilmington, Delawere, og New York, N. Y., U. S. A., frá 29. maí.

Skrás. 1934, nr. 20.

John Ellerup, Seyðisfirði, frá 31. maí.

Skrás. 1934, nr. 26.

Georg Plauge, Hamborg, Þýskalandi, frá 7. september.

Skrás. 1934, nr. 27.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1934, nr. 28.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1934, nr. 29.

The General Electric Company, Ltd., London, Englandi, frá 7. september.

228

Skrás. 1934, nr. 30.

Stanco Incorporated, Wilmington, Delaware, og New York, N. Y., U. S. A., frá 14. september.

Skrás. 1934, nr. 35.

Junkers & Co., G. m. b. H., Dessau (Anh.), Þýskalandi, frá 27. október.

Skrás. 1934, nr. 36.

General Motors Corporation, Detroit, Michigan, U. S. A., frá 27. október.

Skrás. 1934, nr. 38.

Aspro, Limited, London, Englandi, frá 16. nóvember.

Enn fremur hafa verið afmáð úr vörumerkjaskránni samkvæmt 10. og 12. gr. sömu laga:

Skrás. 1934, nr. 15.

H.f. Svanur, Reykjavík, frá 22. maí.

Skrás. 1934, nr. 19.

Hljóðfærahus Reykjavíkur, Reykjavík, frá 29. maí.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desember 1944.

Páll Pálmason.

229

VÍSITALA

framfærslukostnaðar í Reykjavík árið 1944.

Í janúar	263 stig	Í júlí	266 stig
- febrúar	263 —	- ágúst	266 —
- marz	265 —	- september	272 —
- apríl	266 —	- október	271 —
- maí	270 —	- nóvember	271 —
- júní	268 —	- desember	273 —

230

HÚSALEIGUVÍSITALA

Fyrir fyrsta ársfjórðung 1944	135 stig
Fyrir annan ársfjórðung 1944	136 —
Fyrir þriðja ársfjórðung 1944	137 —
Fyrir fjórða ársfjórðung 1944	136 —

EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

5. janúar var Jón E. Thorlacius löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi úr og á ensku.

6. janúar var ungrú Erla Bjarnadóttir skipuð skrifari í utanríkisráðuneytinu frá 1. s. m. að telja.

S. d. var ungrú Þorgerður Jörundsdóttir skipuð skrifari í utanríkisráðuneytinu frá 1. s. m. að telja.

S. d. var Ólafur Björnsson cand. juris settur aðstoðarmaður í utanríkisráðuneytinu.

21. janúar var Pétur Benediktsson skipaður sendiherra Íslands og ráðherra með umboði hjá stjórn Sovietríkjanna.

28. janúar var dr. Kristinn Guðmundsson menntaskólakennari skipaður skattstjóri á Akureyri, Þorvaldur Árnason bæjargjaldkeri skattstjóri í Hafnarfirði og Matthías Ásgeirsson útgerðarmaður skattstjóri á Ísafirði, allir til 6 ára frá 1. febrúar þ. á. að telja.

31. janúar var Pétri Benediktssyni veitt lausn frá störfum sem sendiherra Íslands og ráðherra með umboði hjá konungi Stóra-Bretlands og sem sendiherra Íslands og ráðherra með umboði hjá Noregskonungi.

S. d. var Stefán Þorvarðsson leystur frá störfum sem skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu.

S. d. var Stefán Þorvarðsson skipaður sendiherra Íslands og ráðherra með umboði hjá konungi Stóra-Bretlands og sendiherra Íslands og ráðherra með umboði hjá konungi Noregs.

S. d. var Agnar Kl. Jónsson deildarstjóri settur skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu.

3. febrúar var Ingvar Brynjólfsson skipaður fastur aukakennari við Menntaskólann í Reykjavík frá 1. janúar s. l. að telja.

8. febrúar var Guðbrandur Magnússon skipaður kennari við gagnfræðaskólann á Siglufirði frá 1. janúar s. l. að telja.

11. febrúar var Jóni Péturssyni, sóknarpresti að Kálfafellsstað, veitt lausn frá embætti frá næstu fardögum að telja.

29. marz var Sigurður Hafstað cand. juris settur aðstoðarmaður í utanríkisráðuneytinu.

30. marz var Ólafur Björnsson cand. juris skipaður aðstoðarmaður í utanríkisráðuneytinu frá 1. apríl þ. á. að telja.

4. apríl var séra Ragnari Benediktssyni, sóknarpresti í Hruna, veitt lausn frá embætti frá næstu fardögum að telja.

Jakob Kristinsson fræðslumálastjóri hefur fengið lausn frá embætti frá 1. ágúst 1944 að telja.

24. apríl var Helgi Eliasson fulltrúi skipaður fræðslumálastjóri frá 1. ágúst n. k. að telja.

S. d. var Sigurði Einarssyni docent veitt lausn frá kennaraembætti við guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. maí n. k. að telja.

S. d. var Sigurður Einarsson skipaður skrifstofustjóri fræðslumálaskrifstofunnar frá 1. ágúst n. k. að telja.

13. maí var Bjarni Guðmundsson ráðinn blaðafulltrúi í utanríkisráðuneyti Íslands fyrst um sinn um þriggja mánaða skeið.

29. maí var Pétur Thorsteinsson cand. juris settur aðstoðarmaður í utanríkisráðuneytinu fyrst um sinn.

31. maí var Kjartan Ragnars cand. juris skipaður fulltrúi í fjármálaráðuneytinu frá 1. júní þ. á. að telja.

12. júní var dr. phil. Þorkell Jóhannesson landsbókavörður skipaður til þess að vera prófessor í sögu við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. september að telja.

S. d. var Finnur Sigmundsson mag. art. skipaður til þess að vera landsbókavörður við Landsbókasafn Íslands frá 1. september að telja.

15. júní var sóknarprestinum í Eydalaprestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi, séra Hermanni Hjartarsyni, veitt lausn frá embætti frá 1. þ. m. að telja.

S. d. var cand. theol. Sveinbjörn Sveinbjörnsson skipaður til þess að vera sóknarprestur í Hrunaprestakalli í Árnesprófastsdæmi frá fardögum 1944 að telja.

S. d. var séra Pétur T. Oddsson, áður sóknarprestur í Hofsprestakalli í Álftafirði, S.-Múlaprófastsdæmi, skipaður til þess að vera sóknarprestur í Hvammsprestakalli í Dalaprófastsdæmi frá fardögum 1944 að telja.

S. d. var Þorsteinn Björnsson, áður settur sóknarprestur í Strandaprestakalli í V.-Ísafjarðarprófastsdæmi, skipaður til þess að vera sóknarprestur í tóðu prestakalli frá fardögum 1944 að telja.

S. d. var Jón Kr. Ísfeld, áður sóknarprestur í Rafnseyrarprestakalli í V.-Ísafjarðarprófastsdæmi, skipaður til þess að vera sóknarprestur í Bildudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi frá fardögum 1944 að telja.

20. júní var Agnar Kl. Jónsson skipaður skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu.

28. júní var sóknarprestinum í Hestþingaprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi, dr. Eiríki Albertssyni, veitt lausn frá embætti frá 1. júní þ. á. að telja.

1. júlí var Harald Vigmo cand. med. & chir. settur til þess fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, að gegna héraðslæknisembættinu í Hróarstunguhéraði frá þeim degi að telja.

11. júlí var Torfi Hjartarson tollstjóri settur til að vera varasáttasemjari í 1. sátta-umdæmi til 1. október næstkomandi.

S. d. var forstöðukonu Málleysingjaskólans, frú Margréti Rasmus, veitt lausn frá embætti frá 1. september n. k. að telja.

S. d. var Brandur Jónsson málleysingjakennari settur til þess að vera forstöðu- maður skólans frá sama tíma að telja.

S. d. voru þessir menn skipaðir í orðunefnd hinnar íslenzku fálkaorðu frá þeim degi að telja: Jóhannes Jóhannesson fyrrv. bæjarfógeti, Str. F. með stjórnun, formaður nefndarinnar, Magnús Sigurðsson bankastjóri, Str. F., Vigfús Einarsson skrifstofustjóri, Str. F., Sigurður Halldórsson trésmíðameistari, R. F., og Pétur Eggerz, forsetaritari, orðuritari.

Prófessor Matthías Þórðarson þjóðminjavörður, Str. F. með stjórnun, er skipaður varamaður hinna fjögurra fyrst töldu nefndarmanna.

12. júlí var Hörður Bjarnason húsameistari skipaður skipulagsstjóri frá 1. júlí þ. á. að telja.

12. ágúst var Þórarinn Sveinsson skipaður kennari við alþýðuskólann á Eiðum frá 1. október n. k. að telja.

Vegna utanfarar utanríkis- og atvinnumálaráðherra Vilhjálms Þór hefur forsetinn falið forsætisráðherra, dr. Birni Þórðarsyni ráðherrastörf hans, önnur en utanríkismál, en meðferð þeirra er falin fjármálaráðherra Birni Ólafssyni.

17. ágúst var Lúðvík Norðdahl Davíðsson skipaður héraðslæknir í Selfosshéraði frá 1. janúar 1945 að telja.

S. d. var Arngrímur Björnsson skipaður héraðslæknir í Ólafsvíkurhéraði frá 1. október n. k. að telja.

23. ágúst var Friðrik Hjartar skipaður skólastjóri barnaskólans á Akranesi frá 1. september þ. á. að telja.

Frá 1. september hefur hæstaréttardómari Þórður Eyjólfsson verið kjörinn forseti hæstaréttar.

7. september var Árni Tryggvason, settur borgardómari, skipaður borgardómari í Reykjavík frá 15. s. m. að telja.

S. d. var Kristján Kristjánsson, settur borgarfógeti, skipaður borgarfógeti í Reykjavík frá 15. s. m. að telja.

12. september var Sigurður Hafstað lögfræðingur skipaður aðstoðarmaður í utanríkisráðuneytinu frá 1. s. m. að telja.

13. september var Vernharð Þorsteinsson skipaður fastur aukakennari við menntaskólann á Akureyri frá 1. okt. s. á. að telja.

16. september veitti forsetinn ráðuneyti dr. Björns Þórðarsonar lausn frá embætti, en fól því að starfa áfram unz annað ráðuneyti yrði myndað.

21. september var dr. juris Einari Arnórssyni, dóms- og menntamálaráðherra, veitt lausn frá ráðherraembætti frá þeim degi að telja.

Jafnframt var gefinn út forsetaúrskurður um, að dr. juris Birni Þórðarsyni forsætisráðherra, væru falin störf þau, er Einar Arnórsson hafði með höndum sem ráðherra.

S. d. var fyrrverandi dómsmálaráðherra, dr. juris Einar Arnórsson, skipaður dómari í hæstarétti frá þeim degi að telja.

S. d. var Ólafur Björnsson skipaður ráðunautur við sendiráð Íslands í London frá 1. ágúst þ. á. að telja.

S. d. var Magnús Vignir Magnússon skipaður 1. sendiráðsritari við sendiráð Íslands í Washington frá 1. sept. þ. á. að telja.

22. september var Leifur Eyjólfsson skipaður kennari við barnaskólann að Sel-fossi frá 1. s. m. að telja.

S. d. var Jónas Geir Jónsson skipaður kennari við barnaskólann á Húsavík frá 1. s. m. að telja.

25. september var Stefáni Guðnasyni, héraðslækni í Svarfdælahéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. nóv. n. k. að telja, sakir heilsubrests.

4. október var Jón Gunnlaugsson stjórnarráðsfulltrúi ráðinn til þess að vera útgefandi Stjórnartíðindanna frá 1. janúar n. á. að telja.

9. október var sóknarprestinum í Landeyjaþingaprestakalli, séra Jóni Skagan, veitt lausn frá embætti frá 1. júní 1945 að telja.

10. október var sr. Sigurbjörn Einarsson skipaður docent í guðfræði við Háskóla Íslands frá þeim degi að telja.

Eftirgreindir menn hafa verið skipaðir dómendur í Félagsdómi um þriggja ára skeið, frá 1. okt. 1944 að telja: Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari, forseti dómsins, Gunnlaugur E. Briem stjórnarráðsfulltrúi, Árni Tryggvason borgardómari, Jón Ásbjörnsson hæstaréttarlögmaður og Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður.

12. október voru eftirgreindir kennarar skipaðir við Laugarnesskólann í Reykjavík frá 1. sept. þ. á. að telja: Skeggi Ásbjarnarson, Vigdís Björnsdóttir, Klemenz Þorleifsson, Magnús Einarsson, Jónas Þ. Guðjónsson, Eiríkur Stefánsson og Ingólfur Guðbrandsson.

16. október var dr. Broddi Jóhannesson skipaður kennari við Kennaraskólann frá 1. s. m. að telja.

17. október var Bragi Ólafsson skipaður héraðslæknir í Eyrarbakkahéraði frá 1. janúar 1945 að telja.

18. október var Kristín Jóhannesdóttir skipuð kennari við barnaskólann í Skutulsfirði frá 1. sept. að telja.

20. október var Kolbeinn Thordarson skipaður vararæðismaður Íslands í Seattle.

S. d. var Steingrímur Octavíus Thorláksson skipaður vararæðismaður Íslands í San-Francisco.

S. d. var Stanley Ólafsson skipaður vararæðismaður Íslands í Los Angeles.

Á ríkisráðsfundi hinn 21. október skipaði forseti Íslands Ólaf Thors alþingismað, forsætisráðherra í ráðuneyti Íslands, og með honum í ráðuneytið Áka Jakobs-son alþingismað, sem atvinnumálaráðherra, Brynjólf Bjarnason alþingismað, sem menntamálaráðherra, Emil Jónsson alþingismað, sem samgöngumálaráðherra, Finn Jónsson alþingismað, sem félagsmála- og dómsmálaráðherra, og Pétur Magnússon alþingismað, sem fjármálaráðherra.

23. október var ungrú Svanhildur Ólafsdóttir skipuð fulltrúi í utanríkisráðuneytinu frá 1. nóvember þ. á. að telja.

25. október voru eftirgreindir menn skipaðir í nefnd, er úrskurða skal um undanþágu frá samfloti skipa, sbr. lög nr. 47/1943: Kristján H. Jónsson hafnsögumaður, Ísafirði, form. nefndarinnar, Árni Magnússon sjómaður, Ísafirði, og Björgvin Bjarnason útgerðarmaður, Ísafirði.

S. d. var Axel verkfræðingur Sveinsson settur vitamálastjóri fyrst um sinn.

31. október var Daniel Á. Danielsson skipaður héraðslæknir í Svarfdælahéraði frá 1. n. m. að telja.

1. nóvember var Henrik Sveinsson Björnsson cand. juris skipaður deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu frá 1. okt. þ. á. að telja.

14. nóvember voru Ármann Helgason og Bragi Sigurjónsson skipaðir kennarar við gagnfræðaskólann á Akureyri frá 1. okt. þ. á. að telja.

S. d. var Sveinbjörn Árnason skipaður skólastjóri við barnaskólann í Gerðum í Gullbringusýslu frá 1. sept. þ. á. að telja.

S. d. var Sveinn Halldórsson skipaður kennari við sama skóla frá 1. sept. þ. á. að telja.

Jón Eiríksson lögfræðingur hefur verið settur skattstjóri í Vestmannaeyjum frá 1. janúar n. k. að telja, unz öðruvísi verður ákveðið.

27. nóvember var Birni Sigurðssyni, héraðslækni í Miðfjarðarhéraði, veitt lausn frá embætti frá næstu áramótum að telja.

1. desember var Guðjón Klemensson skipaður héraðslæknir í Hofsóshéraði frá 1. janúar 1945 að telja.

8. desember voru eftirgreindir menn skipaðir í nýbyggingarráð samkv. 2. gr. laga nr. 62 27. nóv. 1944: Jóhann Þ. Jósefsson alþm., formaður, Einar Olgeirsson alþm., varaformaður, Erlendur Þorsteinsson framkvæmdastjóri og Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri.

20. desember var Ingólfi Gíslasyni, héraðslækni í Berufjarðarhéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar n. k. að telja.

21. des. voru þeir Haukur Helgason bankabókari, Ísafirði, og Kjartan Ólafsson, bæjarfulltrúi, Hafnarfirði, skipaðir í Viðskiptaráð frá 1. jan. n. k. í stað Jóns Guðmundssonar skrifstofustjóra og Gunnlaugs E. Briem fulltrúa, er láta af störfum í ráðinu frá sama tíma. Enn fremur var Friðfinnur Ólafsson viðskiptafræðingur skipaður varamaður í ráðinu.

Í Viðskiptaráði eru því frá næstu áramótum:

Svanbjörn Frimannsson, formaður,

Haukur Helgason bankabókari,

Kjartan Ólafsson bæjarfulltrúi,

dr. Oddur Guðjónsson hagfræðingur og

Sigtryggur Klemensson fulltrúi.

Tveir hinir síðasttöldu vikja sæti þegar Viðskiptaráð fer með verðlagsmál, og taka þá sæti þeirra:

Gylfi Gíslason docent og

Ólafur Björnsson docent.

Varamenn í Viðskiptaráði eru:

Einar Bjarnason stjórnarráðsfulltrúi, varaformaður,

Gylfi Gíslason docent,

Klemens Tryggvason hagfræðingur,

Björn Steffensen endurskoðandi og

Friðfinnur Ólafsson viðskiptafræðingur.

28. desember var séra Sigurjón Þ. Árnason, sóknarprestur í Vestmannaeyjum, skipaður sóknarprestur í Hallgrímsprestakalli í Reykjavíkúrprófastsdæmi frá 1. jan. 1945 að telja.

Árni læknir Jónsson hefur verið skipaður héraðslæknir í Egilsstaðahéraði frá 1. janúar 1945 að telja.

Þorsteinn Símonarson lögreglustjóri hefur verið skipaður bæjarfógeti í Ólafsfjarðarkaupstað frá 1. janúar 1945 að telja.

SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

8. janúar skipaði stjórn æðsta ráðs Sovétríkjanna Alexei Nikolaevich Krassilnikov til þess að vera sendiherra Sovétríkjanna og ráðherra með umboði á Íslandi.

Sendiherrann afhenti ríkisstjóra Íslands embættisskilríki sín 19. marz þ. á.

Samkvæmt tilkynningu sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi, Alexei Nikolaevich Krassilnikov, er starfsmannaskrá sendiráðs Sovétríkjanna svo hljóðandi:

Ivan Judaevich Korchagin, fyrsti sendiráðsritari,

Pavel Lazarevich Egorov, annar sendiráðsritari,

Nikolai Andreevich Gusev, ráðunautur.

16. febrúar var Benjamin M. Hulley, 2. sendiráðsritari við ameríska sendiráðið í Reykjavík, veitt bráðabirgðaviðurkenning sem ræðismanni Bandaríkjanna í Reykjavík.

S. d. var Francis L. Spalding, 2. sendiráðsritara við ameríska sendiráðið í Reykjavík, veitt bráðabirgðaviðurkenning sem vararæðismanni Bandaríkjanna í Reykjavík.

14. apríl var vararæðismanni Svía í Reykjavík, Magnúsi Kjaran, veitt ræðismannsnafnbót.

8. maí var Ole Kiilerich ritstjóri viðurkenndur ráðunautur við sendiráð Dana í Reykjavík.

Norska aðalræðismanninum í Reykjavík, Henry Bay, hefur verið veitt leyfi frá störfum um þriggja mánaða skeið frá 20. maí 1944 að telja.

Í forföllum hans gegnir Otto Kildal ræðismaður störfum hans.

3. júní var Guðlaugi Gíslasyni framkvæmdastjóra, Skólavegi 21, Vestmannaeyjum, veitt bráðabirgðaviðurkenning sem sænskum vararæðismanni í Vestmannaeyjum.

14. júní afhenti herra Louis G. Dreyfus ríkisstjóra Íslands embættisskilríki sín sem sendiherra og ráðherra með umboði Bandaríkjanna hér.

Jafnframt afhenti herra Dreyfus ríkisstjóra embættisskilríki sem sérstakur ambassador forseta Bandaríkjanna við stofnun lýðveldis á Íslandi.

Enn fremur afhenti herra Dreyfus ríkisstjóra afturköllunarbréf fyrirrennara síns, herra Leland B. Morris sendiherra.

Ríkisstjórnin hefur hinn 15. þ. m. veitt herra Benjamin M. Hully viðurkenningu sem ræðismanni Bandaríkjanna hér.

17. júní afhenti herra Edward Gerald Henry Shepherd forseta Íslands embættisskilríki sín sem sérstakur ambassador Hans Hátignar Bretakonungs hér.

23. júní afhenti herra Shepherd forseta Íslands embættisskilríki sín, sem sérlegur sendiherra og ráðherra með umboði Bretakonungs hér.

4. ágúst var Francis L. Spalding veitt viðurkenning sem ræðismanni Bandaríkjanna N.-Ameríku, með aðsetri í Reykjavík.

18. ágúst var Guðlaugi Gíslasyni veitt viðurkenning sem vararæðismanni Svía, með aðsetri í Vestmannaeyjum.

29. ágúst var William Mitchell Carse, brezkum aðalræðismanni hér, falið að gegna störfum í Thorshavn.

Í hans stað hefur Sigurði B. Sigurðssyni verið falið að gegna störfum brezka aðalræðismannsins hér um sinn.

7. september var Harold Alexander Chambers, brezkum vararæðismanni hér, falið að gegna störfum annars staðar.

16. september lét Ole Küllerich af störfum sem ráðunautur við sendiráð Dana í Reykjavík.

1. nóvember fékk Friðjón Stefánsson bráðabirgðaviðurkenningu sem sænskur vararæðismaður á Seyðisfirði og Eskifirði.

30. desember lét August W. S. Esmarch af störfum sem sendiherra Norðmanna á Íslandi.

Hefur Henry Bay aðalræðismanni verið falin forstaða norska sendiráðsins sem Charge d'Affaires ad interim, þar til öðruvísi verður ákveðið.

EINKALEYFI

Hinn 26. janúar 1944 var Samuel Hird Milne, Edinborg, Skotlandi, og forstjóra John Innes Metvin, Edinborg, Skotlandi, skiptaforstjórum, samkvæmt erfðaskrá Samuel Milne, Edinborg, Skotlandi, veitt einkaleyfi nr. 143, á endurbótum á eða í sambandi við að leysa upp óunnin, trefjótt efni til pappírsgerðar og í öðrum tilgangi.

Hinn 13. maí 1944 var Gorton-Pew Fisheries Company, Ltd., Gloucester, Massachusetts, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 144, á aðferð og áhaldi til að hreistra fisk.

Hinn 26. september 1944 var Kristian Bjordal skipstjóra og Giertsen & Co., Bergen, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 145, á fiskineti.

